**REYKINGARÁÐGJÖF**
*Góð leið til að hætta að reykja*
Heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR**
*Fótboltamamma af guðs náð*
Sérblað um Hafnarfjörð
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**EINAR ÁGÚSTSSON**
*Leigubílastríð í uppsögningu í Hafnarfirði*
Nýir eigendur BSH sakaðir um skæruhernað
FÓLK 38




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. maí 2007 — 117. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



**Harry kveður vinina**
Breski prinsinn bæði hræddur og spenntur fyrir Íraksförinni.
FÓLK 28

**Það er hægt að gera betur**
„Íslensk börn og ungmenni þurfa meiri tíma með foreldrum sínum. Við verðum að gera börnum og foreldrum kleift að eiga fleiri samverustundir,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Í DAG 20

**Í góðum hópi**



Björgólfur Thor Björgólfsson og Bakkavararbræður ofarlega á lista yfir ríkustu menn Bretlands.
FÓLK 38

**HK spáð 10. sæti**
Landsbankadeild karla í fótbolta hefst 12. maí. Fréttablaðið er byrjað að telja niður og birtir spá sína næstu daga.
ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM HLÝTT NORÐAN OG AUSTAN TIL** Í dag verður suðaustan átt 5-10 m/s með ströndum sunnan og vestan til, annars mun hægari. Léttskýjað norðaustan og austan til en skýjað og sums staðar væta vestan til. Hiti 10-21 stig.
VEÐUR 4






**TÍMAMÓT Í SÖGU GLITNIS** Bjarni Ármannsson lét af störfum hjá Glitni í gær eftir tíu ára starf. Við hlið hans standa nýr forstjóri, Lárus Welding, til vinstri, og Þorsteinn M. Jónsson, stjórnarformaður Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Miklar sviptingar hjá Glitni:

## Ný stjórn og nýr forstjóri

**VIÐSKIPTI** Bjarni Ármannsson hefur látið af störfum sem forstjóri Glitnis eftir tíu ára starf fyrir Glitni og forvera hans. Eftirmaður hans er Lárus Welding sem hefur verið yfir útibúi Landsbankans í Lundúnum.

Stjóraskiptin komu í kjölfar hluthafafundar í gær þar sem fimm nýir stjórnarmenn voru kjörnir. Þorsteinn M. Jónsson, stjórnarformaður Vífilfells, tekur við stjórnarformennsku.

Bjarni kveður Glitni sáttur og ætlar að vinna með Lárusi að kynna forstjóraskiptin fyrir starfsmönnum og viðskiptavinum. „Þetta hefur átt sér skamman aðdraganda en auðvitað er svona ferli ekki talið í dögum.“ - eþa / sjá síður 4 og 21

# Atlantsolía ósátt við bensínlækkanir

**Forsvarsmenn Atlantsolíu hafa falið lögmönnum sínum að skoða réttarstöðu fyrirtækisins vegna verðlækkana olíufélaganna á stöðvum í grennd við stöðvar Atlantsolíu. Olíufélögin neita því að um sértækar lækkanir sé að ræða.**

**SAMKEPPNISMÁL** Forsvarsmenn Atlantsolíu halda því fram að verðlækkanir stóru olíufélaganna þriggja nái aðeins til áhrifasvæða bensínstöðva fyrirtækisins og séu til þess ætlaðar að koma höggi á fyrirtækið.

Forsvarsmenn fyrirtækisins vilja láta kanna það hvort stóru olíufélögin séu með þessu að misnota markaðsráðandi stöðu sína. Albert Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, segir verðlækkanir olíufélaganna í grennd við stöðvar Atlantsolíu einkennilegar. „Lækkanirnar eru einungis í kringum okkar stöðvar. Hverjir borga brúsann af því? Það eru íbúar á landsbyggðinni þar sem bensínverð þar er töluvert hærra á flestum stöðvum.“

Olíufélögin neita því öll að um sértækar lækkanir sé að ræða sem miði að því að koma höggi á Atlantsolíu, heldur séu lækkanirnar hluti af hörðu samkeppnisumhverfi. Már Erlingsson, innkaupastjóri Skeljungs, segir Skeljung taka þátt í harðri samkeppni og sé einungis að haga sínum málum eftir því.

Mest munar átta krónum á verði bensínstöðva sama fyrirtækis á bensínlítra í sjálfsafgreiðslu hér á landi. Hjá Skeljungi er bensínlítrinn ódýrastur, á 113,8 krónur, við Gylfaflöt í Reykjavík, en dýrastur á 121,8 krónur á tveimur stöðum við Egilsstaði, á Hótel Skaftafelli við Höfn, Árskógssandi og í Úthlíð í Biskupstungum. Hvergi á landinu er bensín dýrara en á þessum stöðum. - mh/ sjá síðu 6



**FLÚÐASIGLING** Getur verið hættuspil.

Jökulsá eystri í Skagafirði:

## Fannst eftir að bát hans hvolfdi

**LÖGREGLUMÁL** Enskur maður sem reri ásamt nepölskum manni niður Jökulsá eystri í Skagafirði í gær fannst heill á húfi í gærkvöld eftir að bát mannanna hvolfdi. Það var á móts við Bústaði þar sem bátnum hlekktist á. Að sögn lögreglunnar á Sauðárkróki sá Nepalinn hvar Englendinginn bar að landi handan árinnar en var ekki viss um að hann hefði náð að krafla sig upp á bakkann. Lið var kallað út til leitar og fannst maðurinn heill á húfi þar sem hann var á gangi. Við fyrstu skoðun sýndist björgunarmönnum að manninum hefði ekki orðið meint af volkinu. Mennirnir munu báðir vera þaulvanir slíkum flúðasiglingum. - gar

Tíu ær sem komnar voru að burði í Borgarfirði drápust úr eitrun:

## Bændur varaðir við því að gefa korn

**LANDBÚNAÐUR** „Það eru tíu ær farnar, þær voru allar tvílembdar nema ein, sú var þrílembd,“ segir Einar Guðmann Örnólfsson, bóndi á Sigmundarstöðum í Borgarfirði. Hann hefur orðið fyrir miklum fjárskaða í vor.

Sigurður Sigurðarson, sérfræðingur hjá Landbúnaðarstofnun, krufði kindurnar. Hann telur líklegt að þær hafi drepist vegna eitrunar úr þurrkuðu korni sem raki hafi komist í.

„Það voru greinilegar breytingar í þessum kindum sem benda á eiturefnið aflatoxín. Það er ekki búið að staðfesta þetta en mér sýnist allt benda til þess,“ segir Sigurður. Hann varar bændur við því að gefa fóður sem raki hefur komist að.



**VASKIR BRÆÐUR Í FJÁRHÚSUM** Þeir Gímur, Elvar og Rúnar á Sigmundarstöðum tóku veikindi dýranna á bænum nærri sér enda miklir búmenn eins og sjá má á myndinni.

„Það er auðvitað fjárhagslegur skaði af þessu, en peninga getur maður alltaf orðið sér úti um með einhverju móti. Tilfinningarnar vega miklu þyngra í svona málum,“ segir Einar um fjárdauðann. Hann segir að sárast hafi verið að horfa upp á fimm ára son sinn sem missti ána sína.

„Það var mikill grátur hér í hálfan dag, enda þótti honum vænt um skepnuna. Það er samt þannig að börn í sveitum fara snemma að þekkja gang lífsins og því gat hann fljótlega hætt að gráta og farið að huga að nýju kindinni sinni,“ segir Sigurður. - kdk

ÍSLENSKIR LAUNÞEGAR,
TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!
GUÐJÓN ARNAR HELDUR BARÁTTURÆÐU Í AÐALSTRÆTI 9
KL. 15.00. KAFFI OG KLEINUR, ALLIR VELKOMNIR.
www.xf.is
Frjálslyndi flokkurinn

Árangur áfram
- ekkert stopp



framsokn.is
XB 2007
Framsókn

## SPURNING DAGSINS



*Fanný, er þetta kindarleg kosningabarátta?*

„Já, og sérstaklega ærleg.“

Samband ungra framsóknarmanna hefur gert íslensku sauðkindina að vörumerki kosningabaráttu sinnar. Fanný Guðbjörg Jónsdóttir er kosningastjóri SUF.

Sjávarútvegsráðherra fagnar áfangasigri gegn sjóræningjaskipum á karfamiðunum:

# Sjóræningjaskip í niðurrif

**SJÁVARÚTVEGUR** Sex af þeim skipum sem stundað hafa ólöglegar karfaveiðar á Reykjaneshrygg undanfarin ár verða rifin á næstunni. Þetta kemur fram í frétt frá sjávarútvegsráðuneytinu sem vitnar í upplýsingar frá skrifstofu Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra lýsir ánægju sinni með að þessi sex skip muni ekki lengur stunda ólöglegar veiðar á Reykjaneshrygg. Ljóst væri að aðgerðir Íslands og annarra NEAFC-ríkja hefðu gert sjóræningjaveiðarnar óhagkvæmar og erfiðar. Það hefði örugglega átt mikinn þátt í því að útgerðir skipanna hafi ákveðið að senda skipin til niðurrifs frekar en að halda veiðum áfram. Hann segir þó jafnframt að of snemmt væri að lýsa yfir sigri í málinu. Áfram yrði fylgst vel með karfamiðunum og unnið gegn sjóræningjaskipum og þjónustuaðilum þeirra ef slík skip komi á karfamiðin í ár.

Alls eru 20 skip á lista NEAFC yfir skip sem staðfest er að hafi stundað eða stutt við sjóræningjaveiðar. Auk umræddra sex skipa hafa níu af skipunum verið kyrrsett í höfnum NEAFC-ríkja og fimm eru í verkefnum fjarri Norður-Atlantshafi. Í dag taka gildi nýjar reglur NEAFC um eftirlit í höfnum, sem ætlað er að þrengja enn frekar að ólöglegum veiðum. - gar



**EINAR K. GUÐFINNSSON** Þrengt hefur verið að sjóræningjaveiðum og þær gerðar óhagkvæmar og erfiðar, segir sjávarútvegsráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mannslátið í Hveragerði:

# Sjúkdómur olli blæðingunni

**LÖGREGLUMÁL Bráðabirgðaniðurstaða krufningar mannsins sem lést í Hveragerði á föstudagskvöld í fyrri viku er sú að um hafi verið að ræða sjúkdóm sem olli mikilli blæðingu. Þetta kemur fram á upplýsingavef lögreglunnar.**

**„Rannsókn málsins, sem var mjög ítarleg og fól í sér skýrslutökur af vitnum, eftirgrennslan hjá nágrönnum og nákvæma tæknirannsókn, er því að mestu lokið af hálfu lögreglu,“ segir í tilkynningu um málið.**

**Maðurinn sem lést var 52 ára gamall.** - gar

Einn og hálfur milljarður í tap:

# Styttist í fleiri vörur DeCode

**VIÐSKIPTI** DeCode Genetics, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, skilaði tapi upp á 22,6 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 1.458 milljóna íslenskra króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins. Til samanburðar nam tap fyrirtækisins 1.309 milljónum króna á sama tíma í fyrra.

Eigið fé DeCode nam jafnvirði rúmra 8.716 milljóna íslenskra króna í enda marsmánaðar samanborið við 9.807 milljónir við upphaf árs.

Haft er eftir Kára Stefánssyni, forstjóra deCode, að fyrirtækið hafi sett genapróf fyrir sykursýki tvö á markað fyrir hálfum mánuði og muni fleiri slík próf líta dagsins ljós á næstunni. - jab



**KRÖFUGANGA** Veður hefur mikið að segja um hversu margir mæta í kröfugöngu 1. maí. Myndin er síðan í fyrra.

Baráttudagur verkalýðsins:

# Krefjast betri kjara í göngu

**HÁTÍÐAHÖLD Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins verður haldinn hátíðlegur í dag, 1. maí. Um allt land fara fram baráttufundir þar sem launafólk fylkir liði og krefst bættra kjara.**

**Í Reykjavík verður safnast saman á Hlemmi klukkan eitt og lagt af stað í göngu niður Laugaveg klukkan hálf tvö. Útifundur á Ingólfstorgi hefst síðan klukkan rúmlega tvö.** - sþs

# Færri veiktust en gefið var til kynna

**Landlæknir segir um tíu hafa veikst vegna mengunar við Kárahnjúkavirkjun. Auk þess hafi fjörutíu fengið niðurgang vegna matareitrunar. Fregnir um veikindi 180 manna séu því ýktar. Impregilo gagnrýnir vinnubrögð yfirlæknis við virkjunina.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Matthías Halldórsson landlæknir segir um tíu starfsmenn Impregilo hafa hlotið eitrunareinkenni vegna loftmengunar í aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar undanfarna daga.

Auk þess hafi um fjörutíu fengið niðurgang vegna matareitrunar 20. apríl. Því sé fjarri lagi að 180 manns hafi veikst í aðrennslisgöngunum, eins og talið var. Matthías skoðaði aðstæður við Kárahnjúka í gær.

„Við vorum þarna í allan gærdag og ræddum við yfirmenn, trúnaðarmann, lækni og starfsmenn sem urðu fyrir eitrunareinkennum,“ segir Matthías. „Við teljum að mengun í aðrennslisgöngunum hafi farið yfir viðmiðunarmörk, sem stafar sennilega af meiri notkun á dísilvélum en áður, sem mengar loftið.“ Hann segir unnið að úrbótum á svæðinu.

„Það er ekki ljóst nákvæmlega hversu margir urðu fyrir eitrun, en telja má víst að um það bil tíu manns hafi veikst alvarlega vegna loftmengunar. Einnig fengu um fjörutíu niðurgang eftir matareitrun hinn 20. apríl, en það gekk yfir á nokkrum klukkutímum,“ segir Matthías.

Hann segir rangt eftir sér haft í fréttum í gær að engin eftirmál verði af þessu. „Við töldum ekki ástæðu til að gera neitt frekar í málinu, þótt það sé litið alvarlegum augum, en fólkið sem varð fyrir eitrun á vissulega sinn rétt.“

Impregilo gagnrýnir vinnubrögð Þorsteins Njálssonar, yfirlæknis við Kárahnjúkavirkjun, harðlega í fréttatilkynningu sem barst í gær. Ásakanir yfirlæknisins á hendur fyrirtækinu eru sagðar ýktar, misvísandi og rangar, og hann hafi farið á skjön við verklagsreglur þegar hann tilkynnti ekki öryggisráði áhyggjur sínar af heilsu manna í aðrennslisgöngum virkjunarinnar.

Fjöldi þeirra sem veiktust er einnig dreginn í efa í tilkynningunni, og er þá vísað í lista yfirlæknisins með 180 nöfnum. Á listanum hafi meðal annars verið starfsmenn sem unnu við stíflugerð en ekki gangagerð, starfsmenn sem höfðu fyrir löngu yfirgefið landið og skrifstofufólk sem hafði aldrei stigið fæti inn í göngin.

Aðspurður segist Matthías ekki vilja tjá sig um hvort viðbrögð Þorsteins í þessu máli hafi verið rétt. „Málin þróuðust á þennan veg, það er það eina sem ég get sagt.“ Ekki náðist í Þorstein við vinnslu fréttarinnar. salvar@frettabladid.is



**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Þorsteinn Njálsson, yfirlæknir við Kárahnjúkavirkjun, afhenti Vinnueftirlitinu lista með nöfnum 180 starfsmanna í lok apríl. Þeir voru sagðir hafa veikst í aðrennslisgöngum virkjunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**AFGÖNSK STÚLKA** Alls voru 85 nemendur og kennarar drepnir í Afganistan á síðasta ári.

85 nemendur og kennarar:

# Drepnir af skæruliðum

**KABÚL, AP** Alls voru 85 nemendur og kennarar drepnir af skæruliðum í afgönskum skólum á síðasta ári. Þetta kom fram í ræðu Mohammad Hanif Atmar, menntamálaráðherra landsins.

Alls 187 skólar voru eyðilagðir í árásum skæruliðanna og nú er svo komið að rúmlega helmingur afganskra barna getur hvergi sótt skóla. Fjölmargir nemendur þurfa að sækja skóla í tjöldum, annaðhvort í skugga undir trjám eða undir heitri sólinni.

„Óvinir þjóðarinnar hafa beint sjónum sínum að menntakerfi okkar með eyðileggingu og ómanneskjulegri hegðun,“ sagði Atmar. -fb

## LÖGREGLUMÁL

### Rannsaka kynferðisbrot

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar mál karlmanns á fimmtugsaldri sem grunaður er um kynferðisbrot gagnvart nokkrum unglingspiltum á aldrinum 13 til 15 ára. Maðurinn kenndi piltunum á bifhjól. Fréttastofa Ríkisútvarpsins sagði frá þessu í gær.

## FÉLAGSMÁL

### Ekkert aðhafst

Félag heyrnarlausra ætlar ekki að aðhafast frekar í máli tveggja heyrnarlausra stúlkna sem talið var að hefðu verið misnotaðar kynferðislega í júlí og september í fyrra. Þetta segir Hjördís Anna Haraldsdóttir stjórnarformaður. Fundað var um málefni stúlknanna í gærkvöldi.

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð
VG SENDIR BARÁTTUKVEÐJUR Í TILEFNI DAGSINS

Ökumaður fluttur suður með þyrlu eftir að hann velti vörubíl í Hrútafirði:

# Ekki lífshættulega slasaður

**UMFERÐ** Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti slasaðan mann eftir að vörubíll valt við Brú í Hrútafirði rétt fyrir hádegi í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Blönduósi var þjóðvegi eitt lokað um tíma á meðan verið var að losa ökumanninn úr vörubílnum. Hann var einn á ferð, en að sögn lögreglu eru tildrög slyssins ókunn.

Vörubílnum var ekið í norðurátt og valt hann hjá brúnni við veitingaskálann Brú. Ökumaðurinn var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann. Hann var talsvert slasaður og fór í aðgerð í gærkvöld.

Að sögn læknis á Landspítalanum sem rætt var við í gærkvöld voru áverkar ökumannsins ekki lífshættulegir. Búist væri við að hann nái fyrri heilsu. - iah / - gar



**Á SLYSSTAÐ** Slasaður vörubílstjóri var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar frá Brú í Hrútafirði á sjúkrahús í Reykjavík. MYND/HREIÐAR JÚLÍUSSON

# BÆTUM KJÖRIN BURT MEÐ FÁTÆKT

## BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSINS 1. MAÍ

**VG Í KÓPAVOGI, KOSNINGAMIÐSTÖÐINNI HAMRABORG 1-3. kl. 15:00**

**Guðfríður Lilja Grétarsdóttir flytur barátturæðu**
Hljómsveitin Bardukha leikur af alkunnri snilld
"Við brún nýs dags" Þorleifur Friðriksson fjallar um verkalýðsbaráttuna
Aðalsteinn Ásberg rithöfundur les ljóð
Leikararnir Hjálmar Hjálmarsson og Valgeir Skagfjörð flytja leiklestur
Guðrún Gunnarsdóttir og Tryggvi Hubner flytja nokkur lög

**VG Í REYKJAVÍK Á NASA kl. 15:00**

**Katrín Jakobsdóttir flytur barátturæðu**
Steinunn Þóra Árnadóttir flytur ávarp
Sigríður Kristinsdóttir flytur ávarp
Einar Már Guðmundsson rithöfundur les
Kvartettinn Krummafótur með alþjóðlega tóna

## BARÁTTUTÓNLEIKAR Á NASA KLUKKAN 21:00

Pörupiltarnir Hannes og Smári kynna af alkunnri snilld
Guðrún Gunnars syngur Ellý Vilhjálms
Einar Már flytur skáldskap
Toggi – Puppy
Dóri DNA
Nýstirnin í Johnny and the rest heiðra okkur með nærveru sinni
Heiða með sig og heilann sinn
Didda Jóns og MINA RAKASTAN SINUA ELVIS

## ALLIR VELKOMNIR




Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
2. sæti Suðvesturkjördæmi

Katrín Jakobsdóttir
1. sæti Reykjavíkurkjördæmi – norður

## GENGIÐ 30.04.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,99 | 64,29 |
| Sterlingspund | 127,57 | 128,19 |
| Evra | 87,08 | 87,56 |
| Dönsk króna | 11,685 | 11,753 |
| Norsk króna | 10,709 | 10,773 |
| Sænsk króna | 9,502 | 9,558 |
| Japanskt jen | 0,5346 | 0,5378 |
| SDR | 97,46 | 98,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

117,9618

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fangaverðir vinna á framlengdum uppsagnarfresti frá og með deginum í dag:

# Þokast í málefnum fangavarða

**KJARAMÁL** „Það er sérkennilegt að þessar aðgerðir hefjist 1. maí en svona er þetta. Hins vegar er bót í máli að loksins nú virðist eitthvað vera að þokast í málefnum fangavarða,“ segir Sigurjón Birgisson, formaður Fangavarðafélags Íslands.

Rúmlega fjörutíu fangaverðir sögðu upp starfi sínu í lok janúar vegna óánægju með kaup og kjör. Samkvæmt uppsagnarfresti hefðu þeir átt að láta af störfum í lok apríl. Hins vegar tók Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri ákvörðun um að nýtt yrði lagaákvæði sem leyfði framlengingu á uppsagnarfrestinum um þrjá mánuði. Sú framlenging tekur gildi í dag og hafa fangaverðir látið það í ljós að bæði finnist þeim framlengingin ósanngjörn og auk þess sem það skjóti skökku við að slíkar aðgerðir beri upp á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins, fyrsta maí.

Sigurjón segist þó bjartsýnn á framvindu mála nú en fulltrúar fangavarða, stéttarfélagsins SFR og Fangelsismálastofnunar funduðu í gær.

„Það er verið að vinna út frá ákveðnum forsendum og vonum við að við getum lokið gerð nýs stofnanasamnings innan skamms. Menn eru sammála um ákveðnar forsendur og kominn er skriður á málið,“ segir Valtýr. - kdk



SIGURJÓN BIRGISSON



VALTÝR SIGURÐSSON

Tilmæli til rakara í Íran:

# Varað við vestrænum hárstíl

**ÍRAN Lögreglan í Íran hefur varað rakara við því að gefa karlmönnum vestrænar klippingar og að nota farða á þá að því er fréttavefur BBC greinir frá.**

**Aðvörunin er partur af aðgerðum sem kallast „bad hijab“ og beinast gegn óíslömskum klæðaburði. Aðgerðirnar nú þykja þó óvenju harkalegar.**

**Lögregla mælist einnig til þess að rakarar plokki ekki augabrúnir kúnna sinna.**

**Íranskir fjölmiðlar segja lögreglu nú á ferli í höfuðborginni Teheran til að gæta þess að fólk klæðist samkvæmt reglum íslam.** - sdg

Breytingar á Viðskiptablaðinu:

# Jónas Haralds ráðinn ritstjóri

**FJÖLMIÐLAR Jónas Haraldsson verður nýr ritstjóri Viðskiptablaðsins. Hann tekur við af Gunnlaugi Árnasyni sem lætur af störfum um næstu mánaðamót. Sigurður Már Jónsson, sem verið hefur fréttastjóri, verður aðstoðarritstjóri.**



JÓNAS HARALDSSON RITSTJÓRI

**„Það má segja að það sé kominn tími til, ég er búinn að vera í þessum bransa í þrjátíu ár,“ segir Jónas. „Lengst af hef ég verið í stjórnunarstöðum, annaðhvort sem fréttastjóri eða aðstoðarritstjóri, en þetta er kærkomin tilbreyting.“** - sþs

Samningur í þágu geðsjúkra:

# Aukin úrræði á Austurlandi

**FÉLAGSMÁL** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra og Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi, undirrituðu í gær samkomulag um verkefni til að fjölga búsetuúrræðum og efla dagþjónustu fyrir geðsjúkt fólk á Austurlandi.



MAGNÚS STEFÁNSSON

Samkomulagið er gert í samræmi við átak í þjónustu við geðfatlað fólk og framkvæmdaáætlun ráðuneytisins fyrir árin 2006 til 2010 en á þessu ári verður rúmlega 70 milljónum varið í uppbyggingu á þjónustu fyrir geðfatlaða á Austurlandi eftir því sem fram kemur á vef félagsmálaráðuneytisins. - kdk

# Bjarni yfirgefur Glitni

**Bjarni Ármannsson lætur af störfum hjá Glitni í kjölfar stjórnarskipta og Lárus Welding, fyrrum starfsmaður hans, kemur í staðinn. Málsaðilar leggja á það áherslu að full sátt ríki við skilnaðinn.**

**VIÐSKIPTI** Bjarni Ármannsson lét af forstjórastarfi Glitnis í gær eftir að ný stjórn bankans tók við völdum. Þetta gerðist sama dag og bankinn tilkynnti um sjö milljarða króna hagnað á fyrsta ársfjórðungi. Við starfinu tekur fyrrverandi starfsmaður Bjarna hjá FBA, Lárus Welding, sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra Landsbankans í Lundúnum frá 2003 og leitt uppbyggingu bankans þar.

Þrálátur orðrómur hafði verið á kreiki um að Bjarni myndi láta af störfum sem fékkst staðfestur í gær. Eftir að Karl Wernersson og Einar Sveinsson seldu hlutabréf í bankanum fyrir rúma 70 milljarða króna í byrjun mánaðarins til Baugs og viðskiptafélaga hafa verið getgátur um framtíð Bjarna. Hann mun hafa haft frumkvæði að viðskilnaðinum, en gengið var frá ráðningu Lárusar um helgina.

Bæði fráfarandi forstjóri og nýr stjórnarformaður leggja á það áherslu að breytingarnar hafi verið gerðar í mesta bróðerni og mun Bjarni vinna náið með eftirmanni sínum á næstu vikum til að kynna þessar breytingar.

Upplýsingar um kostnað vegna starfsloka Bjarna liggja ekki ekki fyrir. Eftir því sem næst verður komist kaupir bankinn 1,5 prósenta hlut hans í bankanum sem metinn er á 6,5 milljarða króna.

„Ég fullyrði að enginn á meiri þátt í þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað í bankanum,“ sagði Þorsteinn M. Jónsson, nýkjörinn stjórnarformaður Glitnis, um Bjarna Ármannsson. Bjarni hóf störf sem forstjóri FBA árið 1997. Árið 2000, þegar FBA sameinaðist Íslandsbanka, var hagnaður hins nýja banka 660 milljónir. Í fyrra var hagnaður Glitnis 38 milljarðar.

Lárus hefur mikla reynslu og sambönd af fyrirtækjaverkefnum í Bretlandi og þekkir mjög vel til ráðandi hluthafa í Glitni. Sjálfur ber Lárus sterkar taugar til Glitnis sem fyrrverandi starfsmaður FBA og Íslandsbanka. „Mín framtíðarsýn fyrir Glitni rímar mjög vel við þá stefnu sem þegar hefur verið lagt upp með,“ segir hann og sér Glitni sem öflugan og samstilltan fyrirtækja- og fjárfestingarbanka í Norður-Evrópu sem hvílir á sterkum viðskiptabankaeiningum.

Bjarni segist kveðja Glitni sáttur. „Ég er mjög stoltur af þessari uppbyggingu, bæði hvað varðar það hvar bankinn stendur í dag og fyrir hvað hann hefur staðið.“ Einkavæðingarferlið 1998-1999 stendur helst upp úr þegar hann lítur yfir farinn veg. Hann útilokar ekki endurkomu sína á fjármálamarkaðinn.

Þorsteinn á ekki von á að áherslur bankans breytist, enda hafi stærsti hluthafinn FL Group verið kjölfestueigandi um nokkurt skeið. „Við erum fullkomlega sáttir við þá stefnu.“ Fastlega má búast við að púður verði sett í eflingu fjárfestingabankastarfsemi, til að mynda í Bretlandi.

Fimm nýir stjórnarmenn voru kjörnir á hluthafafundi bankans í gær. Auk Þorsteins sitja í stjórn Björn Ingi Sveinsson, Haukur Guðjónsson, Jón Sigurðsson, Katrín Pétursdóttir, Pétur Guðmundarson og Skarphéðinn Berg Steinarsson. Það markaði lokin á sextán ára samfelldri setu Einars Sveinssonar, fráfarandi stjórnarformanns, í stjórn Glitnis og forvera hans. eggert@frettabladid.is



**TÍMAMÓT** Þorsteinn M. Jónsson, Bjarni Ármannsson og Lárus Welding greina frá þeim breytingum sem urðu á yfirstjórn Glitnis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Aftur á Kirkjusand

Hinn þrítugi Lárus Welding hefur starfað sem forstöðumaður útibús Landsbankans í Lundúnum og leitt uppbyggingu bankans þar. Lárus útskrifaðist úr viðskiptafræði við Háskóla Íslands árið 2000 og hefur auk þess verðbréfamiðlunar-próf og gráðu í fjármálum frá UK Securities Institute. Hann gekk til liðs við Landsbankann árið 2003 og hefur meðal annars stýrt stjórnun á sérhæfðum lánateymum og uppbyggingu innlánastarfsemi í Bretlandi. Þar áður starfaði hann hjá endurskoðunarskrifstofunni JHR ehf., Seðlabanka Íslands og FBA sem síðar sameinaðist Íslandsbanka.

Lárus er giftur Ágústu Ólafsdóttur og eiga þau tvær dætur.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BLÍÐSKAPARVEÐUR ÁFRAM**

Þetta er nú ekki einleikið. Blíða dögum saman á norðan- og austanverðu landinu með hita nálægt 20 stigum. Enn einn slíkur dagur er í kortunum með hægviðri, björtu veðri og hlýju fyrir meginhluta Norður- og Austurlands. Á morgun verður þetta svipað fyrir norðan og austan en síðan fer kólnandi. Má búast við hita á fimmtudag og föstudag á bilinu 5-10 stig.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Suðaustan 5-8. Skýjað og hætt við smáskúrum. Hiti 10-13 stig.

um hádegi »



» á morgun

» fimmtudagur



3-8 m/s

3-10 m/s, stífastur vestan til.

um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C | hálfskýjað | London | 20°C heiðskírt | Alicante | 22°C | léttskýjað |
| Billund | 17°C | léttskýjað | París | 22°C heiðskírt | Mallorca | 23°C | alskýjað |
| Osló | 16°C | léttskýjað | Frankfurt | 21°C heiðskírt | Eindhoven | 27°C | léttskýjað |
| Stokkhólmur | 7°C | skúrir | Friedrichshafen | 17°C skúrir | Basel | 24°C | skýjað |
| Gautaborg | 14°C | léttskýjað | Berlín | 16°C hálfskýjað | Las Palmas | 20°C | léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

VIÐ LÁTUM EKKI HUNSA OKKUR LENGUR!

VIÐ VILJUM HÆKKA TÓPASLÍFEYRINN, JÖFN TÓPASRÉTTINDI FYRIR ALLA OG TÓPASMENNINGARHÚS STRAX!

TÓPAS TIL FÓLKSINS




Tópas FRELSISRÁÐIÐ

**KJÖRKASSINN**



*Á að afnema stimpilgjöld?*

| | |
|---|---|
| Já | 97% |
| Nei | 3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að verslanir eigi að fá að hafa opið allan sólarhringinn í íbúðahverfum?*

Segðu skoðun þína á visir.is — vísir

Sigurjón Þórðarson brigslar samþingmönnum um lygi í ríkisborgararéttarmáli:

# Fær ekki gögn tengdadóttur

**STJÓRNMÁL** „Ég óskaði eftir að fá gögnin sem voru lögð fyrir allsherjarnefnd varðandi umsókn þessarar stúlku um ríkisborgararétt en formaður nefndarinnar neitaði mér um þau,“ segir Sigurjón Þórðarson alþingismaður.

Sigurjón situr í allsherjarnefnd Alþingis fyrir Frjálslynda flokkinn. Hann segist þess fullviss að þrír alþingismenn, sem sitja í þeirri undirnefnd allsherjarnefndar sem afgreiðir umsóknir þeirra sem vilja undanþágu frá reglum um ríkisborgararétt, segi ekki sannleikann þegar þeir segjast ekki hafa vitað um tengsl stúlku frá Gvatemala við Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra sem er tengdamóðir stúlkunnar.


SIGURJÓN ÞÓRÐARSON


BJARNI BENEDIKTSSON

Þremenningarnir í undirnefndinni, Bjarni Benediktsson formaður, Guðjón Ólafur Jónsson og Guðrún Ögmundsdóttir, hafa ekki upplýst hvaða aðstæður urðu þess valdandi að stúlkan fékk undanþágu og var veittur ríkisborgararéttur.

Sigurjón segist hafa viljað kynna sér undanþáguumsókn stúlkunnar. „Það er stóralvarlegt mál að formaður skuli neita nefndarmanni á Alþingi um gögn sem lögð hafa verið fyrir nefndina. Með þessu er hann að hafa lýðræðisleg réttindi mín sem alþingismanns að engu. Það sætti ég mig ekki við og mun leita til forseta Alþingis,“ segir Sigurjón.

Ekki náðist í Bjarna Benediktsson í gærkvöldi en haft var eftir honum í fréttum Stöðvar 2 að ásakanir Sigurjóns væru dylgjur. **- gar**

Stúlka með ríkisborgararétt:

# Fyrirhöfn að fá ný dvalarleyfi

**STJÓRNMÁL Stúlkan frá Gvatemala sem er kærasta sonar umhverfisráðherra fékk undanþágu frá reglum um veitingu ríkisborgararéttar á Íslandi því of mikil fyrirhöfn yrði fyrir hana að sækja sífellt um ný dvalarleyfi. Þetta kom fram í Kastljósi Ríkisútvarpsins í gær.**

**Kastljós sagðist í umfjöllun í gær hafa undir höndum undanþáguumsókn stúlkunnar. Í henni kæmi fram að hún og unnusti hennar hygðu á þriggja ára námsdvöl í Bretlandi og að hún myndi þurfa að sækja um nýtt dvalarleyfi á Íslandi eftir hverja önn í skólanum ytra. - gar**


BOÐEIND.IS

Öflugar heimilis-, leikja-, klippi-, hljóðvinnslu- og fyrirtækjatölvur á frábæru verði
Verð frá kr. 74.900,-

Innbygð vefmyndavél og hljóðnemi er í öllum fartölvum frá Boðeind ásamt því að fartölvutaska, USB mús, Asus hugbúnaðarpakki og Norton vírusvörn fylgir frítt með

Ný - ASUS F5R - Verð er ótrúlegt en satt
Öflug alhliða fartölva með vefmyndavél
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Örgjöri:Intel Celeron Mobile 520 - 1.6GHz
Skjákort: ATI Radeon XPress 1100
Harður diskur: 80 GB SATA
Vinnsluminni: 1024MB DDR2
Þráðlaust netkort
Stýrikerfi: Windows Vista Home Basic
Tilboðsverð kr. 74.900,- stgr.
Almennt verð kr. 96.490,-

Asus A6JA - góð í leikina
Öflug alhliða fartölva með alvöru leikjaskjákorti
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Intel Pentium Dual Core T2400
Skjákort: 256MB ATI Radeon X1600 leikjakort
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1024MB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Þráðlaust netkort
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Tilboðsverð kr. 129.900,- stgr.
Almennt verð kr. 160.393,-

Asus G1 - Þú verður að eignast þessa
Professional fartölva með alvöru leikjaskjákorti
Skjákort: 512MB DDR3 Geforce 8600 leikjakort
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Skjár: 15.4" Glare type háskerpuskjár
Örgjöri: Intel Core 2 Duo
Harður diskur: 160 GB SATA - 5400rpm
Vinnsluminni: 2048MB DDR2
Þráðlaust netkort
Stýrikerfi: Windows Vista Ultimate
MX 518 leikjamús og flottur bakpoki fylgir frítt með
Tilboðsverð kr. 179.900,- stgr.
Almennt verð kr. 249.900,-

Einn öflugasti skjáframleiðandi heims - ViewSonic
Gríðarlega flott HD ready LCD sjónvörp með
DNX PixleWorks - NextVision - HDMI tengjum
Nicam stereo SRS WOW hljóðkerfi - Mynd í mynd
Mynd á mynd - 1366*768 upplausn

N2600W 26" - Tilboðsverð kr. 99.900,- stgr.
Almennt verð kr 119.900,-
N3240W 32" - Tilboðsverð kr. 109.900,- stgr.
Almennt verð kr 144.900,-
N3760W 37" - Tilboðsverð kr.144.900,- stgr.
Almennt verð kr 214.900,-
N4066W 40" - Tilboðsverð kr. 174.900,- stgr.
Almennt verð kr 269.900,-

Boðeind í 20 ár - Þar sem verð og gæði fara saman
Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðis- & fyrirtækjaþjónustu
Mörkin 6 - 108 Rvk. - sala@bodeind.is
Opið frá kl 10:00 - 18:00 mánudaga til föstudaga - sími 588 2061


# Atlantsolía er ósátt við sértækar lækkanir

**Lögmenn Atlantsolíu skoða nú hvort stóru olíufélögin þrjú hafa brotið gegn fyrirtækinu með staðbundnum verðlækkunum á olíu. Innkaupastjóri Skeljungs vísar því alfarið á bug að ólöglegum aðferðum sé beitt.**

**SAMKEPPNISMÁL** Forsvarsmenn Atlantsolíu hafa falið lögmönnum sínum að skoða réttarstöðu fyrirtækisins vegna sértækra verðlækkana olíufélaganna á stöðvum í grennd við stöðvar Atlantsolíu.

Þegar hefur verið rætt við forsvarsmenn Samkeppniseftirlitsins. Forstjóri þess, Páll Gunnar Pálsson, sagði eftirlitið fylgjast grannt með stöðunni á olíumarkaðnum en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

Albert Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, segir verðlækkanir olíufélaganna í grennd við stöðvar Atlantsolíu einkennilegar. „Lækkanirnar eru einungis í kringum okkar stöðvar. Hverjir borga brúsann af því? Það eru íbúar á landsbyggðinni þar sem bensínverð þar er töluvert hærra á flestum stöðvum. Það einkennilega við þetta er að það er til eitthvað sem heitir flutningsjöfnunarsjóður til þess að jafna út verð. Það virðist engu máli skipta og þess vegna er augljóst að framlag úr sjóðnum virðist renna í vasa stóru olíufélaganna.“

Már Erlingsson, innkaupastjóri Skeljungs, segir Skeljung taka þátt í harðri samkeppni og sé einungis að haga sínum málum eftir því.

„Ég vísa því alfarið á bug að við séum vísvitandi að lækka verð í grennd við stöðvar Atlantsolíu, og halda verðinu uppi annars staðar. Það á ekki við rök að styðjast.“

Verðmunur á bensíni milli bensínstöðva olíufélaganna er umtalsverður. Lítri af 95 oktana bensíni í sjálfsafgreiðslu kostar 113,5 krónur hjá Olís á Akureyri en fimm krónum meira hjá sama fyrirtæki í Vestmannaeyjum. Samúel Guðmundsdóttir, innkaupastjóri hjá Olís, segir Olís ekki beita vafasömum aðferðum, eins og forsvarsmenn Atlantsolíu halda fram. „Við höfum skýra stefnu. Við bjóðum viðskiptavinum okkar góða þjónustu og samkeppnishæft verð á hverjum tíma. Við erum ekki að beita neinum verðlækkunum gagnvart Atlantsolíu heldur einungis að taka þátt í samkeppninni á markaðnum.“ **magnush@frettabladid.is**



**KORT AF ÁHRIFASVÆÐI** Forsvarsmenn Atlantsolíu telja áhrifasvæði lækkana aðeins gæta í næsta nágrenni Atlantsolíu, á meðan engar lækkanir komi til víðast hvar á landsbyggðinni. Dökku hringirnir sýna svæði þar sem lækkanir á bensínverði hafa ekki komið til en rauðu hringirnir þar sem lækkanir hafa verið.

> Ég vísa því alfarið á bug að við séum vísvitandi að lækka verð í grennd við stöðvar Atlantsolíu, og halda verðinu uppi annars staðar.
>
> **MÁR ERLINGSSON**
> INNKAUPASTJÓRI SKELJUNGS

Rannsóknarnefnd segir Olmert hafa gert alvarleg mistök í stríðinu í Líbanon:

# Ehud Olmert harðlega gagnrýndur

**JERÚSALEM, AP** Forsætisráðherra Ísraels, Ehud Olmert, sagðist ekki myndi segja af sér, í sjónvarpsávarpi til þjóðarinnar í gær, í kjölfar þess að hann var harðlega gagnrýndur í skýrslu rannsóknarnefndar vegna stríðsins í Líbanon í fyrra.

Olmert er sagður hafa gert „alvarleg mistök“ þegar hann hóf stríð sem herinn var ekki tilbúinn að heyja og margir Ísraelar telja að hafi styrkt óvini Ísraels.

Um leið og Olmert sagði að ekki stæði til að segja af sér viðurkenndi hann að mistök hefðu verið gerð og lofaði að þau „yrðu löguð“.

Olmert skipaði rannsóknarnefndina í kjölfar mikils þrýstings vegna stríðsins sem var kostnaðarsamt og ekki tókst að ná þeim markmiðum sem lagt var upp með. Stríðið, sem varði í 34 daga, braust út 12. júlí þegar Hizbollah-skæruliðar drápu þrjá ísraelska hermenn og rændu tveimur.

Í lok stríðsins hafði Ísraelum ekki tekist að endurheimta hermennina, brjóta Hizbollah á bak aftur né koma í veg fyrir loftárásir samtakanna á ísraelskar borgir.

Á milli 1.035 og 1.191 Líbani, 119 ísraelskir hermenn og 39 ísraelskir borgarar létust í stríðinu. **- sdg**



**EHUD OLMERT FORSÆTISRÁÐHERRA ÍSRAELS** Tekur hér við skýrslu nefndarinnar sem er afrakstur sex mánaða rannsóknarvinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# Treystum velferðina

Samfélög sem byggja á öflugu og virku velferðarkerfi verkalýðs-hreyfingarinnar hafa reynst traustur grunnur til að takast á við ný úrlausnarefni og nýta þau tækifæri sem bjóðast í nútímasamfélagi.

Hlutverk Alþýðusambands Íslands er að efla og treysta velferð launafólks, fjölskyldna þess og landsmanna allra.

**Velferðin borgar sig, sama hvernig á það er litið.**

Alþýðusamband Íslands · Sætúni 1 · Reykjavík · sími: 53 55 600 · www.asi.is

Arctic Trucks jeppa- og ferðalagaskólinn

Námskeið

Jeppanámskeið

3. maí frá kl. 20-22. Vilhjálmur Freyr Jónsson tæknifræðingur.
Námskeiðið tekur yfir flesta þætti jeppaferðamennsku.
Fjallað verður um kosti og eiginleika jeppans og viðbrögð við mismunandi aðstæðum. Þátttakendur fá afhenta Jeppabók Arctic Trucks sem er 120 síðna hafsjór af fróðleik.

Skráning á jeppar.is og í síma 540 4900

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is

07-0030 KC




# Geðlæknar eru mjög áhyggjufullir:

# Hundrað rýmum lokað

**FÉLAGSMÁL** Rúmlega 100 legurýmum á vegum geðdeildanna í Reykjavík hefur verið lokað frá árinu 1997. Kristófer Þorleifsson, formaður Geðlæknafélags Íslands, segir að stjórnvöld hafi ætlað að koma til móts við sjúklinga með nýjum úrræðum en við það hafi ekki verið staðið. Félagið skorar á stjórnvöld að bæta úr stöðunni hið fyrsta. „Þetta hefur allt saman farið í einhverja skýrslugerð sem ábyggilega hefur kostað einhverja tugi ef ekki hundrað milljónir, en ekkert gerist,“ segir Kristófer. Hann segir slæmt til þess að vita að fólk geti ekki fengið þjónustu við hæfi vegna skorts á rýmum. Ekki sé endurhæfing fyrir hendi fyrir þá sem geta útskrifast af legurými og því myndist tappar í biðlistum. **- kdk**



**RÝMUM FÆKKAÐ OG FÆKKAÐ** Formaður Geðlæknafélags Íslands segir stjórnvöld ekki hafa staðið við að koma til móts við geðsjúka eftir að hafa lokað rýmum.



**MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** George Tenet, þáverandi yfirmaður CIA, og George W. Bush, nýorðinn forseti, stilltu sér upp til myndatöku í höfuðstöðvum CIA í Langley, Virginíu í mars árið 2001. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Tenet rýfur þögnina

**Fyrrverandi yfirmaður CIA kemur inn úr kuldanum þremur árum eftir afsögn sína og segist ekki vera jafn vitlaus og flestir haldi. Hann beinir spjótum sínum að ráðherrum og fleiri ráðamönnum.**

**BANDARÍKIN, AP** George Tenet, fyrrverandi yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar CIA, hefur gefið út sjálfsævisögu sína og svarar þar meðal annars ásökunum um að hann hafi gefið bandarískum ráðamönnum ærið hæpnar ástæður til að ráðast á Írak og ekki gert nóg til að koma í veg fyrir árásirnar á New York og Washington haustið 2001.

Hann segist til að mynda aldrei hafa verið þeirrar skoðunar að írösk stjórnvöld, með Saddam Hussein í broddi fylkingar, hafi haft minnstu tengsl við Al Kaídasamtökin. Það hafi verið Dick Cheney varaforseti og Richard Perle, fyrrverandi hernaðarráðgjafi, sem mesta áherslu hafi lagt á að tengja Íraka við árásirnar 11. september.

Tenet var yfirmaður CIA á árunum 1997 til 2004, alls í sjö ár. Hann sagði af sér þegar ljóst þótti að engin gereyðingarvopn myndu finnast í Írak, þvert ofan í fullyrðingar bandarískra ráðamanna þar um. Í fréttaþættinum Sextíu mínútur nú um helgina viðurkennir Tenet að bæði CIA og hann sjálfur hafi gert þau mistök að telja að Írakar réðu yfir gereyðingarvopnum. Hann gagnrýnir hins vegar ríkisstjórnina fyrir að hafa gripið skýrslur frá CIA fegins hendi til að réttlæta árásina á Írak, en neitað að hlusta á þá fyrirvara sem CIA gerði og síðan skellt skuldinni alfarið á hann eftir á.

> Við pyntum ekki fólk. Við pyntum ekki fólk. Ókei?
>
> **GEORGE TENET**
> FYRRVERANDI YFIRMAÐUR CIA

Í Sextíu mínútum ver hann einnig þær harkalegu yfirheyrsluaðferðir sem CIA hefur beitt fanga í Guantanamo og víðar um heim í leynilegum fangelsum. Margir líta svo á að þessar yfirheyrsluaðferðir séu ekkert annað en pyntingar, en í Sextíu mínútum endurtók hann aftur og aftur: „Við pyntum ekki fólk. Við pyntum ekki fólk. Ókei?“ Þegar spurt var út í einstakar aðferðir, sem talið er að CIA hafi beitt, þá sagðist hann ekkert vilja tala um yfirheyrsluaðferðir og neitaði líka að fara út í merkingarfræðilegar umræður.

Hann sagðist þó aldrei hafa séð þessar yfirheyrslur framkvæmdar: „Ég er ekki með neina gægjuþörf“, en sagði þó að harkalegar yfirheyrslur væru nauðsynlegar vegna þess að „þetta er fólk sem mun aldrei nokkurn tímann segja nokkurn skapaðan hlut“ og „þetta er fólk sem veit hverjir bera ábyrgð á næstu hryðjuverkum“.

**gudsteinn@frettabladid.is**


Nýtt happdrættisár - enn glæsilegri vinningar!



6xHarley V-ROD

+ 3 milljónir í bakpokann á tvöfaldan miða!

50 þúsund vinningar dregnir út á árinu!

40 aðalvinningar á 2 milljónir hver eða 4 milljónir á tvöfaldan miða

Tryggðu þér miða!

Sýndu þinn stuðning við baráttuna fyrir bættum aðbúnaði aldraðra - þörfin er brýn.
Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.

Hringdu núna í síma 561 7757 - Kauptu miða á www.das.is

HAPPDRÆTTI das

-vinningur í hverri viku

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 35362 04/07

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Frjálslyndi flokkurinn sendir kveðju til íslenskra launþega á degi verkalýðsins 1. maí og hvetur til varðstöðu um kjör fólksins í landinu.

**AFNÁM VERÐTRYGGINGAR ER KOSNINGAMÁL**



**Guðjón A. Kristjánsson**
**Norðvesturkjördæmi**



**Sigurjón Þórðarson**
**Norðausturkjördæmi**



**Grétar Mar Jónsson**
**Suðurkjördæmi**



**Kolbrún Stefánsdóttir**
**Suðvesturkjördæmi**



**Jón Magnússon**
**Reykjavík-Suður**



**Magnús Þór Hafsteinsson**
**Reykjavík-Norður**

- Standa skal vörð um réttlát og umsamin kjör allra.
- Allir sem starfa á íslenskum vinnumarkaði skulu upplýstir um rétt sinn.
- Frjálslyndi flokkurinn ætlar að hækka skattleysismörk láglaunafólks í 150 þúsund krónur á mánuði. 19.000 Íslendingar greiða tekjuskatt af launum sem eru undir 150 þúsund krónum á mánuði.
- Frítekjumark eldri borgara og öryrkja skal vera ein milljón á ári.
- Tekjur láglaunafólks og lífeyrisþega duga ekki til lágmarksframfærslu og sumir eiga ekki fyrir mat síðustu viku hvers mánaðar. Þessu ætlar Frjálslyndi flokkurinn að breyta.
- Velferðarmál eru kjaramál.

**Það er krafa Frjálslynda flokksins að allir hafi nægileg laun til framfærslu.**

**Kaffi og kleinur í kosningamiðstöðinni, Aðalstræti 9, frá kl. 14.00.**
**Guðjón Arnar heldur barátturæðu kl. 15.00.**
**Allir velkomnir.**

**Kjóstu F!**
*forysta fyrir íslenska þjóð*

XF
Frjálslyndi flokkurinn

**www.xf.is**

Aðalstræti 9 | 101 Reykjavík | sími 552 2600

**Aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands**

verður haldinn fimmtudaginn 3. maí n.k. kl. 17 í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6 Reykjavík.

**Stjórnin**



**Félagsmenn Trésmiðafélags Reykjavíkur**

- **Mætum í kröfugönguna og á útifundinn 1. maí**
- Að útifundinum loknum býður félagið félagsmönnum og fjölskyldum þeirra í kaffi að Sóltúni 3 (Akogessalurinn).
- Stjórn Trésmiðafélags Reykjavíkur

Trésmiðafélag Reykjavíkur Borgartúni 30 105 Reykjavík
Sími: 535 6000 Fax: 535 6020 tr@trnet.is www.trnet.is

**FÉLAGSFUNDUR MENNTAR**
"NÝR FRAMHALDSSKÓLI"

Fimmtudaginn 3. maí, kl. 15:00 – 17:00
í hátíðarsal Háskóla Íslands

Dagskrá

**Setning**
Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ

**Nýr framhaldsskóli**
Jón B. Stefánsson, formaður starfsnámsnefndar

**Innlegg og spurningar**
Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, menntastofnanna og nemenda

**Viðbrögð stjórnmálaflokka**
Kjartan Eggertsson, Frjálslyndi flokkurinn
Kolbrún Halldórsdóttir, Vinstrihreyfingin grænt framboð
Kristrún Heimisdóttir, Samfylkingin
Margrét Sverrisdóttir, Íslandshreyfingin
Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokkurinn
Sæunn Stefánsdóttir, Framsóknarflokkurinn

**Samantekt og ályktun Menntar**
Ágúst H. Ingþórsson, forstöðumaður Rannsóknaþjónustu HÍ

**Fundarstjóri**
Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA

Nánari upplýsingar og skráning á
**www.mennt.is**

Mennt
Samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla
EDUCATE - Iceland

Fimm menn sakfelldir fyrir að leggja á ráðin um hryðjuverkaárásir:

# Skipulögðu sprengjuherferð í London

**LONDON, AP** Fimm menn voru í gær dæmdir í lífstíðarfangelsi fyrir að hafa lagt á ráðin um hryðjuverkaárásir á nokkrum stöðum í London sem hefðu getað orðið hundruðum manns að bana. Meðal skotmarka voru vinsæll næturklúbbur, orkuver og verslunarmiðstöð. Mennirnir, sem voru handteknir árið 2004, höfðu birgt sig upp af 590 kílóum af áburði sem þeir hugðust nota sem sprengiefni.

Eftir að úrskurðurinn var lesinn upp var greint frá því að mennirnir hefðu tengst að minnsta kosti tveimur sjálfsmorðssprengjumannanna sem sprengdu sig í loft upp í strætisvagni og jarðlestum í júlí 2005, í tilræðum þar sem 52 létust og yfir 700 særðust. Var því haldið leyndu til að tryggja að mennirnir fengju sanngjarna málsmeðferð.

Fram kom að leyniþjónustan hefði fylgst með tveimur sjálfsmorðssprengjumannanna í ár áður en þeir létu til skarar skríða en ekki tókst að tengja þær upplýsingar sem lágu fyrir í tíma til að koma í veg fyrir árásirnar 2005.

Þetta er í mótsögn við yfirlýsingar stjórnvalda í kjölfar árásarinnar þar sem sagt var að hún hefði verið óvænt og árásarmennirnir óþekktir.

Frá júlí 2005 hefur verið komið í veg fyrir sex skipulagðar hryðjuverkaárásir að sögn stjórnvalda.

- sdg



**FIMMMENNINGARNIR** Mennirnir eru allir breskir ríkisborgarar og flestir með tengsl við Pakistan. NORDICPHOTOS/AFP

# Hlutur ríkisins seldist á 7,6 milljarða

**Tilboði fjárfestingafélagsins Geysis Green Energy upp á 7,6 milljarða króna í fimmtán prósenta hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hefur verið tekið. „Gjörbylting fyrir eitt sveitarfélag," segir bæjarstjóri Reykjanesbæjar.**

**EINKAVÆÐING** Fjármálaráðherra hefur ákveðið að taka tilboði fjárfestingafélagsins Geysis Green Energy upp á 7.617 milljónir króna í rúmlega fimmtán prósenta eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja. Kaupsamningurinn verður undirritaður formlega á næstu dögum.

Fjögur tilboð bárust og var fimm milljarða munur á hæsta og lægsta tilboði. Geysir Green Energy átti hæsta tilboðið en Saxbygg átti lægsta tilboðið upp á 2.760 milljónir. Eignarhaldsfélagið HS bauð 4.655 milljónir og Suðurnesjamenn ehf. 4.705 milljónir króna.

Baldur Guðlaugsson, formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu, segir að innan tveggja mánaða skýrist hvort fyrirtækið og hluthafar þess gangi inn í kaupin eða ekki. Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segist ekki geta fullyrt hvort einhverjir nýti sér forkaupsréttinn eða ekki. Reykjanesbær hafi lýst yfir áhuga á því en miðað við tilboðið þá finnist sér ólíklegt að sá réttur verði virkjaður.

„Þetta tilboð er umtalsvert hærra en menn bjuggust við," segir Árni og bendir á að verðmat fyrirtækisins hafi verið nær fimm milljörðum. „Þetta boð kom ánægjulega á óvart en það þýðir að Reykjanesbær, sem á fjörutíu prósent í þessu fyrirtæki, er með eignarhlut upp á 20 milljarða. Það er gjörbylting fyrir eitt sveitarfélag. En við ætlum hins vegar ekki að selja," segir hann.



**TILBOÐINU TEKIÐ** „Við vorum auðvitað ekki vissir um að eiga hæsta boð fyrr en búið var að opna umslögin," segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysis Green Energy, sem hér sést ræða við Árna Sigfússon, bæjarstjóra í Reykjanesbæ. Geysir Green Energy átti hæsta boð í fimmtán prósenta eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja og var tilboðinu tekið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysis Green Energy ehf., segir að verðmunurinn á tilboðunum komi sér á óvart, hann hafi haldið að munurinn yrði minni. „Við vorum auðvitað ekki vissir um að eiga hæsta boð fyrr en búið var að opna umslögin. Menn meta tækifærin í Hitaveitu Suðurnesja á mismunandi hátt. Við metum Hitaveituna sem fyrirtæki sem á mikla framtíðarmöguleika og metum tengingu hennar við útrásarstarfið sem við erum í sem mjög mikilvæga."

Geysir Green Energy fjárfestir í orkuverkefnum erlendis á sviði jarðhita. Verkefnin eru í Bandaríkjunum, Þýskalandi, löndum Austur-Evrópu og Kína auk þess sem lönd eins og Indónesía og Filippseyjar koma til greina.

Árni væntir þess að hluti af fjármagninu sem fæst fyrir söluna nýtist Suðurnesjum. „Ég trúi ekki öðru og veit að það er vilji ríkisins að standa með okkur."

**ghs@frettabladid.is**

xS

Baráttudagur verkalýðsins
1. maí
við Austurvöll



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Össur Skarphéðinsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Eflingu
Mörður Árnason
Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Hrund Ósk Árnadóttir

## Opið hús á Hótel Borg og í Landsímahúsinu

- 1. maí-fundur Samfylkingarinnar í Reykjavík á Hótel Borg: **Ávörp, söngur og tónlist, kaffi og kaffibrauð**
- **Hoppikastali, pulsur og viðeigandi meðlæti** í kosningaskrifstofu S-listanna í Landsímahúsinu

Söngllist: **Hrund Ósk Árnadóttir**

Gestgjafar: **Mörður Árnason** og **Steinunn Valdís Óskarsdóttir**

**Jóna Einars** þenur nikkuna

**Fjöldasöngur**

**Allir velkomnir**
Dagskrá hefst strax að lokinni göngu og útifundi verkalýðsfélaganna

Samfylkingin



Aðeins í Skútuvogi
VSK. laus dagur
í dag, opið 10-21

AUTHOR®

# 20% afsláttur
## af öllum reiðhjólum í dag









**Hjólum**
í saman í vinnuna



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# Borgarstjórinn svari fyrir Njálsgötumálið

**Óánægðir íbúar á Njálsgötu vilja fá fund með borgarstjóranum um fyrirhugað heimili fyrir heimilislausa. Formaður foreldrafélags Barónsborgar segir út í hött að setja heimili fyrir fólk í neyslu svo nálægt leikskólanum.**

**FÓLK** Hópur íbúa á Njálsgötu ákvað á fundi í gærkvöld að óska eftir fundi með Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra vegna fyrirhugaðs heimilis fyrir heimilislausa á Njálsgötu 74.

Um 70 undirskriftir munu hafa safnast á mótmælabréf sem nokkrir íbúanna gengu með í hús um helgina. Mikill hiti er í þessu fólki sem óttast slæm áhrif nýja heimilisins. Segjast þau hafa leitað álits fasteignasala sem telji einboðið að eignir þeirra muni falla í verði ef nýja heimilið verði að veruleika.

„Nokkra metra frá Njálsgötu 74 er svo rekinn leikskóli á vegum borgarinnar, Barónsborg, og getum við engan veginn séð að gistiskýli fyrir útigangsfólk með öllum þeim umgangi sem er í kringum slíka starfsemi henti í nokkurra metra fjarlægð frá leikskóla. Einnig viljum við benda á að þetta er þriðja heimilið/húsnæðisúrræðið sem er á vegum félagsmálayfirvalda í hverfinu og þykir okkur nú nóg komið,“ segir í mótmælabréfi óánægðu íbúanna og eigenda fasteigna við Njálsgötu.

Annað sem veldur þessum hópi áhyggjum er að engar kvaðir um að hætta áfengisneyslu verða lagðar á þá tíu karla sem fá vist á heimilinu. Undir þetta sjónarmið taka foreldrar barna sem sækja leikskóla kippkorn frá heimilinu sem á að taka til starfa í haust.



**BARÓNSBORG** Eitt hús aðskilur leikskólann Barónsborg fremst á myndinni og gula húsið til vinstri sem borgaryfirvöld ætla sem heimili fyrir tíu heimilislausa karla. Mörgum íbúum í götunni og foreldrum leikskólabarna telja óheppilegt að starfsrækja þessa tvo staði í svo miklu návígi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég er á móti því að þetta heimili, þar sem verður fólk í neyslu, komi við hliðina á leikskóla. Mér finnst það eiginlega alveg út í hött,“ segir Kristín R. Berman, formaður foreldrafélagsins á leikskólanum Barónsborg á Njálsgötu 70, og móðir fjögurra ára drengs sem þar er.

Kristín segist vænta þess að stjórnarmenn í foreldrafélaginu komi fljótlega saman til að ræða málið og lýsa skoðun stjórnarinnar í heild. Hún hafi rætt um málið við aðra foreldra barna á Barónsborg. Margir séu á báðum áttum en flestir séu andvígir staðsetningu þessa heimilis fyrir heimilislausa.

„Leikvellir og leikskólar eru staðir sem þetta fólk sækir oft í og þar finnast mjög gjarnan sprautunálar. Það er ekki eitthvað sem maður vill að aukist,“ segir Kristín.

Sjöfn Ólafsdóttir, leikskólastjóri á Barónsborg, hefur líka efasemdir. „Okkur hefur verið sagt að þetta sé rólyndisfólk og að þetta verði allt í lagi en auðvitað höfum við áhyggjur,“ segir leikskólastjórinn.

**gar@frettabladid.is**


LENGRI GREIÐSLU-FRESTUR




INNKAUPAKORT GLITNIS FYRIR FYRIRTÆKI

ALLT AÐ **75%** SPARNAÐUR AF UMSÝSLU REIKNINGA

Kynntu þér kosti innkaupakortsins fyrir þitt fyrirtæki á **www.glitnir.is**.

GLITNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 8860






**Velkomin í kaffi!**

**Opið hús í dag 1. maí kl. 14.00-16.00 í kosningamiðstöðinni Skógarhlíð 20 (Ýmir).**

Kaffiveitingar og ís fyrir börnin.

**Allir velkomnir!**



KB 2007

Kosningaskrifstofa í Reykjavík, Skógarhlíð 20, 105 Reykjavík, sími: 582 9499, reykjavik@framsokn.is

Framsókn

Iðjuþjálfun geðdeildar:

# Tólf verða eftir í sumar

**HEILBRIGÐISMÁL Allri þjónustu við nýja einstaklinga hefur verið hætt á iðjuþjálfunardeild geðdeildar LSH þar sem ekki hefur fengist nægilegt starfsfólk til að halda starfsemi deildarinnar gangandi. Vonast er til að iðjuþjálfunarnemar fáist til starfa í sumar.**

**Sylviane Pétursson-Lecoultre iðjuþjálfi segir að meirihluti skjólstæðinga deildarinnar hafi verið útskrifaður frá 1. mars og tengdur við önnur úrræði en tólf séu eftir og það verði verkefni sumarsins að tengja þá öðrum úrræðum. Ekki sé vitað hvað taki við í haust.**

**- ghs**

Evrópuár jafnra tækifæra 2007 gengið í garð:

# Íslendingar viti meira um fjölbreytileika

**MANNRÉTTINDI** Evrópuár jafnra tækifæra 2007 hefur verið sett hér á landi. Íslensk stjórnvöld og ESB veita 23 milljónum króna til verkefna í tengslum við Evrópuárið.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra setti ráðstefnu í tengslum við Evrópuárið í Iðnó í síðustu viku og sagði það ósk sína að fólk í íslensku samfélagi yrði betur upplýst um mikilvægi fjölbreytileika.

Beate Gangås, umboðsmaður jafnréttis og misréttis í Noregi, útskýrði embætti sitt í Noregi sem starfar gegn misrétti á sviði jafnréttis kynjanna, aldurs, kynhneigðar, kynþátta, trúmála og fötlunar.

Beate sagði að verkefni embættisins væru mýmörg. Flest væru verkefnin á sviði jafnréttis kynjanna eins og staðan væri í dag en meðvitund fólks um réttindi sín og starfsemi embættisins væri stöðugt að aukast en margt væri óleyst.

„Við viljum betri lög í Noregi og höfum óskað eftir endurskoðun laganna. Lögin nýtast ekki jafn vel þegar þetta er til dæmis spurning um misrétti vegna aldurs eða kynjamisrétti,“ segir hún.

„Þegar allt kemur til alls snýst þetta um mannréttindi. Fólk er fólk. Alveg sama á hvaða sviði það er. Þetta snýst alltaf um að koma vel fram við fólk,“ segir hún.

**- ghs**



**FÓLK ER FÓLK** Fólk er fólk. Alveg sama á hvaða sviði það er,“ segir Beate Gangås, umboðsmaður jafnréttis og misréttis í Noregi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GUANTANAMO** Fangabúðirnar í Guantanamo eru afar umdeildar.

Lögfræðingar í Guantanamo:

# Óttast fleiri sjálfsvíg

**PUERTO RICO, AP** Lögfræðingar óttast að tíðni sjálfsmorða muni aukast í fangabúðunum í Guantanamo fari svo að aðgangur verjenda að föngunum verði takmarkaður.

Dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna hefur óskað eftir því að heimsóknum verjenda til fanganna verði fækkað í þrjár til að herinn geti haft betri stjórn á því sem fer fram í samskiptum þeirra. „Heimsóknir lögfræðinganna eru einn af fáum ljósum punktum í vist þeirra,“ sagði Zachary Katznelson lögfræðingur.

**- fb**

Náttúruminjasafn Íslands:

# Sex sóttu um stöðu safnstjóra

**STJÓRNSÝSLA Sex umsóknir bárust menntamálaráðuneytinu um embætti safnstjóra Náttúruminjasafns Íslands áður en umsóknarfrestur rann út 23. apríl síðastliðinn.**

**Umsækjendur eru: dr. Guðmundur Guðmundsson, líffræðingur og forstöðumaður safna- og flokkunarsviðs Náttúrufræðistofnunar Íslands, dr. Helgi Torfason jarðfræðingur, Hulda Hlín Magnúsdóttir listfræðingur, dr. Magnús Örn Stefánsson, MBA og lífeðlisfræðingur, Margrét Eymundsdóttir umhverfisfræðingur, dr. Starri Heiðmarsson grasafræðingur og Sveinn H. Magnússon líffræðingur.**

**Menntamálaráðherra skipar í stöðuna til fimm ára 7. maí næstkomandi.**

**- sdg**

Austurland:

# Sameinað félag heitir Afl

**VINNUMARKAÐUR** Stofnfundur nýs sameinaðs verkalýðsfélags á Austurlandi var haldinn nýlega. Félagið, sem ber nafnið Afl - starfsgreinafélag, varð til við sameiningu Afls - starfsgreinafélags Austurlands, Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar og Vökuls stéttarfélags.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður Vökuls, var kjörin formaður hins nýja félags. Félagar í hinu nýja félagi eru hátt í tíu þúsund talsins en stofnfundinn sótti vel á annað hundrað manns.

**- ghs**



# Matthías Johannessen

F. 1930. Rithöfundur

### 1. maí

Sinugulur
þessi dagur,

brennur í hægum
eldi.

### Í maí-
### sólinni

Fuglarnir eru í fótabaði
í Nestjörn,

viðra sig á gulum spegli
í kvöldsólinni.

### Hugsjóna-
### eldur

Hann var hugsjónamaður
og talaði svo mikið
að hann komst ekki að
fyrir sjálfum sér,

þannig minnist ég hans
nú þegar mér er sagt
hann sé þagnaður.

Þögn hans er mikill brestur.

En þannig grípur eilífðin
frammí fyrir okkur
þegar minnst varir.

### Vor

Samvaxnar jörðinni
horfa sóleyjarnar við Hlíðarfót
stórum augum
til himins

undir stálgráum vængjum
fokkersins.

### Frelsis-
### barátta

Sitjum í hóffari
háskólans

blaktandi fáni
klofinn skuggi
í grasinu

Sæmundur
lítur ekki upp

glímir enn
við kölska.

GOTT FÓLK McCANN

## Ræðuhöld

Það er fífill og sóley í fótspori þínu
og fugl á eggjum í hreiðrinu sínu,
það er sumar í bænum, á Suðurgötu
er sólinni hellt eins og vatni úr fötu,

en öll er sú reynsla eins og hún væri
endurspiluð af gamalli plötu.

Samt eru fuglarnir aðrir en áður
og enn er sólin ný eins og forðum,
þótt hugmynd okkar um heiminn sé víst
að hluta til laus úr föstum skorðum,

við leitum guðs vors lands, en þó
í löngu þvældum orðum.

## Þjóðfélag þyrni-kórónunnar

Barrabas hrópuðu þeir,
Barrabas hrópa þeir enn,

Ræningjabæli æðstuprestanna
fylgir okkur eins og fugla-
flensa.

Íslendingar, til hamingju
með verkalýðsdaginn

Á hverjum hátíðisdegi býður Landsbankinn listamanni
að deila með okkur hugrenningum sínum.
Matthías Johannessen á orð dagsins.

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

## Svona erum við

> Losun koltvísýrings á hverja bifreið sem notar bensín.




HEIMILD: SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** LANDSKJÖRSTJÓRN

# *Dregur mörkin milli kjördæma í Reykjavík*

Mikið mun mæða á kjörstjórnum í kringum alþingiskosningarnar 12. maí næstkomandi. Í hverju kjördæmi starfa bæði undir- og yfirkjörstjórn, en yfir þeim öllum er ein landskjörstjórn sem gegnir margþættu hlutverki.

**Hvert er hlutverk landskjörstjórnarinnar?**
Landskjörstjórnin sér um að vinna úr úrslitum alþingiskosninga, og þar með að úrskurða um það hverjir ná kjöri með kjördæmissætum og sem jöfnunarþingmenn, og gefa út kjörbréf.

Landskjörstjórnin er einnig æðsta úrskurðarvald um það hvort framboðslistar séu gildir eða ógildir. Þannig getur umboðsmaður framboðslista sem yfirkjörstjórn í tilteknu kjördæmi hefur úrskurðað ógildan skotið málinu til landskjörstjórnar til endanlegs úrskurðar.

**Hvernig eru mörk Reykjavíkurkjördæmana ákveðin?**
Landskjörstjórnin fyrir hverjar kosningar dregur nákvæmlega hvar mörk Reykjavíkurkjördæmanna liggja. Lagt er fyrir hana að kjósendur séu nokkurn veginn jafn margir að baki hverju þingsæti, að jöfnunarþingsætum meðtöldum. Einnig verður að gæta þess að kjördæmin séu sem samfelldust heild.

Íslendingar búsettir erlendis kjósa alltaf í Reykjavík, en landskjörstjórnin hefur það hlutverk að skipta þeim sem jafnast niður á norður- og suðurkjördæmi. Er miðað við það hvaða mánaðardag kjósendur eru fæddir, þeir sem fæðast fyrir miðjan mánuð kjósa í suðurkjördæmi en þeir sem fæðast seint í mánuðinum kjósa í norðurkjördæmi. Nákvæmlega hvar mörkin liggja er ákveðið fyrir hverjar kosningar byggt á þeim einstaklingum sem eru á kjörskrá.



**Hverjir sitja í landskjörstjórn og hvernig eru þeir valdir til setu?**
Það er borgaraleg skylda að sitja í kjörstjórnum og Alþingi velur fimm aðalmenn og fimm varamenn til setu í landskjörstjórn eftir hverjar alþingiskosningar. Í dag sitja þar þrír starfandi hæstaréttarlögmenn, héraðsdómari og forseti lagadeildar Viðskiptaháskólans á Bifröst.

## SPURT & SVARAÐ
1. MAÍ

### *Baráttudagur verkafólksins*


**HALLDÓR GRÖNVOLD**
Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Í dag er 1. maí, baráttudegi verkafólks, fagnað um víða veröld. Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir frá því þegar fyrst var haldið upp á daginn og rifjar upp kröfur frá árinu 1923. Sumar þeirra þykja sjálfsögð réttindi í dag en aðrar heyrast enn.

**Hver er saga 1. maí?**
Það var á alþjóðaráðstefnu verkamanna í París árið 1889 að ákveðið var að gera 1. maí að sameiginlegum kröfudegi verkalýðsins um allan heim. Þetta var gert í sambandi við kröfu bandarískra samtaka verkamanna um átta stunda vinnudag, en fyrir honum höfðu samtökin barist síðan 1860. Fyrsta kröfugangan á Íslandi var svo farin árið 1923 í Reykjavík. Áður höfðu verið haldnir innifundir þennan dag.

**Hvers var krafist í göngunni?**
Kröfurnar voru af ýmsum toga. Dæmi um það sem var ritað á kröfuspjöldin eru: Framleiðslutækin þjóðareign! Atvinnubætur gegn atvinnuleysi! Fullnægjandi alþýðutryggingar! Enga skatta á þurftarlaun! Réttláta kjördæmaskipun! Kosningarétt 21 árs! Engan réttindamissi vegna fátæktar! Enga helgidagavinnu! Enga næturvinnu! Engar kjallarakompur! Holla mannabústaði! Bæjarlandið í rækt! Rannsókn á Íslandsbanka!

# Samskiptin við Palestínumenn

**Norðmenn eru eina Evrópuþjóðin sem viðurkennt hefur þjóðstjórn Palestínumanna. Valgerður Sverrisdóttir hefur tjáð vilja sinn til að fara að fordæmi þeirra, en ekki rætt það innan ríkisstjórnar. Enda hefur forsætisráðherra tekið dræmlega í uppástunguna.**


**RAYMOND JOHANSEN ÁSAMT ISMAIL HANIYA Á GAZA** Varautanríkisráðherra Noregs hitti forsætisráðherrann að máli á Gaza-svæðinu þann 19. mars. Viðbrögð Ísraelsmanna voru að neita að taka á móti norska erindrekanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Umdeild þjóðstjórn Palestínumanna var viðurkennd af Norðmönnum um miðjan marsmánuð og var það fyrst tilkynnt af sigri hrósandi forsætisráðherra Palestínumanna. Norðmenn sjálfir staðfestu orð hans síðar og sögðust vilja endurvekja „eðlileg samskipti“ milli þjóðanna.

Eðlileg samskipti Norðmanna þýða að viðhaft skuli stjórnmála- og viðskiptasamband við þjóðstjórnina. Um leið og þetta var tilkynnt tók utanríkisráðherra Noregs, Jonas Gahr Støre, fram að Norðmenn myndu „ætlast til þess að Palestínumenn virði gerða samninga, fordæmi ofbeldisaðgerðir og viðurkenni tilverurétt Ísraelsríkis“. Þetta var þó ekki gert að skilyrði fyrir viðurkenningunni.

### Sannkölluð þjóðstjórn

Støre kallaði myndun þjóðstjórnarinnar „sögulegan viðburð“ og að stjórnin væri það afl sem væri best til þess fallið að koma í veg fyrir áframhaldandi vargöld á herteknu svæðunum. Í þjóðstjórninni sitja enda kjörnir fulltrúar þorra Palestínumanna. Hamas-samtökin fengu 74 þingsæti í sinn hlut. Fatahhreyfingin fékk 45 þeirra. Samtals eru þessir tveir flokkar því með 119 þingmenn. Einungis þrír þingmenn af 132 lýstu sig mótfallna þjóðstjórnarmynduninni, en margir aðrir komu að henni fyrir utan Hamas og Fatah.

Óháðir, Lýðræðisfylkingin og Þjóðarflokkurinn eru meðal aðila að þjóðstjórninni. Í embætti upplýsingamálaráðherra settist til dæmis Íslandsvinurinn dr. Mustafa Barghouti frá Þjóðarfrumkvæðinu. Fjármálaráðherra er Salem Fayyad úr Þriðju leiðinni (hinar tvær væru þá Hamas og Fatah).

### Norðmenn og umheimurinn

Geir H. Haarde forsætisráherra hefur sagt að afstaða Norðmanna skipti höfuðmáli á svæðinu, því þeir séu þar miklir gerendur. Afstaða Íslendinga skipti minna máli.

Norðmenn eru vissulega mikilvægir í Mið-Austurlöndum. Fyrsta bráðabirgðasamkomulagið um frið milli stríðandi fylkinga á svæðinu var samið í leynilegum viðræðum í Ósló og síðan undirritað í Washington árið 1993.

Norðmenn hafa í gegnum árin beitt sér til hins ítrasta til að leysa þessa langvinnu deilu, líkt og þeir hafa gert á Srí Lanka. Þar taka Íslendingar þátt í friðarstarfi Norðmanna í gegnum SLMM, Norrænu eftirlitssveitirnar. Í SLMM eru einungis Norðmenn og Íslendingar, eftir að Tamílatígrar höfnuðu samstarfi við þjóðir sem eiga aðild að Evrópusambandinu. Samstarfi við ESB var hafnað vegna þess að samkvæmt utanríkisstefnu ESB eru Tamílatígrar skilgreindir sem hryðjuverkamenn.

Utanríkisstefna ESB kveður einnig á um að sniðganga skuli Hamas-samtökin og þar með þjóðstjórn Palestínu sem slíka. ESB lætur duga að eiga í samskiptum við Mahmoud Abbas forseta, sem er úr Fatah, ásamt öðrum ráðherrum sem ekki tengjast Hamas. Norðmenn eru ekki í ESB og geta því starfað með bæði Hamas og Tígrunum.

### Frumkvæði Norðmanna

Hinn 17. mars bað norski utanríkisráðherrann alþjóðasamfélagið um að starfa með þjóðstjórn Palestínumanna. Norska ríkisstjórnin hafði þó áður dregið úr aðstoð sinni til Palestínu, eftir að Hamas fengu meirihluta í kosningum.

Norðmenn líta svo á að vænlegt sé í friðarumleitan að ræða við alla deiluaðila. Þeir hafa mikla reynslu af þessum deilum og hefur þeim orðið nokkuð ágengt í friðarstarfi á svæðinu. Þótt Norðmenn séu miklir gerendur megna þeir lítils einir á alþjóðavettvangi. Allar aðrar Evrópuþjóðir kjósa að sniðganga stjórnvöld sem Hamas eru aðili að, enda verður ekki hjá því litið að Hamas eru margfordæmd samtök, meðal annars af mannréttindasamtökum.

Nú er að sjá hvernig Valgerður Sverrisdóttir leiðir málið til lykta, og hvort Íslendingar verði fyrsta þjóðin til að svara kalli Norðmanna. Hún segist vilja koma á eðlilegum samskiptum við Palestínu að fordæmi Norðmanna og hefur heitið því að ræða málið formlega í ríkisstjórn fyrir kosningar.

Þá stæðu öll spjót á Geir H. Haarde, en vandi hans er meðal annars sá að í stjórnmálaályktun nýliðins landsfundar Sjálfstæðisflokksins hafnaði flokkurinn „hvers kyns stuðningi við ríkisstjórnir sem hryðjuverkahópar eiga aðild að“.


FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

### ALLIR TAKA AFSTÖÐU NEMA GEIR

*Hvað finnst þér um hugmynd Valgerðar um samskipti við þjóðstjórnina í Palestínu?*


*„Ekkert nema gott um þetta að segja.“*
Jón Sigurðsson, Framsóknarflokki.


*„Ekki tímabært að taka afstöðu til þess.“*
Geir H. Haarde, Sjálfstæðisflokki.


*„Sjálfgefið, svo fremi sem það geti orðið til þess að styðja við friðarferlið.“*
Guðjón Arnar Kristjánsson, Frjálslynda flokknum.


*„Eina leiðin sem er fær út úr klemmunni á svæðinu.“*
Ómar Ragnarsson, Íslandshreyfingunni.


*„Ég tel fulla ástæðu til þess.“*
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Samfylkingu.


*„Algjörlega sammála.“*
Steingrímur J. Sigfússon, Vinstri grænum.

www.mos.is
MOSFELLSBÆR
Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

**Kjörskrá í Mosfellsbæ**
**vegna alþingiskosninga**
**12. maí 2007**

Sbr. 26. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis, auglýsir bæjarstjórn Mosfellsbæjar að kjörskrá vegna alþingiskosninga þann 12. maí 2007 liggur frammi almenningi til sýnis í Þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2 á skrifstofutíma frá kl. 8:00 – 16:00, frá og með 30. apríl 2007 til kjördags.

**Bæjarstjóri**

# Til hamingju með daginn!

Starfsfólk Bónuss sýnir fulla samstöðu á baráttudegi hinna vinnandi stétta.

# Lokað í Bónus í dag

bonus.is

FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

# Vill halda áfram að bæta lífskjör

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir kosningarnar snúast um hvort Sjálfstæðisflokkurinn eigi að vera áfram í ríkisstjórn. Í samtali við *Magnús Halldórsson* fór Geir meðal annars yfir eflingu velferðarkerfisins og mikilvægi framsýnnar stefnu.

KOSNINGAR 2007

**Hvaða mál sérð þú sem helstu álitamálin fyrir kosningarnar í vor sem kjósendur þurfa að hafa í huga?**
„Það verður kosið um það hvort Sjálfstæðisflokkurinn eigi að vera áfram í forystu í ríkisstjórn og þar með hvort halda eigi áfram á sömu vegferð og undanfarin ár. Stjórnarstefnan hefur skilað gríðarlega góðum árangri, sem birtist meðal annars í því að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hefur aukist frá 1994 til dagsins í dag um 75 prósent, að því er fram kemur í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Þetta er meiri árangur en nokkurn tíma í okkar hagsögu og sjálfsagt þótt víðar sé leitað. Ég vil halda áfram að bæta lífskjörin í landinu og halda áfram að búa atvinnulífinu þá umgjörð að það geti haldið áfram að þróast til hins betra. Með þessari sýn búum við til forsendur til þess að hlúa að velferðarkerfinu og gera betur við þá í þjóðfélaginu sem höllum fæti standa. Það er, og hefur alltaf verið, grundvallarstefna Sjálfstæðisflokksins að búa vel að atvinnulífinu, því þar verða verðmætin til, og hins vegar að hlúa vel að þeim sem eiga undir högg að sækja í þjóðfélaginu.“

**Sú gagnrýni hefur komið fram að ríkisstjórnin hafi vanrækt velferðarkerfið og stuðlað að ójöfnuði með því að skapa hinum efnameiri betri skilyrði en öðrum. Á þessi gagnrýni rétt á sér?**
„Ég er ósammála því að um vanrækslu hafi verið að ræða en alltaf er þó hægt að gera betur. Ég neita því ekki. Framlög til velferðarmála, það er heilbrigðis-, mennta- og félagsmála, hafa verið stóraukin á undanförnum árum. Það sama á við framlög til vísinda og rannsókna, sem eru grundvöllur framtíðarvelmegunar. Velferðarkerfið í heild hefur því verið styrkt mikið en vitaskuld er um eilífðarverkefni að ræða er kemur að þessum hlutum. Stjórnarandstaðan hefur verið í vandræðum með að finna höggstað á ríkisstjórninni.

Í fyrstu var rætt um að skattalækkanir væru skattahækkanir. Það var slegið út af borðinu og ekki um það deilt lengur að skattar hafa lækkað. Þá var rætt um að hér væri meiri ójöfnuður en víðast hvar annars staðar í Evrópu. Þá kom fram rannsókn, sem Hagstofa Íslands tók þátt í að vinna, sem leiddi í ljós að jöfnuður með tilliti til tekna og eigna væri hvergi meiri í Evrópu, að frátöldum tveimur eða þremur löndum. Þannig að það mál hvarf. Síðan kom fram umræðan um að hér hefðu átt sér stað svo mikil hagstjórnarmistök að hvert heimili væri að borga um 500 þúsund krónur í aukin útgjöld vegna þeirra. Sannleikurinn er sá að vegna hinnar miklu kaupmáttaaukningar hefur greiðslubyrði almennings af lánum, það er vextir, afborganir og verðbætur, lækkað frá árunum 2004 til 2006 úr um 22 prósentum niður í 20 sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna. Þannig að þetta mál er að hverfa af dagskrá enda ekki haldbær rök fyrir hendi til að halda þessu sjónarmiði á lofti með trúverðugm hætti. Og nú eru það biðlistarnir. Samfylkingin hefur haldið því sjónarmiði á lofti, í góðu samstarfi við einstaka fjölmiðla, að biðlistar séu hér að setja allt á annan endann.

Það er eins og þeir sem um þá tala viti ekki að það er í gangi áætlun sem gerir ráð fyrir því að tekin verði í notkun innan skamms tíma 374 hjúkrunarrými.

Það er búið að gera mikið á því sviði en það var ákveðin vanræksla í gangi hjá Reykjavíkurborg er R-listinn var við völd, sérstaklega í skipulagsmálum, sem hjálpaði ekki til við að hlúa betur að málum. Það er verið að stækka barna- og unglingageðdeildina og málin þar horfa til betri vegar. Að öðru leyti eru fjármál Landspítalans á hendi stjórnar spítalans, sem skiptir peningum milli sviða og deilda eftir bestu vitund. Ég tel að velferðarkerfið hafi verið stórlega eflt og áætlanir um frekari eflingu eru á borðinu, og sjáanlegar öllum sem vilja.“

**Þú hefur boðað breytingar á kjörum aldraðra og öryrkja og möguleikum þeirra. Felst í því viðurkenning á að sá hópur hafi orðið útundan?**
„Það má alltaf gera betur og ekki síst í málefnum öryrkja og aldraðra en það er ekki rétt að tala um einhver hafi orðið útundan. Við gerðum mjög mikilvægar lagabreytingar fyrir jólin í kjölfarið á samkomulagi sem náðist síðasta sumar, varðandi aldraða. Í því samkomulagi fólst meðal annars að tengingin er rofin milli réttinda til tryggingabóta einstaklings og tekna maka. Þetta er að hluta til komið til framkvæmda en aðrir hlutar koma fram á næstunni.

Þarna eru í húfi miklir fjármunir fyrir ríkissjóð og við breyttum þessu með sama hætti gagnvart öryrkjum. Ég vil hins vegar stíga þrjú ný skref til viðbótar. Það er að undanþiggja atvinnutekjur eldri borgara skerðingum þannig að sjötugir og eldri geti aflað sér launatekna ef þeir hafa aðstöðu til og vilja, án þess að greiðslur almannatrygginga skerðist. Þetta getur rofið félagslega einangrun hjá fólki og ríkissjóður fær þar að auki skatttekjur af því. Í öðru lagi hefur komið í ljós að nokkur hópur eldri borgara er með engin eða sáralítil réttindi í lífeyrissjóði. Ég vil nota ríkissjóð til þess að styrkja lífeyrissjóðina þannig að þeir geti tryggt öllum 25 þúsund krónur að lágmarki, sem kæmi til hliðar við greiðslurnar í almannatryggingakerfinu en lyti sömu reglum og aðrar slíkar tekjur. Þetta getur munað heilmiklu fyrir fólk sem er með lægstu tekjurnar. Þetta er því markviss aðgerð sem beinist sérstaklega að þeim hópi.

Síðan er að lækka almennu skerðingarnar, sem eru núna tæplega 40 prósent, niður í 35 prósent eins fljótt og auðið er. Þetta eru aðgerðir sem munar um fyrir aldraða og ég held að þetta atriði varðandi lífeyrissjóðina geti hugsanlega náð til 10 þúsund manns í hópi aldraðra sem hafa verstu kjörin. Sem betur fer er það þannig að aldraðir eru margir hverjir í góðri stöðu fjárhagslega og hafa notið góðs af því að eignarskatturinn hefur verið lagður niður. Öll merki eru á lofti um það að lífeyrissjóðakerfið muni smám saman eflast enn frekar til hagsbóta fyrir aldraða. Varðandi öryrkja þá fagna ég sérstaklega nýútkominni skýrslu örorkumatsnefndar og vil beita mér fyrir því að tillögur hennar komi til framkvæmda.“

**Má búast við því að frekari einkavæðingaráformum verði komið til framkvæmda á komandi kjörtímabili?**
„Við höfum á síðustu sextán árum staðið fyrir gríðarlega mikilli einkavæðingu og raunverulega hefur orðið bylting hér hvað varðar eignarhald ríkisins á atvinnufyrirtækjum. Flest þessi mál, sérstaklega þau stóru, voru knúin fram í mikilli andstöðu við núverandi stjórnarandstöðuflokka. Þessir sömu flokkar segjast nú ekki hafa hug á því að hverfa aftur til baka með þessi fyrirtæki í ríkiseigu. Með öðrum orðum, það á ekki að þjóðnýta fyrirtækin til baka.

Ég tel að í þeirri afstöðu felist viðurkenning á því að við höfum tekið réttar ákvarðanir hvað þessi fyrirtæki varðar. Fyrir utan ýmis minni fyrirtæki er ég sérstaklega að tala um bankana og Símann. Bankarnir eru að skila gríðarlegum skatttekjum í ríkissjóð, og það gerir Síminn líka. Við höfum ákveðið að ráðstafa söluandvirði Símans til ýmissa þarfra þjóðfélagslegra verkefna.

Þessi einkavæðingaráform hafa gengið afskaplega vel og leyst mikla krafta úr læðingi. Þetta er hluti af þeim stóru skipulagsbreytingum sem við höfum beitt okkur fyrir. Þar skipti sköpum að opna hagkerfið, með EES-samningum, skattalækkunum og einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Nú eru þessar breytingar komnar fram og það er merkilegt að margir þeir sem töluðu gegn þessum breytingum skuli ekki ætla að beita sér fyrir því að ganga úr EES, hækka skatta aftur og þjóðnýta fyrirtæki á nýjan leik. Varðandi framhaldið þá vil ég að skattar verði lækkaðir áfram eftir því sem staða ríkissjóðs leyfir. Við gerum okkur grein fyrir því að við munum ekki á næstunni geta tekið jafn stór skref og við gerðum á síðasta kjörtímabili, en þá tókum við stór skref sem skipt hafa miklu máli. Við viljum halda áfram að lækka tekjuskattinn, bæði með því lækka hlutfallið og hækka persónuafsláttinn, og síðan viljum við halda áfram að gera hreingerningu varðandi vörugjöld og tolla. Við sjáum ekki fyrir okkur stór einkavæðingarverkefni á næstunni.“

**Hvað með Íslandspóst, sem hefur verið að hasla sér völl á markaði í alls óskyldum rekstri með kaupum á prentfyrirtæki?**
„Jú, það er eiginlega sjálfgefið að Íslandspóstur verði seldur eftir nokkur ár þar sem fyrirtækið mun missa einkaleyfi sitt til venjulegra póstflutninga eftir nokkur ár. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að Íslandspóstur fari á markað og keppi að öllu leyti við önnur fyrirtæki á jafnréttisgrundvelli.“

**Það hefur lengi verið vilji til þess meðal sjálfstæðismanna að afnema stimpilgjöldin. Stendur ekki til að hrinda því í framkvæmd og hvers vegna hefur það ekki verið gert?**
„Við viljum afnema stimpilgjöldin en það þarf að gera það við réttar aðstæður. Við höfum orðið að forgangsraða í þessum efnum og létum t.d. lækkun virðisaukaskatts á matvæli ganga fyrir. Við þurfum hins vegar að gæta þess að byggja grundvöll fyrir frekari lækkanir. Það getum við gert með því að styrkja tekjuöflunina af fjármagnseigendum og fyrirtækjum. Við getum náð í meiri tekjur með því að lækka tekjuskatthlutfall fyrirtækja enn frekar. Varðandi fjármagnseigendur þá getum við náð í meiri tekjur af þeim skatti með því að láta fjármagnstekjuskattinn í friði eins og hann er. Það er skattstofn sem er að byggja sig upp mjög ört, og ef við förum að hringla með hann eigum við það á hættu að stofninn rýrni því hann er mjög kvikur. Þá er sú hætta ennfremur fyrir hendi að fjármagnið hverfi úr landinu.“

**Verndun eignarréttarins er og hefur frá upphafi verið grundvallaratriði í stefnu Sjálfstæðisflokksins. Telur þú, í ljósi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar í svokölluðum þjóðlendumálum, að ríkisvaldið hafi farið offorsi í kröfum sínum gagnvart landeigendum?**
„Þjóðlendumálin heyra undir forsætisráðuneytið en ég hafði sem fjármálaráðherra það verkefni að leggja fram kröfur í nafni ríkisins og stóð að því um stóran hluta landsins. Þau mál hafa verið til lykta leidd að mestu leyti, ýmist fyrir óbyggðanefndinni eða fyrir dómstólum. Það er að komast gleggri mynd á málið og þá með tilliti til þess hver sé hin rétta framkvæmd laganna sem samþykkt voru, næstum samhljóða, árið 1998. Þá var gagnrýni vinstriflokkanna á þessi lög sú að þau gengju ekki nógu langt varðandi þjóðareign á landi. Helsta gagnrýnisatriðið á ríkisstjórnina var að hún væri of höll undir landeigendur. Málið snýst hins vegar eingöngu um það að fá endanlega á hreint hver á hvað á hálendi Íslands, eða öðrum svæðum þar sem það er ekki með öllu ljóst hver hinn rétti eigandi er.

Mikil rannsóknarvinna hefur verið í gangi vegna þessara mála. Það sem er mikilvægt núna er að fjármálaráðherra hefur náð um það betri sátt milli aðila hvernig eigi að standa að undirbúningi að kröfum að hálfu ríkisins, og síðan kröfugerðinni sjálfri. Óbyggðanefnd hefur fallist á nýtt vinnulag, sem Samtök landeigenda eru sáttari við, og á þeim grunni fer málið áfram. En auðvitað þarf að ljúka þessum málum og það er mikilvægt, þegar upp verður staðið, að eignarhald landeigenda verði ljóst og ekki véfengt í framtíðinni af hinum og þessum aðilum. Það er rétt að undirstrika að þetta mál var ekki hafið sem einhver atlaga að landeigendum. Það hefði aldrei komið til greina af hálfu Sjálfstæðisflokksins. En það var óánægja með kröfur ríkisins hjá landeigendum. Nú hafa fallið dómar um þessi mál sem eru fordæmisgefandi og á þeim er hægt að byggja á grunni þess nýja vinnulags sem fjármálaráðherra hefur kynnt.“

**Finnst þér vera þörf á því að gera sérstakt átak í jafnréttismálum, bæði hjá hinu opinbera og í atvinnulífinu?**
„Jafnréttismálin hafa þróast hratt í rétta átt, þó að enn sé verk að vinna. Ég tel að fæðingarorlofslögin, sem ég hafði ákveðið frumkvæði að sem fjármálaráðherra, séu eitt stærsta skrefið í jafnréttismálum sem stigið hefur verið á seinni árum. Það er ekki allt búið þar með. Enn er fyrir hendi óútskýrður kynbundinn launamunur í þjóðfélaginu og það verður að ráðast að rótum hans. Það er ekki hægt að gera nema í góðu samstarfi við atvinnulífið. Ég held að góðir atvinnurekendur vilji ekki láta það um sig spyrjast að þeir greiði körlum hærri laun en konum fyrir sambærileg störf. Það er ólíðandi ef svo er, og jafnréttisvottun sem félagsmálaráðherra hefur kynnt, sem kemur á samkeppni milli fyrirtækja um að standa vel að þessum málum, er svo sannarlega til hins betra. Ég á sjálfur fjórar dætur og myndi aldrei geta sætt mig við að þurfa að útskýra fyrir þeim að þær eigi að hafa lægri laun en karlar af því að þær eru konur.“



**GEIR H. HAARDE** Vill halda áfram á sömu braut og ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hefur verið á síðan 1995. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## PÓLITÍSKUR FERILL

Geir hefur verið þingmaður Reykvíkinga frá 1987 en á árunum 1983 til 1987 var hann aðstoðarmaður fjármálaráðherra. Fjármálaráðherra 1998-2005, síðan utanríkisráðherra en hefur verið forsætisráðherra frá því í fyrra. Hann var varaformaður Sjálfstæðisflokksins á árunum 1999 til 2005, en formaður hans síðan 2005.




# Veldu þinn stað

## Nægt framboð fjölbreyttra lóða í Reykjavík

**Borgarbúar geta nú í fyrsta sinn skoðað á netinu ný íbúðasvæði og lóðir sem verða til úthlutunar á næstunni. Uppbyggingar- og úthlutunaráætlun Reykjavíkurborgar til næstu ára liggur nú fyrir og nýjar reglur um úthlutun tryggja að allir hafa jafna möguleika á að fá lóð.**

**Til úthlutunar á næstu árum verða minnst 1000 íbúðir á ári í nýbyggingarhverfum og 500 nýjar íbúðir í miðborginni og nágrenni. Úthlutað verður þrisvar á hverju ári – í maí, september og desember.**

### Enn fleiri búsetukostir

Lykilorðin við uppbyggingu í Reykjavík til næstu ára eru framboð, fjölbreytni og gæði. Markmiðið er að allir sem vilja geti byggt og búið í Reykjavík og að borgin verði fyrsti búsetukostur sem flestra. Lykilsvæðin á næstu árum verða Úlfarsárdalur, Reynisvatnsás, Sléttuvegur, Geldinganes, Slippasvæðið, Vatnsmýrin og Örfirisey.

### Val um lóðir

Nýjar úthlutunarreglur byggja á gegnsæi og sanngirni og tryggja að allir hafa sama tækifæri til að eignast lóð í Reykjavík. Hægt verður að sækja um lóðir á netinu og eftir að farið hefur verið yfir allar umsóknir verður dregið úr þeim umsóknum sem uppfylla öll skilyrði. Þannig ræðst hverjir fá lóðir og í hvaða röð umsækjendur fá að velja sér lóð.

### Föst verð á lóðum

Föst verð verða á lóðum í nýjum íbúðahverfum Reykjavíkur; 11 milljónir fyrir einbýlishús, 7.5 milljónir fyrir parhús og raðhús og 4.5 milljónir fyrir fjölbýlishús.

### Nýr og aðgengilegur vefur

Uppbyggingar- og úthlutunaráform borgarinnar verða öllum aðgengileg með nýjum upplýsingavef. Nákvæmt upplýsingakort sýnir uppbyggingarsvæðin í borginni, hvar þau eru og hvenær úthlutun hefst. Notendur geta skoðað hvert svæði, stækkað myndir, opnað skjöl með nánari upplýsingum, lesið greinargerðir, séð þrívíddarmyndir, yfirlitsuppdrætti, sneiðmyndir og fleira.

**Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is og www.skipbygg.is**

Reykjavíkurborg

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Baráttudagur verkalýðs og fátækra bænda:

## Gömul og ný viðfangsefni

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Á hátíðisdegi verkalýðsins vakna enn spurningar um árangur kjarabaráttu – hvað hefur áunnist, hvernig má gera betur? Eðlilega. Stéttarfélög, jafnvel þau sem stórfyrirtæki hafa búið til svo að taumhald megi hafa á kostnaði við að hafa fólk í vinnu, verða að vera í lifandi sambandi við umbjóðendur sína. Þeir jafnt og forystumenn verða stöðugt að spyrja sig: Hvað ber að gera?

Sumum gengur þar erfiðlega og hafa elstu félög verkalýðshreyfingarinnar runnið saman í stærri heildir til að bæta skipulag sitt og sóknarstöðu. Grundvöllur þeirra er sú trú að samfélag mannanna megi bæta, ólíkt ýmsum talsmönnum atvinnulífs og tiltekinna stjórnmálaflokka sem líta á fátækt sem óhjákvæmilegan hlut í samfélagi manna, eitthvað sem verður ekki upprætt, nánast sem hluta af mannlegu eðli.

Þar takast því á andstæð og ósamrýmanleg viðhorf, rétt eins og í upphafi baráttunnar þegar atvinnurekendur og þeirra þý í stjórnarstólum litu svo á að vinnutíma, daga og mánuði, og öll réttindi væri eðlilegt að takmarka – hver sá sem risi gegn þeim óskráðu reglum að hinar vinnandi stéttir skyldu þræla myrkranna á milli alla daga vikunnar árið um kring væri uppreisnarseggur og best réttdræpur. Hreyfingar atvinnurekenda og stjórnmálaöfl sem þeim eru næst kæra sig lítt um að rifja upp tíma þegar harðneskjan ein ríkti í meðferð á vinnandi fólki. Né vilja menn kannast við þann óslitna þráð sem sjá má í sögunni um þrælahald á börnum og fullorðnum, hér á landi fyrir réttri öld og nú í viðskiptalöndum okkar í þróunarlöndum.

Verkalýðshreyfingin hefur ekki minna hlutverki að gegna nú en í upphafi kjarabaráttu sem óx í skjóli réttinda borgarastéttarinnar. Um þessar mundir flæðir inn í landið vinnuafl sem nýtur ekki mannsæmandi lífshátta. Grunnt er á því viðhorfi okkar til aðkomumanna í erfiðisvinnu að þeir séu nánast þrælar. Og stjórnvöld hafa takmarkaðan vilja og mátt til að sinna réttindum þessara gesta sem vinna fyrir okkur skítverkin.

Í næsta bás sitja svo eftir þeir lægstlaunuðu sem eiga sér næga málsvara þótt fátt komi fram þeim til bjargar: hér á landi er að myndast stór stétt einhleypra kvenna með takmarkaða menntun sem fylla láglaunastörf. Þær og afkvæmi þeirra eru dæmd í ævidaga örbirgðar sem á endanum hvolfa yfir þær heilsubresti eftir langvarandi slit og ótta. Rétt eins og réttlitlar griðkonur fyrri alda eru þær á jaðrinum og eiga sér fá skjól; þurfa skjaldborg og sóknarsveit.

Eftirlaunamenn, sem hafa önglað saman sparnaði í lífeyrissjóðakerfið sem dælir fjármagni um æðir samfélagsins, þurfa sína baráttusveit. Það ranglæti hefur viðgengist um áratugaskeið að í stjórnum lífeyrissjóða sitji fulltrúar atvinnulífsins. Þeir stólar eru launabót fyrir mektarmenn. Það þykir sjálfsagt að atvinnurekendur haldi áfram að líta til með sjóðum sem þeir hafa aðeins greitt í umsamin gjöld. Almenningi og fulltrúum hans er ekki treystandi fyrir eigin aflafé. Gamlir yfirmenn þykja betur til þess fallnir. Því þarf að breyta.

Verkefnin eru mörg og brýn og aðeins fjöldahreyfing er þess megnug að hrinda umbótum fram. Menn skyldu hafa það í huga þegar erindisleysi verkalýðshreyfingar í landinu ber á góma.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

KOLAPORTIÐ

OPIÐ

í dag

frá kl. 11-17

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ósætti fer hljótt

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu fékk Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra „meldingar“ úr forsætisráðuneytinu, sem urðu til þess að hún taldi sér ekki stætt á að ræða í ríkisstjórn hugmynd sína um að komið yrði á eðlilegum samskiptum við þjóðstjórn Palestínu. Það má teljast sérkennilegt að í miðri kosningabaráttu skuli enginn stjórnarandstæðingur hafa minnst á þetta. Í Silfri Egils um helgina var Ögmundi Jónassyni veitt tækifæri til þess í lok þáttarins. Valgerður sat við hlið hans og Egill spurði Ögmund álits á hugmynd hennar.



Hann kaus að styðja Valgerði heils hugar í stuttu máli og svara svo fyrri gagnrýni á utanríkisstefnu sína. Hefði Ögmundi þó verið í lófa lagið að véfengja að Framsókn hefði pólitískan styrk til að koma málinu í gegn.

### Sverrisdótturstræti

En vegna þeirra ummæla Geirs H. Haarde að Norðmenn séu gerendur í utanríkismálum en afstaða Íslendinga skipti minna máli mætti minnast frumkvæðis Íslendinga í utanríkismálum í gegnum tíðina.

Jón Baldvin Hannibalsson, þáverandi utanríkisráðherra, viðurkenndi til að mynda sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna í mikilli óþökk heimsveldis Rússa.



Í höfuðborg Litháens, Vilníus, stóð eitt sinn til að skíra götu eftir utanríkisráðherra. Hannibalssonstræti átti hún að heita, en Litháar gátu ekki borið það fram. Var hún því nefnd Íslandsgata.

En það eru fleiri Íslandsgötur til, því við vorum víst gerendur í Mið-Austurlöndum þegar Ísraelsríki var stofnað og studdum að því. Í Jerúsalem er því Íslandsgata. Hver veit nema við fáum einn góðan veðurdag að ganga eftir Sverrisdótturstræti eða Geirsgötu í friðsælli Jerúsalemborg?

klemens@frettabladid.is

## Það er hægt að gera betur



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Í DAG | Stjórnmál

Í dag 1. maí, á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðshreyfingarinnar, færi ég öllu launafólki baráttukveðjur okkar í Samfylkingunni og heiti sem fyrr fullum stuðningi í mikilvægu starfi að hagsmunum íslensks launafólks.

Það er við hæfi á þessum degi að líta um öxl, sjá hvað vel hefur tekist og eins hvað er hægt að gera betur. Góðæri undanfarinna ára hefur skilað sér misjafnlega til launþega. Ýmsir hafa það betra en áður og því ber að fagna. Hitt er þó verra að eftir nokkurra ára samfelldan uppgang í samfélaginu hafa kjör margra versnað til muna, um 5.300 börn búa við fátækt og misskiptingin í þjóðfélaginu hefur sjaldan verið meiri en einmitt nú.

Þessa þróun má að miklu leyti rekja til skattastefnu stjórnvalda sem hafa valið að auka skattbyrði þeirra sem hafa lágar og miðlungstekjur en lækka skattbyrði þeirra sem mestar tekjur hafa. Þannig hafa barna- og vaxtabætur verið stórlega skertar og lífeyrisbætur og skattleysismörk hafa ekki hækkað í takt við launaþróun. Þegar ríkisstjórnin ákvað að lækka tekjuskatt á einstaklinga í áföngum á árunum 2005 til 2007 og afnema hátekjuskatt hefði átt að fara þá leið að hækka skattleysismörkin líkt og Samfylkingin benti á. Sú leið hefði komið öllum vel, aukið jöfnuð í samfélaginu og dregið úr misskiptingu. Það er sú leið sem við munum fara, fáum við til þess umboð í kosningunum.

Í okkar ríka landi bíða þúsundir einstaklinga á biðlistum eftir úrlausn sinna mála. 400 aldraðir í brýnni þörf bíða eftir hjúkrunarrýmum, 900 aldraðir búa í þvingaðri samvist, 170 börn bíða eftir að komast að hjá Barna- og unglingageðdeild, 276 börn með þroskafrávik bíða eftir greiningu Greiningarstöðvar ríkisins, sum allt upp í 3 ár og eiga að lokinni greiningu jafnvel fyrir höndum jafn langa bið eftir aðstoð. Þá eru ótaldir allir þeir sem bíða eftir annarri aðstoð heilbrigðiskerfisins s.s. hjartaþræðingu og liðskiptiaðgerðum en samtals telja biðlistar Landspítala háskólasjúkrahúss 3.145 manns. Þetta ástand er verkefni sem Samfylkingin vill takast á við og hefur þegar kynnt tillögur sínar að lausn vandans.

Kynbundinn launamunur hefur staðið í stað allan þann tíma sem núverandi ríkisstjórn hefur verið við völd og þar birtist dugleysi ríkisstjórnarinnar. Það verður eitt helsta forgangsmál Samfylkingarinnar í ríkisstjórn að leiðrétta það óréttlæti sem felst í launamun kynjanna. Við viljum aflétta launaleynd og endurmeta störf hefðbundinna kvennastétta til launa eins og gert var í Reykjavíkurborg undir minni stjórn með góðum árangri. Við viljum einnig jafna hlut kvenna og karla í stjórnum og ráðum og í ráðherraliði Samfylkingarinnar verður jafnt hlutfall karla og kvenna. Við höfum sýnt fram á að það er hægt að gera betur. Vilji er allt sem þarf.

Íslensk börn og ungmenni þurfa meiri tíma með foreldrum sínum. Við verðum að gera börnum og foreldrum kleift að eiga fleiri samverustundir. Íslenskir foreldrar vinna hins vegar eina lengstu vinnuviku í Evrópu og það kemur niður á fjölskyldulífinu. Samfylkingin vill bæta hag barnafjölskyldna með margvíslegum aðgerðum s.s. hækkun barnabóta, lægra matarverði, afnámi stimpilgjalda á húsnæðislánum og ókeypis námsbókum í framhaldsskóla. Þá verður það eitt fyrsta verk ríkisstjórnar Samfylkingarinnar að leita samstarfs við samtök á vinnumarkaði um leiðir til að stytta virkan vinnutíma foreldra og auka sveigjanlegan vinnutíma þannig að fjölskylduábyrgð og atvinnuþátttaka fari betur saman. Fyrirtækin í landinu verða að setja börnin í forgang með sama hætti og stjórnvöld munu gera ef Samfylkingin kemst í ríkisstjórn.

Þann 12. maí ákveða Íslendingar pólitískt landslag næstu fjögurra ára. Samfylkingin vill taka þátt í að móta það landslag á grundvelli sígildra hugsjóna jafnaðarflokka um heim allan. Hugsjóna um frelsi, jafnrétti og bræðralag. Samfylkingin trúir á mikilvægi þess að fólk og fyrirtæki hafi frelsi til athafna, en samhliða þarf að tryggja öllum jöfn tækifæri til að nýta þetta frelsi. Það gerist ekki síst með öflugu menntakerfi og velferðarkerfi fyrir alla þá sem á þurfa að halda. Til að svo megi verða þarf að ná efnahagslegu jafnvægi á ný, bæta hag heimilanna, leiðrétta það mikla óréttlæti sem felst í launamisrétti kynjanna og bæta kjör þeirra lægst launuðu. Þau samfélög sem byggja á þessari sígildu sýn jafnaðarmanna hafa hvort tveggja í senn reynst vera réttlátustu samfélög heims og þau samkeppnishæfustu. Þannig samfélag vill Samfylkingin byggja upp. Það er hægt að gera betur.

Þann 12. maí næstkomandi er tækifæri til að breyta, breytum rétt!

*Höfundur er formaður Samfylkingarinnar.*

## Albesti fundurinn

UMRÆÐAN

Fiskveiðistjórnun



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Í Fréttablaðinu sunnudaginn 29. apríl er sagt frá eftirfarandi ummælum fundarmanns á Húsavík sem sótti fund Frjálslynda flokksins og Jóns Kristjánssonar, ráðgjafa færeyskra stjórnvalda við fiskveiðistjórn.

„Ég var gáttaður á þeim fróðleik og vísindum sem hann hafði fram að færa. Ég er gáttaður á að alþingismenn, fréttamenn, og aðrir sem vilja auka skilning sinn á umhverfinu skuli ekki leggja við hlustir og auka þekkingu sína með því að hlusta á önnur sjónarmið en þau sem eru mötuð ofan í okkur af Hafrannsóknastofnun. Bara gáttaður. Ég fer á ýmsa fundi og þetta er sá albesti fundur sem ég hef orðið vitni að.“

Í Fréttablaðinu er einhverra hluta vegna ætlað að ofangreind ummæli séu frá okkur Jóni Kristjánssyni komin. Það er ekki rétt heldur eru þetta ummæli Húsvíkings sem birt voru í umræðuhorni því ágæta veftímarits www.skarpur.is.

Þess ber að geta að það hefur ekki einungis verið gerður góður rómur að fyrirlestrum okkar Jóns á Húsavík heldur víða um land s.s. nú nýlega á Dalvík, Neskaupstað, Akureyri, Djúpavogi og víðar. Við höfum einnig verið fengnir til að flytja mál okkar erlendis s.s. í London, Skotlandi Norður- Írlandi, Færeyjum og í fiskveiðinefnd Evrópusambandsins í Brussel.

Fréttablaðið hefur ekki enn séð ástæðu til þess að greina skilmerkilega frá okkar sýn á fiskifræði og stjórn fiskveiða. Ég hef löngum velt vöngum yfir því hvers vegna þessi þögn ríkir og það eru greinilega fleiri sama sinnis eins og fram kemur í ofangreindum ummælum.

Sjónarmið okkar Jóns Kristjánssonar byggja á viðtekinni vistfræði þar sem sveiflur í stærð dýrastofna ráðast m.a. af þeirri fæðu sem er til skiptanna.

Sú stefna sem rekin hefur verið af íslenskum stjórnvöldum á síðustu árum tekur ekki mið af þessum grundvallaratriðum enda hefur hún beðið algjört skipbrot hvað eftir annað. Þess vegna ætti það að vera sjálfsagt og eðlilegt mál að fjalla um mjög málefnalega gagnrýni sem byggir á vísindalegum gögnum. Það er von mín að Fréttablaðið haldi uppi merki gagnrýninnar blaðamennsku og ráði bót á þessu.

Þessi fiskifræði Hafró sem byggir eingöngu á reiknilíkönum og stjórn fiskveiða sem hvílir á því mun líða undir lok. Það er einungis spurning hvenær.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.*



**Um 75** prósent landsmanna eru frekar eða mjög hlynnt því að veitinga- og skemmtistaðir verði reyklausir, samkvæmt skoðanakönnun sem Gallup gerði fyrir Lýðheilsustöð. Tölvert fleiri líta reykbannið jákvæðum augum nú en árið 2005, en þá voru sextíu prósent fylgjandi því samkvæmt könnun Gallup.

**Ný heimasíða Lyfjastofnunar** var opnuð við hátíðlega athöfn í Iðnó í gær. Heimasíðan hefur verið endurbætt tölvert til þess að auðvelda aðgengi almennings, lyfjafyrirtækja og heilbrigðisstétta að nauðsynlegum upplýsingum. www.lyfjastofnun.is

**Tryggingastofnun** er nú heimilt að taka aukinn þátt í kostnaði við tannlækningar fatlaðra og langveikra barna og þroskaheftra sem eru átján ára og eldri, samkvæmt reglugerð sem Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hefur undirritað.

# allt








Gunnar var aðeins tólf ára farinn að reykja og segist munu sjá eftir því alla lífstíð. Hann hvetur krakka til að láta reykingar eiga sig, þar sem þetta sé varasöm iðja sem geti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Hann hvetur þá sem eru farnir að fikta að leita til Lyfja og heilsu. Hér sést hann að störfum hjá Bátasmiðju Guðmundar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Farinn að reykja tólf ára

***Gunnar Línberg Sigurjónsson mælir með reykingaráðgjöf Lyfja og heilsu eftir að hafa barist við tóbaksdjöfulinn um árabil.***

Gunnar Línberg Sigurjónsson var aðeins ellefu ára byrjaður að fikta við sígarettur. Tólf ára reykti hann að staðaldri. Síðan þá eru liðin þrjátíu ár og hefur Gunnar á þeim tíma reynt ýmislegt til að losna við tóbaksdjöfulinn, en árangurslaust. Hann taldi sig hafa reynt allt sem máli skipti þar til hann uppgötvaði reykingaráðgjöf Lyfja og heilsu.

„Ég ákvað að prófa reykingaráðgjöf Lyfja og heilsu eftir að hafa heyrt hana auglýsta í útvarpinu og sé alls ekki eftir því,“ segir Gunnar. „Ráðgjöfin fer fram í einkaviðtölum, þar sem upplýsingar um skaðsemi reykinga og leiðir til að hætta eru dregnar fram í dagsljósið. Það var strax vel tekið á móti mér og mér hefur verið mikill styrkur að mæta.“

Þegar Gunnar fór í reykingaráðgjöf hafði hann átt við heilsubrest að stríða um nokkurt skeið og útilokar ekki að reykingunum sé um að kenna. „Ég var með tvö magasár og hafði lent á spítala fyrir nokkrum árum þegar annað lungað í mér féll saman. Ég gat ekki reykt á spítalanum og upplifði í fyrsta sinn slæm fráhvarfseinkenni, meðal annars svitaköst. Léleg heilsa átti þátt í því að ýta við mér og varð til þess að ég ákvað að leita mér aðstoðar.“

Þrátt fyrir að hafa sótt nokkra tíma hefur Gunnari enn ekki tekist að drepa í rettunni. Hann er þó ekki í neinum vafa um að það takist þegar reykingabann á veitingastöðum tekur gildi 1. júní næstkomandi. „Þetta verður ekkert mál þegar reykingum linnir á opinberum stöðum. Annars eru freistingarnar alls staðar og erfiðara að streitast gegn þeim. Bannið mun vafalaust hjálpa mörgum sem eru þegar orðnir staðráðnir í að hætta.“

*roald@frettabladid.is*








**Líkamsrækt** leiðir til betri svefns. Þeir sem eiga við svefnerfiðleika að stríða ættu að stunda hreyfingu í nokkra tíma á viku.


Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Næstu fyrirlestrar og námskeið
Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is
05. maí Opin hláturjógatími
Ásta Valdimarsdóttir jógakennari
08. maí Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrimsli..!?
Edda Björgvinsdóttir leikari
09. maí Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
10. maí Heilsukostur-Matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi

Betri svefn
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðasmára, Lifsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðasmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi
s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn

Ertu þurr í augunum?
Þá er OXYAL fyrir þig!
Oxyal™ Augndropar
Vernda augun og eru rakagefandi. Við þurrki, þreytu og ertingu í augum. Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.
Fæst í apótekum

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!




## Heilsusamleg hanastél

ÁVAXTAKOKKTEILAR ERU HOLLARI EN MARGUR HELDUR.

Taílenskir og bandarískir vísindamenn komust að því fyrir tilviljun að andoxunarefni í ávöxtum eykst við það að blanda þeim í áfengi. Þar með mætti telja ávaxtarík hanastél til heilsufæðis. Frá þessu greindu vísindamennirnir í tímaritinu Journal of the Science of Food and Agriculture. Vísindamennirnir voru að vinna að því að finna betri geymsluaðferðir fyrir jarðarber og komust að því að andoxunarefni þeirra jukust þegar alkóhóli var bætt við þau. Sama má segja um marga aðra litríka ávexti. Andoxunarefni er samheiti yfir næringarefni sem vernda vefi líkamans með því að hindra efnahvörf sem annars gefa frá sér skaðleg eiturefni.


Miklu meira en fiskiolía
Omega 3-6-9
EPA-GLA +
BIOSYM
EPA-GLA fæst hjá:
Aftur til náttúru
Yggdrasil.
Dreifingaraðili, S.L.I ehf., Sími: 866 9512




Jóna Hildur Bjarnadóttir, sviðsstjóri almenningsíþróttasviðs Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, segir átakið Hjólað í vinnuna stuðla að heilsusamlegum og umhverfisvænum ferðamáta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Umhverfisvænt og heilsusamlegt

***Fyrirtækjakeppnin Hjólað í vinnuna hefst á morgun, 2. maí, en þetta er fimmta árið í röð sem átakið er haldið hér á landi. Jóna Hildur Bjarnadóttir hjá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands segir keppnina tilvalið tækifæri fyrir fólk til að fara út og hreyfa sig.***

„Við byrjuðum á þessu árið 2003 og þá voru 533 þátttakendur sem hjóluðu samtals yfir 20.000 kílómetra. Í fyrra voru 5.296 þátttakendur þannig að það er tíföldun á fimm árum og þá voru hjólaðir 530 þúsund kílómetrar í átakinu," segir Jóna og bætir því við að vegalengdin samsvari 5,8 hringjum í kringum jörðina.

„Tilgangurinn með keppninni er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Allir sem nýta eigin orku á einhvern hátt til að komast til og frá vinnu geta verið með í átakinu þannig að einnig er hægt að ganga, fara á línuskautum eða taka strætó en þá er skráð sú vegalengd sem gengin er til og frá stoppistöð," segir Jóna. Átakið snýst því í raun um að fólk skilji bílinn eftir heima og að vekja athygli á umhverfisvænum ferðamáta. „Síðan er þetta auðvitað líka gert til að fólk hugsi um eigin heilsu því þetta er ókeypis heilsurækt."

Jóna segir keppnina sjálfa snúast um að ná sem flestum kílómetrum og sem flestum dögum hlutfallslega miðað við alla starfsmenn fyrirtækisins. „Það er því hagur hvers fyrirtækis að fá sem flesta með eitthvað, þó það hjóli ekki allir á hverjum degi."

Átakið mun standa frá 2.-22. maí og er miðað við þá fjórtán daga sem henta best fyrir hvern og einn. „Markmiðið er að fá sem flesta til að hreyfa sig," segir Jóna Hildur og bendir á að nánari upplýsingar megi finna á vefsíðunni www.isi.is.

- sig


Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN

Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Embla
Fyrir konur á breytingaskeiði
JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 • 101 Reykjavík
Sími 552 1103 • www.jurtaapotek.is



Persona.is

EYGLÓ GUÐMUNDSDÓTTIR
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Goðsögnin um ást og afbrýðisemi

Í byrjun ástarsambands geta einstaklingar bæði upplifað mikinn spenning gagnvart hinum aðilanum sem og óöryggi. Hjá sumum getur mikið óöryggi leitt til afbrýðisemi, þ.e. annar eða báðir aðilar hræðast að hinn hafi meiri áhuga á einhverjum öðrum en þeim sjálfum og þessi upplifun veldur iðulega mikilli vanlíðan. Þegar fólk hins vegar kynnist betur og sambandið kemst í betra jafnvægi er algengt að afbrýðisemin hverfi þar sem traust til makans vex og tilfinningin um að sambandið standi á traustum fótum minnkar óöryggistilfinningu. Hins vegar eru sumir sem túlka það sem svo að ef afbrýðisemi er ekki til staðar þá er heldur engin ást, þ.e. því meiri afbrýðisemi því meiri ást! Mörgum kann að virðast þessi túlkun á samasemmerki milli mikillar afbrýðisemi og ástar kjánaleg, en staðreyndin er sú að þetta virðist vera fremur algeng og lífseig goðsögn. Oftar en ekki virðist sem fólk fari að efast um ást sína til makans eða ást makans til sín ef engin er afbrýðisemin. Þetta fólk setur samasemmerki milli afbrýðisemi og ástríðna, sem og ástríðna og ástar. Djúp ást er meðal annars sambland af ástríðum, væntumþykju, virðingu og trausti, og á lítið skylt við afbrýðisemi. Afbrýðisemi á yfirleitt rætur sínar að rekja til óöryggis þess sem er afbrýðisamur, og geta orsakirnar verið margþættar. Hér má til dæmis nefna lélega sjálfsmynd og mikla hræðslu við höfnun, þar sem makinn á að fylla upp í sjálfsmyndina með því að sýna ást sína og aðdáun. Með því að líta á einhvern annan, tala við einhvern annan, og svo framvegis, upplifir sá sem er fullur óöryggi oft mikla afbrýðisemi þar sem hann/hún fer að hræðast að nú sé makinn að sýna einhverjum öðrum áhuga og muni jafnvel yfirgefa hann fyrir einhvern annan.

Ástin er viðkvæmt fyrirbæri og mikilvægt fyrir ástfangið fólk að hlúa vel að ástinni. Í stað þess að hræðast hina „hversdagslegu“ ást og halda að þá sé ástin uppurin og best sé að stíga út úr sambandinu, er mikilvægt að njóta þess fallega í hversdagsleikanum og átta sig á að það er í hversdagsleikanum sem ástin nær að þroskast og dýpka milli tveggja einstaklinga. Ef afbrýðisemin hefur skotið rótum í ástarsambandinu er mikilvægt að komast að rótum vandans og leysa hann. Því þó svo að afbrýðisemi geti í byrjun ástarsambands virkað á suma sem eitthvað krúttlegt og einhverskonar ástarjátning, er raunin yfirleitt sú að sá sem fyrir afbrýðiseminni verður, og þar á meðal tortryggni maka síns, upplifir oft mikla vanlíðan vegna þess að makinn treystir honum/henni ekki. Þetta getur haft í för með sér að makinn (sá sem verður fyrir afbrýðiseminni) fer að forðast aðstæður sem mögulega gætu ýtt undir afbrýðisemi makans, eitthvað sem með tímanum getur orðið að mikilli einangrun og upplifun um að vera fastur í búri. Því er það oftar svo að mikil afbrýðisemi eykur ekki ástina milli tveggja einstaklinga heldur er mun líklegra að á henni slokkni með tímanum.

*Gangi ykkur vel,*
*Eygló Guðmundsdóttir, sálfræðingur.*



Börn sem fá höfuðáverka meiða sig frekar aftur á höfði en önnur börn.

# Endurtekin höfuðhögg

***Börn með höfuðáverka eru líklegri til að meiða sig aftur á höfði en önnur börn.***

Börn sem fá höfuðhögg eru líklegri til að slasa sig aftur með svipuðum hætti en önnur börn, samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var við Montreal-háskóla í Kanada.

Vísindamenn við skólann tóku viðtöl við foreldra 11.867 barna sex og tólf mánuðum eftir að þau höfðu hlotið ýmsa áverka. Í ljós kom að 2,4 prósent barnanna meiddust með svipuðum hætti hálfu ári seinna. Hlutfallið hækkaði upp í 4,1 prósent sex mánuðum eftir það.

Hlutfallið var hærra í hópi barna með eldri höfuðáverka en aðra áverka. Börn með höfuðáverka voru 1,7 sinnum líklegri til að meiða sig aftur innan sex mánaða en hin. Niðurstöður voru svipaðar ári síðar.

Enn er ekki vitað hvers vegna börn sem slasast á höfði eru líklegri en önnur börn til að hljóta fleiri höfuðáverka.

*- rve*


*Fyrr fallega brún í sól með AstaZan*







SPS - 9895

Við inntöku á Astazan styrkist húðin fljótt. Þegar farið er í sól fær húðin fyrr fallega brúngylltan lit sem endist lengi. Verndar húðina fyrir skaða og öldrun. AstaZan er öflugt andoxunarefni sem eykur einnig styrk og þol vöðva, gott á ferðalögum við göngur, líkamsþjálfun og allt álag. Rannsóknir* staðfesta árangur.

LifeStream®
*Engin málamiðlun í gæðum*

**Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni.**

**Karolinska Institute, 1998. University of Memphis 2001.*

www.celsus.is



ELBA
*Toppgæði á botnverði!*

**Ofnar**
**Fjölvirkir 8 eða 9 kerfi**



| | | |
|---|---|---|
| 608-100 | Hvítur eða svartur | 59.900,- |
| 608-100 | Stál | 63.200,- |
| 608-800 | Snertirofar | 73.200,- |
| 618-800 | Alhreinsun | 88.300,- |
| 700-80 | 70 cm. br. | 76.600,- |
| 101-80 | 90 cm. br. | 92.400,- |



Gerð 918-100 2ja hólfa 99.900,-

**Viftur & Háfar**
**Mikið úrval**

**Eyjuháfar**



| | | |
|---|---|---|
| HMC-9624 | 66x90cm. | 51.500,- |
| HMC-9664 | 65x90cm. | 61.900,- |



| | | | |
|---|---|---|---|
| HMC-622 | Útdregin | hvít | 13.900,- |
| HMC-602 | útdregin | stál | 13.900,- |

**Vegghháfar**



| | | | |
|---|---|---|---|
| HMC-6144 | 60 cm. | Stál | 21.200,- |
| HMC-9144 | 90cm. | Stál | 23.900,- |

**Helluborð**
**2ja eða 4ra hellu keramik**

BETRI STOFAN



| | | | |
|---|---|---|---|
| 230-050 | 2-h. | Stálrammi | 23.500,- |
| 345-450 | 4-h. | Án ramma | 30.700,- |
| 345-442 | 4-h. | Án ramma | 37.900,- |
| 345-005 | 4-h. | Snertirofar | 45.600,- |
| 377-007 | 4-h. | 70cm br. | 49.400,- |
| 377-006 | 4-h. | 70cm Snr. | 56.600,- |



| | | |
|---|---|---|
| 235-100 | 1 brennari | 15.600,- |
| 235-200 | 1 brennari | 15.100,- |
| 265-445 | 4 brennarar | 28.300,- |
| 375-545 | 5 brennarar | 33.400,- |
| 395-545 | 5 brennarar | 36.300,- |

*Vorum að fá nýja sendingu frá ELBA og bjóðum nú þessi gæðatæki með* ***20-25% afslætti,*** *meðan birgðir endast.*
*Við bjóðum enn betur, því við veitum einnig* ***magnafslátt,*** *3% af tveimur tækjum, 4% af þremur tækjum og 5% séu keypt 4 eða fleiri tæki samtímis.*
*Auglýst verð miðast við staðgreiðslu.*

**Gaseldavélar**
**Fullkominn 7 kerfa ofn og 4ra eða 5 brennara gashelluborð, stál.**



*Stærð: BxDxH=100x60x90*

| | | |
|---|---|---|
| 106-EX870 | 1ofn | 152.200,- |
| 126-EX634 | 2 Ofnar | 166.600,- |



*Stærð: BxDxH=60x60x85*

66-EX348 Stál 79.900,-

**Eldavélar**
**Keramikborð með 4 hraðhellum og fullkominn fjölvirkur ofn.**



*Stærð: BxDxH=100x60x90*

| | | |
|---|---|---|
| 106-EX939 | 1ofn | 165.400,- |
| 126-EX339 | 2 Ofnar | 184.100,- |



*Stærð: BxDxH=60x60x85*

| | | |
|---|---|---|
| 66-W955 | Hvít | 69.900,- |
| 66-EX396 | Stál | 89.900,- |

**Útsala af eldri gerðum**
**Bjóðum eldri gerðir af raf- og gashelluborðum o.fl. með a.m.k. 50% afslætti.**

***2ja ára ábyrgð - fullkomin varahluta- og viðgerðarþjónusta***

**Opið:**
Virka daga kl. 9-18
Laugardaga 10-15

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Opnunar **tilboð**

Höfum opnað ***nýtt verkstæði*** að Skútahrauni 9, Hafnarfirði

BETRA GRIP

Umboðsaðili BRIDGESTONE á Íslandi

**20%** afsláttur

*af Bridgestone, Firestone og Dayton dekkjum!*
*Verð 14" frá kr. 5.500*

**27%** afsláttur

*af umfelgun.* ***Verð frá kr. 4.000***

*Lágmúli 9 Reykjavík og Skútahrauni 9 Hafnarfirði s. 5 333 999 www.betragrip.is*





# Hafnarfjörður

**ÞRIÐJUDAGUR 1. MAÍ 2007**

Rósa Guð-
bjartsdóttir

**Fótboltamamma af guðs náð**

**BLS. 4**





FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


# Hollustuna heim!

*Hollur og góður kínamatur,*

**Gefðu þér 15 mínútur og sæktu matinn til okkar þá færðu 2 lítra kók og rækjuflögur FRÍTT með!**

***Gildir ef pantað er fyrir 2 eða fleiri***

BARNABOX
2 kjúklingaleggir franskar og kokteilsósa kinderegg
700 kr

*stórir skammtar - beint heim til þín.*



INDOKÍNA

ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRÍ HEIMSENDING

Lágmarkspöntun er kr. 1.000,- en kr. 4.000,- í Hafnarfjörð.
Opið mán-fimmtudaga 12-21:30
föstu og laugardaga 12-22:30
sunnudaga 17-21:30
www.indokina.is

PÖNTUNARSÍMI 552 2399

| TILBOÐ 1 | TILBOÐ 2 | TILBOÐ 3 |
|---|---|---|
| Djúpsteiktar rækjur Original hot and sweet svínakjöt Snöggsteikt nautakjöt í ostrusósu Kínverskar eggjanúðlur m/kjúklingi og grænmeti Hrísgrjón, súrsæt sósa, prjónar og soya sósa | Djúpsteiktar rækjur Peking kjúklingur m/kínasveppum Wok steikt lambakjöt m/svartbaunasósu Original hot and sweet svínakjöt Hrísgrjón súrsæt sósa, prjónar og soya | **Rifjapartý** Konton svínarif Hrísgrjón, prjóna og soya poki af Maarud |
| 1.345 á mann 2.690 fyrir tvo | 1.445 á mann 2.890 fyrir tvo | 1.250 á mann 2.500 fyrir tvo |

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGJA Í „TAKE AWAY"

# Einleikur um ofurhetjur

Eyrún Ósk Jónsdóttir leikkona mun sýna nýtt leikrit í Jaðarleikhúsinu í Hafnarfirði meðan á Björtum dögum stendur. Leikritið samdi hún undir áhrifum frá verkum myndlistarkonunnar Brynju Árnadóttur.

„Við Brynja fórum að ræða samstarf síðasta vetur," segir Eyrún. „Það varð síðan til þess að ég hugsaði með mér hvað það yrði gaman að sækja innblástur í myndirnar hennar, sem eru fullar af tjáningu. Þannig að ég settist niður og skrifaði einleik. Afraksturinn verður síðan hægt að sjá á Björtum dögum, ásamt myndum Brynju."

Að sögn Eyrúnar fjallar leikritið, sem hefur enn ekki hlotið heiti, um sérstæðan mann í erfiðum kringumstæðum, sem sækir styrk í ofurhetjurnar sem hann dáði í æsku. „Ég réði til mín sænskan leikara að nafni Erik Hogensen til að fara með aðalhlutverkið og við erum búin að vinna heilmikla undirbúningsvinnu. Meðal annars liggja yfir öllum ofurhetjumyndum sem við höfum komist yfir," segir hún og hlær.

Eyrún lýsir einleiknum sem dramatísku leikriti þar sem gamanið er þó aldrei langt undan. „Þegar ég segi dramatík meina ég melódramatík. Þannig að leikritið verður fyndið og súrrealískt á köflum. Fólk kemur ekki til með að fara út af sýningunni með hangandi haus."

Eins og fyrr sagði er leikritið undir áhrifum frá verkum Brynju, þótt þar sé engar ofurhetjur að finna að sögn Eyrúnar. „Nei, þetta eru pennateikningar af svipmiklum persónum, sem kveiktu neista í mér. Þær verða hluti af leiksýningunni og öfugt, þar sem leiksýningin er sett upp í sýningarsalnum og þannig getur fólk slegið tvær flugur í einu höggi."

Eyrún hvetur fólk til að mæta á opnun myndlistarsýningarinnar klukkan 18 hinn 1. júní en leikritið verður frumsýnt sama dag.

*roald@frettabladid.is*




**Eyrún Ósk Jónsdóttir stendur hér fyrir framan Jaðarleikhúsið, sem hún rekur í Hafnarfirði. Þar verður tekinn til sýningar nýr einleikur eftir Eyrúnu, sem er undir sterkum áhrifum af pennateikningum myndlistarkonunnar Brynju Árnadóttur.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Ástþór leiðbeinir nemendum sínum við lokaverkefnin.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Nemendur á öllum aldri

**Listnámsbraut Iðnskólans í Hafnarfirði þykir góður undirbúningur fyrir frekara listnám. Ástþór Ragnarsson, umsjónarmaður listnámsbrautarinnar, segir að nokkrir nemendur komist beint inn í erlenda listaháskóla.**

Á listnámsbrautinni er annars vegar boðið upp á fjögurra anna nám fyrir þá sem hafa lokið stúdentsprófi og hins vegar sex annir fyrir þá sem eru með grunnskólapróf. „Mikill meirihluti nemendanna er með stúdentspróf og þeir eru á öllum aldri. Hingað kemur fólk allt upp undir sextugt, með hvaða bakgrunn sem er, jafnvel kennarar úr listnámsgreinum annars staðar frá," segir Ástþór.

Námskeiðin á listnámsbrautinni eru mjög fjölbreytt og ekki er nauðsynlegt að nemendur hafi lært eitthvað í myndlist áður. „Við kennum meðal annars formfræði, litafræði, módelteikningu og tölvuteikningu. Við erum líka með sérstaka áfanga í málmi, tré og plasti og jafnvel fleiri en einn í hverju efni eftir því hvað fólk kýs sér. Síðan eru nokkrir áfangar sem ganga eingöngu út á hönnun, hugmyndaáfangar, þróunaráfangar og fullunnin vara þar sem nemendurnir geta notað hvaða efni sem er," segir Ástþór.



**Margir nemendur listnámsbrautarinnar komast beint inn í listaháskóla, bæði hér heima og erlendis.**



**Nemendurnir þurfa að skila ýmsum verkefnum og safna efni í möppur.**



**Formfræði og litafræði eru meðal þess sem kennt er á listnámsbrautinni.**

Meginmarkmið listnámsbrautarinnar er að sögn Ástþórs að búa nemendur undir frekara listnám. „Við viljum gefa þeim möguleika á því að eignast aðgöngumiða að skólum erlendis, með því að fá efni í möppuna sína, og það er kannski það sem við leggjum mesta áherslu á. Sem betur fer eru alltaf þó nokkrir frá okkur sem komast beint í skóla erlendis og að sjálfsögðu fara einhverjir í Listaháskólann hérna heima líka. Svo eru náttúrlega margir sem fara ekki í áframhaldandi nám heldur beint að starfa við einhvers konar framleiðslu heima, jafnvel á minjagripum eða einhverjum heimasmíðuðum hlutum," segir hann.

*emilia@frettabladid.is*






DYNAMO REYKJAVÍK

# Íbúðalán fyrir þig!

Hafðu samband í síma **575 4000** eða á **byr.is** og við hjálpum þér að eignast þína eigin íbúð*.
Og það verður nýja íbúðin þín, bara þín!

BYR SPARISJÓÐUR

**BYR** - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

*ATH! Útlán eru háð lánareglum BYRS - sparisjóðs.

# Fótboltamamma af guðs náð

**Rósa Guðbjartsdóttir hefur átt sæti í aðalstjórn íþróttafélagsins Hauka í nokkur ár en hún tók við formennsku knattspyrnudeildarinnar síðasta haust og er fyrsta konan sem gegnir því hlutverki í 76 ára sögu félagsins.**

Hún kveðst alltaf hafa haft mikinn áhuga á íþróttum en faðir hennar, Guðbjartur Jónsson, átti stóran þátt í því. „Áfram Haukar var eitt af því fyrsta sem ég lærði að segja þegar ég var barn, enda var pabbi mjög þekktur Haukamaður hér í Hafnarfirði og duglegur að taka mig með sér á handboltaleiki, þannig má segja að ég sé bara með þetta í genunum," segir hún og hlær og bætir því við að það hafi síðar verið í gegnum eiginmann og syni að knattspyrnuáhuginn kviknaði. „Maðurinn minn hefur alltaf haft mikinn áhuga á enska boltanum og þegar synir mínir höfðu aldur til fóru þeir að æfa með Haukum. Með því að fylgjast með strákunum spila fór áhuginn smátt og smátt vaxandi og nú er svo komið að öll fjölskyldan hefur jafn gaman af þessu," segir hún og bætir við að móðurhlutverkið hafi ekki síður átt sinn þátt í að vekja áhuga hennar á knattspyrnu.

„Sem móðir hef ég orðið mikil talskona þess að börn stundi íþróttir, enda er það löngu sýnt og sannað að íþróttaþátttaka barna og unglinga hefur mjög jákvæð uppeldisleg áhrif," segir hún og bendir á að margar rannsóknir sýni fram á ómetanlegt forvarnargildi íþróttaiðkunar. „Fyrir utan forvarnargildið stuðlar íþróttaiðkun einnig að félagslegum og persónulegum þroska, eykur sjálfsálit og styrk, þau læra að beita sjálf sig aga og um leið að sýna öðrum drengskap og virðingu. Foreldrar hafa í þessu samhengi ákaflega stóru hlutverki að gegna, enda er það á þeirra ábyrgð að hvetja börnin sín áfram og sýna starfi þeirra áhuga," segir Rósa og tekur um leið fram að það hafi sýnt sig að þau börn sem stunda íþróttir standi sig betur í námi en þau sem ekki gera það.

„Að þessu upptöldu á ég svo eftir að nefna þau jákvæðu áhrif sem það hefur á börn að stunda hreyfingu, en í dag hafa jú margir áhyggjur af því að krakkar hreyfi sig ekki nægilega mikið. Íþróttaiðkun á barnsaldri eykur einnig líkurnar á að fólk haldi því áfram þegar á fullorðinsár er komið, svo það er í raun og veru allt sem mælir með þessu," segir hún. Uppeldislegt gildi íþróttaiðkunar er síðan sá þáttur starfsins sem heillar formanninn hvað mest.

„Það er svo gaman að eiga kost á því að efla og styrkja barna- og unglingastarf og við höfum sannarlega verið dugleg við það hjá Haukum. Í þessu sambandi erum við til dæmis að tengja betur handknattleiks-, körfu- og fótboltadeildir í barnastarfinu og nýta þannig betur kraftana innan þessara deilda. Þessi samtenging gerir krökkum líka kleift að kynnast fleiri deildum þegar þau byrja í íþróttaskólanum og í framhaldi af því geta þau svo valið sér þá deild eða íþrótt sem höfðar mest til þeirra," segir þessi kraftmikli knattspyrnudeildarformaður að lokum og ljóst er að hún kann vel við sig í sinni deild.

*- mhg*



**Áfram Haukar! voru meðal fyrstu orðanna sem Rósa Guðbjartsdóttir lærði að segja en hún byrjaði að fara á völlinn með pabba sínum þegar hún var rétt byrjuð að ganga. Hún er fyrsta konan sem gegnir formennsku knattspyrnudeildar félagsins.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


# Fimmtudagar eru langir dagar…

**…í Hafnarborg**
**Opið kl. 11-21**

**…á Bókasafninu**
**Opið kl. 9-21**

**…á Byggðasafninu**
**Opið kl. 11-21**










FABRIKAN

**Nú er opið lengur á fimmtudögum á Bókasafninu, Byggðasafni Hafnarfjarðar og Hafnarborg.**
**Fimmtudagar eru því sannkallaðir safnadagar. Við mælum með heimsókn!**

Nýtt!

# FRAMTAK
# BLOSSI ehf

Nýtt!

Drangahrauni 1 – 220 Hafnarfjörður
Sími 535 5822 – Fax 535 5821
Netfang: bjorn@framtak.is
Heimasíða: http://www.framtak.is

## Bifreiðaeigendur athugið!

## Nýtt bílaverkstæði í Hafnarfirði

# Allt á sama stað





**Bilanagreining og viðgerðaþjónusta á flestum gerðum bifreiða**

•

**Túrbínuviðgerðir – Allar stærðir og gerðir**




•

**Tölvustýrðir stillibekkir**

•

**Túrbínur**

•

**Olíuverk**

•

**Spíssar**




045 PH


Alternatorar


Startarar


Túrbínur


Spíssar, glóðarkerti og annar búnaður fyrir eldsneytiskerfi dieselvéla

# Álfarnir vaka yfir velferð okkar

**Íbúum Hafnarfjarðar fjölgaði um sex prósent í fyrra. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir ekkert lát á framkvæmdum í bænum.**

„Mikill uppgangur er í bænum og íbúðir seljast jöfnum höndum í nýju hverfunum. Síðan er líka unnið að endurbyggingu og þéttingu hérna í miðbænum okkar,“ segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Í fyrra fjölgaði íbúum Hafnarfjarðar um sex prósent, sem er metfjölgun í bænum. Að sögn Lúðvíks stefnir í hið sama í ár. „Fólk býr ekki bara og starfar í Hafnarfirði. Fólk er mjög virkt og í lifandi tengslum við hvert annað. Gamlir Hafnfirðingar rata flestir aftur á heimaslóðir og síðan tökum við líka mjög vel á móti nýjum Hafnfirðingum. Það er ekki eins og á Akureyri þar sem fólk er aðkomumenn í þrjár kynslóðir,“ segir Lúðvík hlæjandi.

Hafnarfjörður er í návígi við náttúruna, höfnina, hraunið og ekki minnst álfana. „Það ríkir mjög jákvætt andrúmsloft í bænum enda erum við í beinum tengslum við náttúruna og höfum álfana sem vaka yfir velferð okkar,“ segir Lúðvík.

Að sögn Lúðvíks hefur orðið sprenging í atvinnumálum í bænum og nýlega var 200 hekturum úthlutað undir verslun og þjónustu. Svæðið jafnast á við 40-50 fótboltavelli og er mun meira en áður hefur þekkst í bænum.

Lóðir í Hafnarfirði eru þó ekki einungis veittar í atvinnu- og þjónustuskyni. Nýlega var tekin frá lóð fyrir nýjan framhaldsskóla í Hafnarfirði, sem rísa á innan skamms og mun að sögn Lúðvíks leggja áherslu á verk og listgreinar. Iðnskóli Hafnarfjarðar hefur einnig verið endurbyggður og í vor fagnar Fjölbrautaskólinn í Flensborg 125 ára afmæli sínu.

„Flensborgarskóli er nú loksins fullbyggður og skartar stórglæsilegri 3.000 fermetra byggingu. Því má segja að hann sé kominn í sinn endanlega búning eftir 125 ár,“ segir Lúðvík.

Fram undan í miðbænum er uppbygging við gamla hafnarsvæðið og að sögn Lúðvíks er verið að reisa íbúðarbyggð með tvö þúsund íbúðum á norðurbakkanum. Einnig liggja fyrir tillögur um viðbót og stækkun við Strandgötu þar sem hugmyndin er að byggja við og stækka verslunarmiðstöðina. „Markmiðið er að styrkja miðbæjarkjarnann og auka enn betur þjónustu við íbúa Hafnarfjarðar,“ segir Lúðvík.

*rh@frettabladid.is*



Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir bæjarbraginn í firðinum einstaklega jákvæðan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Njóttu náttúrunnar



Sólarsellur
Vindrafalar

Hjá Rótor færðu úrval náttúruvænna orkugjafa sem henta fyrir mismunandi aðstæður og vert er að skoða.

Rótor býður auk þess úrval fylgihluta sem létta lífið á ferðalaginu og viðgerðir og þjónustu við hús- og ferðabíla á einu besta bílarafmagns- og þjónustuverkstæði landsins.

Húsbílaþjónusta og fylgihlutir í ferðalagið



Viðgerðir | Kæliskápar | Reiðhjólagrindur | Ferðasalerni | Fortjöld

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is.

rotor

VERSLUN / VERKSTÆÐI Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður Sími 555 4900


# Sögusýning á 100 ára afmæli



Sigurður T. Sigurðsson, fyrrverandi formaður Hlífar, setti upp sögusýningu um Verkalýðsfélagið Hlíf við Hafnarfjarðarhöfn.

Verkalýðsfélagið Hlíf í Hafnarfirði fagnar á þessu ári hundrað ára afmæli félagsins. Af því tilefni hefur verið opnuð sýning á Strandstígnum við Hafnarfjarðarhöfn. Sigurður T. Sigurðsson, fyrrverandi formaður Hlífar, setti sýninguna upp í samvinnu við Byggðasafn Hafnarfjarðar en þar er rakin saga félagsins frá stofnun þess til dagsins í dag í máli og myndum.

„Á þessari sýningu er stiklað á stóru í sögu félagsins og reynt að staldra við merka atburði en ég var dálítið háður því að hafa ekki myndir og því hlaupið yfir stóra atburði eins og mjólkurverkfallið 1954,“ segir Sigurður og bætir við: „Það eru um þrjátíu myndir á sýningunni og ég segi nú bara að sjón er sögu ríkari.“

# Miklar framkvæmdir í Kaplakrika

Fyrsta skóflustunga að nýjum íþróttamannvirkjum var tekin við Kaplakrika í síðustu viku og segir Ingvar Viktorsson, formaður FH, fyrirhugaðar framkvæmdir gríðarlega miklar og mikilvægar fyrir íþróttastarf FH. „Það á að reisa frjálsíþróttahús og tvöfalda áhorfendastúkuna hjá okkur, sem þýðir að stúkan verður meðfram öllum knattspyrnuvellinum og búningaaðstaða eykst um leið til mikilla muna,“ segir Ingvar.

FH-ingar hafa ekki haft neina almennilega félagsaðstöðu í gegnum tíðina en úr því verður einnig bætt þegar stúkan verður stækkuð. „Þetta er geysilega mikið framfaraspor fyrir FH sem er eitt stærsta félagið á landinu bæði hvað varðar fjölda og árangur,“ segir formaðurinn stoltur.



Ingvar Viktorsson, formaður FH, segir fyrirhugaðar framkvæmdir geysilegt framfaraspor fyrir félagið.


TACO BELL
KFC
Taco Bell
og nýr
og endurbættur
KFC
Taco Bell og nýr og endurbættur KFC
hefur opnað í Hafnarfirði.
Meira úrval og enn betri aðstaða.
Kíktu á Taco Bell og KFC í Hafnarfirði.
PIPAR • SÍA • 70831
TACO BELL
KFC

# MAX RAFTÆKI

# Dúndur gott grill verð

**FRÍ HEIMSENDING**
**FRÍ SAMSETNING**



**Sterling 1104**
- 8.7kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710sm² - heildar umfang
- 1677sm² - án hliðarborðs/hellu
- Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar
- Postulínhúðað Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hiamælir
- Hágæða Perma-Mold XL niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18sm hjól

**19.899 kr.**
Fullt verð ~~24.900~~

Tilboð gilda til 3. maí eða meðan birgðir endast.



**Sterling 1716**
- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H brennari úr ryðfríu stáli
- 3742sm² - heildar umfang
- 2129sm² - umfang án hliðarborðs/hellu
- Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar
- Postulínhúðað Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Lineral Flow™ gas ventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Fellanleg hliðarborð með áhaldabökkum
- 18sm hjól

**24.899 kr.**
Fullt verð ~~29.900~~



**Sterling 2854**
- 13.2kW / 50.000BTU Dual-H brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínhúðaðar járngrindur
- Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi
- Fellanleg hliðarborð með áhaldabökkum
- 2 stór 18sm gúmmíhjól og 6,4sm læsanleg hjól

**34.899 kr.**
Fullt verð ~~39.900~~



**Broil King Regal 20XL**
- 15.2kW / 52,000 BTU Super 8 brennari úr riðfríu stáli
- 3935sm² - heildar umfang
- 2968sm² - umfang án hliðarborðs/hellu
- Þriggja hæða, stillanlegar, postulínhúðaðar eldunargrindur
- Flav-R-Cast eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi
- Endingargóður skápur með ryðfríum hurðum
- Fellanleg hliðarborð með áhaldabökkum og mótum fyrir ílát
- Stór 20sm gúmmíhjól og 6,4sm læsanleg hjól
- Köld (Cool-to-the-touch), nælonklædd haldföng

**64.899 kr.**
Fullt verð ~~69.900~~



**Broil King Sovereign 90**
- 14.4kW / 52,000 BTU Dual-Tube brennarar
- 2.7kW / 10.000BTU hliðarbrennari úr ryðfríu stáli
- 5,25kW / 18.000BTU bakbrennari
- Rotisserie grillteinn
- Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanlegt hliðarborð úr ryðfríu stáli
- Skápur með ryðfríum hurðum
- 17sm gúmmíhjól og 6,4sm / 2½" læsanleg hjól
- Köld (Cool-to-the-touch), nælonklædd haldföng

**79.899 kr.**
Fullt verð ~~89.900~~

## FRÍ HEIMSENDING og FRÍ SAMSETNING á stór-höfuðborgarsvæðinu

**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12-18**

*Ef grillið er keypt fyrir kl. 16.00 sendum við það heim í dag*

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

*Frábær tækjakaup*

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
**Við erum beint á móti IKEA**

MAX

## NÚ ER RÉTTI TÍMINN AÐ FÁ SÉR SKEMMTILEGA AUKAVINNU!

Hugur okkar er að fylla staðinn af skemmtilegu & lífsglöðu staffi sem hefur ánægju að gefa af sér. Ef þú telur þig tilheyra þeim hóp þá er um að gera að mæta á GAUK Á STÖNG miðvikud eða fimmtud milli 17-19 og sækja um. 20 ára lágmark. Vantar í allar stöður!

***GAUKUR Á STÖNG Opnum 11. maí Velkominn heim***

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**




SAMSKIPTI
TENGSL
ÞJÓNUSTA
MIÐLUN

**Nýherji óskar eftir kraftmiklum og heilsteyptum einstaklingum í Þjónustuver fyrirtækisins.**

Þjónustuver Nýherja hefur það hlutverk að tryggja einfalt aðgengi viðskiptavina að víðtækri sérfræðiþjónustu fyrirtækisins. Dagleg störf felast í miklum samskiptum við viðskiptavini, góðum tengslum við starfsmenn Nýherja, þjónustueftirliti og upplýsingamiðlun.

Hjá Nýherja starfa á fjórða hundrað einstaklingar í skemmtilegu og krefjandi starfsumhverfi. Við kappkostum við að skapa frjótt umhverfi fyrir starfsfólk okkar og sækjumst eftir að ráða hæfileikaríka og metnaðarfulla einstaklinga.

Áhersla er lögð á skipuleg og vönduð vinnubrögð og þurfa starfsmenn að hafa mikla þjónustulund og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Reynsla úr sambærilegu starfi eða af skrifstofustörfum er mikill kostur, ásamt almennri tölvukunnáttu.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 10. MAÍ NK.
Áhugasamir sæki um á heimasíðu Nýherja, www.nyherji.is.
Nánari upplýsingar veitir Erna Agnarsdóttir
hjá Starfsmannaþjónustu Nýherja: erna@nyherji.is.




NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

## Lausar stöður við Grunnskólann í Sandgerði

Grunnskólinn í Sandgerði er glæsilegur skóli, einsetinn og heildstæður með um 270 nemendum. Allur aðbúnaður skólans er til fyrirmyndar. Skólinn hefur lagt áherslu á að koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda sinna. Í skólanum er unnið eftir áætlun Olweusar um eineltismál og sérstök áhersla er lögð á metnaðarfulla lestrarkennslu.

Skólinn auglýsir eftir áhugasömu fólki til að styrkja ennfrekar góðan hóp.

**Meðal kennslugreina:**
- Almenn kennsla.
- Smíðar.
- Tungumál á unglingastigi.
- Námsráðgjöf (hlutastarf).

Auk þess er laus til umsóknar staða þroskaþjálfa við skólann.

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans: http://www.sandgerdisskoli.is/
Umsóknarfrestur er til 10. maí n.k.
Nánari upplýsingar veita: Pétur Brynjarsson skólastjóri (petur@sandgerdi.is) og Fanney D. Halldórsdóttir aðstoðarskólastjóri (fanney@sandgerdi.is)

Grunnskólinn í Sandgerði, Skólastræti, 245 Sandgerði.
Sími skólans er 420 7500.

MATVÍS — VERJUM SÆKJUM

# Félagsmenn
## MATVÍS og Rafiðnaðarsambands Íslands Til Hamingju með daginn!

Tökum þátt í hátíðarhöldum dagsins og mætum síðan í 1. Maí kaffi í félagsmiðstöðinni á Stórhöfða 31.

Stjórnir RSÍ og MATVÍS

*Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins fjórum árum hefur fyrirtækið þrefaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík og á Akureyri starfa um 150 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford, Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu, Mazda, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarða.*

*Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.*

**Umsóknarfrestur er til 7. maí n.k.**

# Söluráðgjafi Ford atvinnubíla

**Við leitum að kraftmiklum söluráðgjafa fyrir Ford Transit atvinnubifreiðar**

**Stutt lýsing á starfi**
- Sala á nýjum Ford Transit atvinnubifreiðum
- Ráðgjöf til viðskiptavina varðandi kaup, leigu og rekstur Ford Transit atvinnubifreiða

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði bíl- eða vélgreina eða góða þekkingu og reynslu af bifreiðum
- Söluhæfileikar
- Gilt bílpróf, meirapróf æskilegt
- Almenn tölvuþekking
- Skipulagshæfileikar

**Nánari upplýsingar**

Vinnutími er frá 9:00 -18:00 alla virka daga og þriðja hvern laugardag frá 11:30 -16:15.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið. Frekari upplýsingar veitir starfsmannasviði Brimborgar í símum 515-7088 / 515-7188

Nú er tækifærið - gríptu það.

**Umsóknarfrestur er til 7. maí 2007.**
**Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is. Núna.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

*Ford Transit er í hópi mest seldu atvinnubíla á Íslandi og hefur notið gífurlegra vinsælda í Evrópu. Það ásamt því að nú hefur vörulínan verið endurhönnuð frá grunni gerir það að verkum að eftirspurn eftir þessum vinsælu atvinnubílum hefur aldrei verið meiri. Þetta er því tækifæri fyrir þig sem hefur áhuga, metnað og jákvætt hugarfar og vilt uppskera ríkulega. Tækifærið er sérlega áhugavert fyrir þá sem starfa nú þegar við bíla eða vélar og vilja breyta til.*

Ford · CITROËN · LINCOLN · DAIHATSU · mazda · VOLVO PENTA · HIAB · PIRELLI · nokian DEKK

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 - 8, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

## Lausar stöður við Grunnskólann í Sandgerði

Grunnskólinn í Sandgerði er glæsilegur skóli, einsetinn og heildstæður með um 270 nemendum. Allur aðbúnaður skólans er til fyrirmyndar. Skólinn hefur lagt áherslu á að koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda sinna. Í skólanum er unnið eftir áætlun Olweusar um eineltismál og sérstök áhersla er lögð á metnaðarfulla lestrarkennslu.

Skólinn auglýsir eftir áhugasömu fólki til að styrkja ennfrekar góðan hóp.

**Meðal kennslugreina:**
- Almenn kennsla.
- Smíðar.
- Tungumál á unglingastigi.
- Námsráðgjöf (hlutastarf).

Auk þess er laus til umsóknar staða þroskaþjálfa við skólann.

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans: http://www.sandgerdisskoli.is/
Umsóknarfrestur er til 10. maí n.k.
Nánari upplýsingar veita: Pétur Brynjarsson skólastjóri (petur@sandgerdi.is) og Fanney D. Halldórsdóttir aðstoðarskólastjóri (fanney@sandgerdi.is)

Grunnskólinn í Sandgerði, Skólastræti, 245 Sandgerði.
Sími skólans er 420 7500.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.755 **-0,34%** **Fjöldi viðskipta:** 434 **Velta:5.578** milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Straumur-Burða.** | 0,51% | **Mosaic** | 2,11% |
| **Landsbankinn** | 0,44% | **Össur** | 2,02% |
| | | **Bakkavör** | 1,89% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,44 +0,00% ... Actavis 78,20 +0,00% ... Alfesca 4,77 +0,00% ... Atlantic Petroleum 715,00 +0,00% ... Atorka 7,00 -0,29% ... Bakkavör 67,60 -1,89% ... Eimskipafélagið 34,20 -0,58% ... FL Group 29,10 -1,36% ... Glitnir 26,60 -0,93% ... Kaupþing 1.083 -0,18% ... Landsbankinn 34,50 +0,44% ... Marel 75,20 -0,66% ... Mosaic Fashions 16,25 -2,11% ... Straumur-Burðarás 19,90 +0,51% ... Össur 121,50 -2,02%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Glitnir hagnast um sjö milljarða

Glitnir skilaði 7.008 milljóna króna hagnaði á fyrsta ársfjórungi sem er 23 prósenta samdráttur á milli ára. Arðsemi eigin fjár var 20,5 prósent á ársgrundvelli.

Uppgjörið er í takt við meðaltalsspár. Kaupþing reiknaði með 7,7 milljarða hagnaði en Landsbankinn spáði 6,8 milljörðum. Bjarni Ármannsson, fráfarandi forstjóri Glitnis, er ánægður með afkomuna og segir stöðu bankans aldrei hafa verið sterkari.

Hreinar rekstrartekjur námu 18,2 milljörðum króna og hækkuðu um 5,3 prósent samanborið við fyrsta ársfjórðung 2006. Af þeim voru hreinar vaxtatekjur 7,9 milljarðar sem var 1,5 prósenta aukning og stafar einkum af lágri verðbólgu auk tímabundinna vaxtagjalda. Vaxtamunur lækkar úr tveimur prósentum í 1,4 prósent á milli ára og hefur aldrei verið lægri. Hreinar þóknanatekjur hækkuðu hins vegar um nærri þrjátíu prósent á milli ára og voru tæpir 7,3 milljarðar.

Góður gengishagnaður var af verðbréfaeign, um 2,9 milljarðar, og meira en tvöfaldaðist á milli ára.

Rekstrarkostnaður hækkar töluvert, um 47 prósent, og nam rúmum 8,6 milljörðum króna. Að sögn Bjarna er það rakið til þriggja þátta: Aukningu á umsvifum bankans sem skilar sér í auknum tekjum, eflingu innviða bankans og fjárfesting í framlínustarfsfólki til frekari vaxtar. „Ég er bjartsýnn á framhaldið og held að þessi fjárfesting muni skila sér í aukinni hagnaðarmyndun.“

Í lok mars voru heildareignir samstæðunnar 2.256 milljarðar króna sem var 0,4 prósenta auking frá ársbyrjun. Eigið fé var komið í 153,4 milljarða og hækkaði um fimm prósent á sama tíma. Eiginfjárhlutfall (CAD) var 14,6 prósent.

Á fjórðungnum bar það hæst til tíðinda að bankinn festi kaup á meirihluta í FIM Group í Finnlandi og jukust þar með eignir í stýringu um tíu prósent, í 541 milljarð króna. **- eþa**

**HAGNAÐUR GLITNIS OG SPÁR Á 1. ÁRSFJÓRÐUNGI 2007**

| | |
|---|---|
| **Hagnaður** | **7.008** |
| Spá Kaupþings | 7.751 |
| Spá Landsbankans | 6.811 |
| **Meðaltalsspá** | **7.281** |

** Upphæðir í milljónum króna.*

# Uppgjörstími OMX lengdur

Frá og með 14. maí verður uppgjörstími hlutabréfaviðskipta í íslensku kauphöllinni þrír dagar í stað eins. Frá þeim tíma fer afhending hlutabréfa og greiðsla fyrir þau fram fyrir opnun markaða á þriðja viðskiptadegi eftir að viðskipti eigi sér stað.

Í fréttatilkynningu frá OMX segir að lengingin hafi það meginmarkmið að auðvelda aðkomu erlendra fjárfesta að íslenska markaðnum. Á helstu hlutabréfamörkuðum sé þriggja daga uppgjörstími hefðbundinn. Uppgjörstíminn verði nú hinn sami og á öðrum hlutabréfamörkuðum kauphallasamstæðunnar. **- hhs**



**FORSTJÓRAR ACTAVIS** Róbert Wessman er forstjóri Actavis og Sigurður Óli Ólafsson er aðstoðarforstjóri.

# Draga úr kostnaði Þjóðverja

Actavis hefur skrifað undir samning við samband sjúkrasamlaga í Þýskalandi sem miðar að því að lækka lyfjakostnað í landinu. Skjólstæðingar sambandsins eru um 8,7 milljónir.

Samkvæmt samningnum mæla sjúkrasamlögin þýsku með því að þarlendir læknar ávísi 42 lyfjum sem samkomulagið nær til, samkvæmt tilkynningu Actavis. Sigurður Óli Ólafsson, aðstoðarforstjóri Actavis, segir ánægjulegt að sjá að Actavis sé eina félagið sem sambandið hafi ákveðið að semja við vegna þessara lyfja. „Við höfum hingað til ekki selt mikið til þessara aðila og væntum þess að sala lyfjanna geti verið ágæt viðbót við sölu okkar á markaðnum,“ er eftir honum haft.

Samningurinn, sem er til eins árs, kemur í kjölfar samnings sem félagið gerði nýlega við stærsta sjúkrasamlag í Þýskalandi, Allgemeine Ortskrankenkassen. **- óká**

# Fiat í stórsókn

Ítalski bílaframleiðandinn Fiat hagnaðist um 358 milljónir evra, jafnvirði rúmlega 31,4 milljarða króna, á fyrsta fjórðungi þessa árs. Þetta er rúmlega tvöfalt meira en á sama tíma í fyrra þegar, Fiat hagnaðist um 138 milljónir evra.

Afkoman er talsvert yfir spám, en fréttaveitan Bloomberg hafði eftir greinendum að fyrirtækið myndi hagnast um 248,2 milljónir evra.

Eftir sex tapár í röð er viðsnúningur í rekstrinum þakkaður Sergio Marchionne, forstjóra Fiat, en hann skipti út stjórnendateymi fyrirtækisins. . **- jab**





F i t o n / S I A

**Krafa dagsins er skýr!**

Um leið og við óskum félagsmönnum VR til hamningju með daginn viljum við hvetja þá til að gera hann sem eftirminnilegastan. Við eigum öll rétt á einkalífi og frítíma með ástvinum og fjölskyldu. Kröfugangan er ómissandi hluti af 1. maí og hvetjum við VR félaga til að taka þátt. **Safnast verður saman á Hlemmi** og lagt af stað kl. 13:30. Gengið verður niður Laugaveg sem leið liggur á Ingólfstorg þar sem **útifundur hefst kl. 14.10**. Þar verða flutt verða ávörp og skemmtiatriði í tilefni dagsins. **VR býður ekki upp á kaffiveitingar** að þessu sinni eftir gönguna eins og undanfarin ár. Þess í stað verður þeim fjármunum varið til velferðarmála til hagsbóta fyrir félagsmenn.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR

HARRY BELAFONTE ER ÁTTRÆÐUR Í DAG

*„Þú getur lokað söngvarann inni en ekki lagið hans."*

***Bandaríski söngvarinn fæddist þennan dag árið 1927.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 1. MAÍ 1994

## Ayrton Senna deyr í kappakstri

Á þessum degi fyrir þrettán árum fórst brasilíski ökuþórinn Ayrton Senna í Formúlu-1 kappakstri á Imola-brautinni í San Marino. Hann var aðeins 34 ára gamall.

Bíll hans af gerðinni Williams FW16 var á 192 kílómetra hraða þegar hann fór út af í beygju og klessti á steyptan vegg. Senna, sem var talinn einn besti ökuþór sinnar kynslóðar, hafði unnið 41 Grand Prix-mót og hafði þrisvar sinnum orðið heimsmeistari þegar hann lést.

Senna var þekktur fyrir ákafan ökustíl sinn. Árið 1989 lenti hann í samstuði við franska ökuþórinn Alain Prost á japanska Grand Prix-mótinu. Var Senna í framhaldinu dæmdur úr keppni þrátt fyrir að hafa orðið fyrstur í mark. Árið eftir lentu þeir í svipuðu samstuði en þá vann Senna mótið en Prost datt úr keppni. „Að sigra er eins og eiturlyf. Ég get á engan hátt réttlætt það ef ég lendi í öðru eða þriðja sæti," sagði Senna þegar sigurinn var í höfn.

Þann 5. maí 1994 var flogið með lík Senna til Sao Paulo í Brasilíu þar sem hálf milljón manna fylgdist með jarðarför hans.



**AYRTON SENNA** Brasilíski ökuþórinn lést þennan dag fyrir fjórtán árum, aðeins 34 ára.

### MERKISATBURÐIR

**1886** Bandarískir verkamenn hefja verkfall og krefjast átta stunda vinnudags.
**1889** Alþjóðlegur frídagur verkalýðsins haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti.
**1923** Alþýðusambandið gengst fyrir hátíðarhöldum og kröfugöngu í Reykjavík í fyrsta sinn í tilefni baráttudags verkalýðsins.
**1931** Empire State-byggingin í New York er opnuð.
**1939** Myndasögurnar um Leðurblökumanninn koma út í fyrsta skipti.
**1945** Karl Dönitz aðmíráll tekur formlega við völdum í Þýskalandi í kjölfar andláts Adolfs Hitler.
**1967** Elvis Presley giftist Priscillu.

### AFMÆLI



**John Woo** kvikmyndaleikstjóri er 61 árs.



**Álfheiður Ingadóttir** líffræðingur er 56 ára.



**Unnur Ólafsdóttir** veðurfræðingur er 55 ára.



**Páll Ólafsson** handboltaþjálfari er 47 ára.



†

**Kristín Guðjónsdóttir**
glerlistakona

andaðist að heimili sínu í Chapel Hill, Norður-Karólínu, laugardaginn 21. apríl. Minningarathöfn verður í Kópavogskirkju fimmtudaginn 3. maí kl. 15.00 Útförin verður á Þingeyri laugardaginn 5. maí.

Davíð Aðalsteinsson
Steini, Vala og Atli
Bergþóra Ragnarsdóttir — Guðjón Jónsson
Gyða Helgadóttir — Aðalsteinn Davíðsson



†

*Elskulegur sonur okkar og bróðir,*

**Benedikt Steinþórsson,**

er látinn. Útförin verður auglýst síðar.

Guðrún Björk Benediktsdóttir — Hreggviður Þorsteinsson
Steinþór Benediktsson — Hildur Guðbjörnsdóttir
systkini og aðrir aðstandendur.

†

*Ástkær systir mín,*

**Elín Payne Björgólfsdóttir,**

lést í Southend on Sea, Englandi, 30. mars.

Jóhanna Björgólfsdóttir.



**ÍSLENSK HÖNNUN** Borghildur Ína með sýningarstúlkunni Klöru Sól. Bolurinn sem hún klæðist er ein af átján tillögum sem Borghildur sendi í keppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

BORGHILDUR ÍNA SÖLVADÓTTIR: VANN HÖNNUNARKEPPNI HAGKAUPA

# Jákvæð orð prýða hönnun

Borghildur Ína Sölvadóttir bar sigur úr býtum í hönnunarkeppni Hagkaupa á þessu ári. Úrslitin voru tilkynnt í Smáralind á laugardag, og fór þá jafnframt fram tískusýning fyrir gesti og gangandi. Borghildur var að vonum ánægð með árangurinn, en hún leggur stund á hönnunarnám við Listaháskóla Íslands.

„Ég er á fyrsta ári í grafískri hönnun. Ég byrjaði bara í haust," sagði Borghildur. Í hönnunarkeppninni var einmitt keppt í grafík, svo þátttaka Borghildar lá nánast beint við. „Við vorum líka í áfanga í vor sem var hálfgerður samkeppnikúrs. Hluti af honum var samkeppni um forsíðuna á símaskránni og kennarinn lét okkur líka gera tillögur í þessa keppni. Svo var okkur í sjálfsvald sett hvort við vildum senda þær inn eða ekki," sagði Borghildur. Hún ákvað að láta slag standa og sendi átján tillögur í keppnina. „Mér fannst það sniðugt, fyrst ég var hvort sem er búin að gera þetta," sagði hún. Borghildur tók ekki þátt í fyrra, þegar Sunna Dögg Ásgeirsdóttir fór með sigur af hólmi. „Þetta hentaði mér miklu betur í ár. Nú var keppt um grafík og ekki föt. Ég lít ekki á mig sem fatahönnuð, ég er að læra grafík. Þetta var miklu nær mínu áhugasviði," sagði hún.

Hönnun Borghildar Ínu hafði yfirskriftina „Jákvæð orð í íslensku". „Ég vildi nota jákvæð íslensk orð, svona eins og hamingja, velkominn og himinlifandi. Orðið himinlifandi er líka sérstakt, ég held að það sé ekki til svona stórt orð yfir að vera glaður í neinu öðru tungumáli. Mér fannst þetta svolítið skemmtileg hugmynd að vinna út frá," útskýrði Borghildur. „Fyrir mitt leyti myndi ég brosa ef ég mætti einhverjum úti í bæ með orðið himinlifandi framan á sér. Það vekur einhver góð viðbrögð innra með manni," bætti hún við.

Borghildur segir ekki komið á hreint hvenær verður ráðist í framleiðslu á fatalínu með hönnun hennar. „Næsta skref er væntanlega að velja úr hugmyndunum og útfæra þær eitthvað. Svo á eftir að hugsa um snið og á hvað grafíkin á að fara, fyrir hvaða aldurshóp hún er og svona," sagði hún. Henni þykir það þó ekki verra. „Skólinn klárast á föstudaginn, svo ég er með fullt af verkefnum. Það er fínt að það sé smá biðtími og að þetta komi svo bara í ljós," sagði hún kímin.

sunna@frettabladid.is



**HÚSDÝR OG KATTHOLT** Íris Auður Jónsdóttir og Birna Einarsdóttir deildu þriðja sætinu. Hönnun Írisar gerði íslenskum húsdýrum hátt undir höfði, en Birna leit til Ídu í Kattholti, víðfrægrar systur Emils.



**GRAFÍSK TÓNLIST** Hönnun Evu Daggar Óskarsdóttur, sem hreppti annað sætið, sótti innblástur til tónlistar.




- Í dag eru félagar í Eflingu um 19.000 talsins
- Alls voru greiddir 4.100 styrkir úr sjúkra- og styrktarsjóðum Eflingar á árinu 2006
- Um 3.000 félagsmenn nýttu sér nám og/eða styrki á vegum Eflingar árið 2006








# Við erum öll mikilvæg

- stöndum saman!

Efling-stéttarfélag sendir öllu launafólki baráttukveðjur í tilefni af 1. maí

EFLING
STÉTTARFÉLAG
- stendur með þér

# Kjörskrá fyrir Seltjarnarnesbæ

Kjörskrá vegna alþingiskosninga á Seltjarnarnesi þann 12. maí 2007 liggur frammi frá og með 2. maí 2007, á bæjarskrifstofunni á Seltjarnarnesi Austurströnd 2, 1. hæð. Bæjarskrifstofurnar eru opnar frá kl. 9.45 til kl. 16.00 hvern virkan dag.

Kjósendur eru hvattir til að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskránni. Athugasemdum við kjörskrá skal beina til bæjarstjórnar.

Seltjarnarnesi 30. apríl 2007.
Bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi.



Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Lækjarskóli

## Lækjarskóli óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf:

Deildarstjóri efri stiga grunnskóla

Umsjónarkennari fyrir yngsta stig eða miðstig

Kennari í sérdeild fyrir eldri nemendur

Kennari við móttökudeild nýbúa

Smíðakennari/sérkennari við fjölnám

Kennari með framhaldsskólaréttindi við fjölgreinabraut

Þroskaþjálfi

Skólaliði

Stuðningsfulltrúi

Lækjarskóli er heildstæður grunnskóli með rúmlega 500 nemendur. Skólinn er annar af tveimur skólum Hafnarfjarðar sem er í forystu við innleiðingu SMT skólafærni. Hornsteinar skólans eru ábyrgð, virðing og öryggi. Skólinn er mjög virkur í atferlismótun barna með einhverfu.

Við skólann eru reknar þrjár sérdeildir fyrir Hafnarfjörð, deild fyrir nemendur með þroskaraskanir, móttökudeild nýbúa og fjölnám. Í fjölnámi eru nemendur 9. og 10. bekkjar, einnig braut á framhaldsskólastigi og sérstök áhersla lögð á verklegt nám og einstaklingstuðning við nemendur.

Skólastjóri Lækjarskóla og bæjarstjóri Hafnarfjarðar hafa gert með sér samning um árangursstjórnun þar sem áhersla er lögð á þróunarstarf og umbótarferli.

Starfsmenn skólans eru metnaðarfullir og samhentir. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra og nemendur. Í Lækjarskóla ríkir góður starfsandi og starfsmannastefna byggir á öflugri mannauðsstjórnun.

Allar upplýsingar gefa skólastjórnendur í síma 555 0585, netföng haraldur@laekjarskoli.is og halla@laekjarskoli.is
Umsóknarfrestur er til 10. maí.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is


# STUÐ MILLI STRÍÐA: Fyrsti maí um land allt

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VERÐUR VERKAMAÐUR



„Á ekkert að hita kaffi hérna?“ var öskrað í rigningunni klukkan tíu þrjátíu að morgni og illa kyntur skúr fylltist brátt af mönnum, rauðum og bláum af kulda. Vindurinn hafði gert sitt til að móta andlitin sem voru veðurbarin. Eða útitekin eftir því hvernig á málið er litið. Það er hellt upp á í hálfónýtri kaffivél og heimasmurðar brauðsneiðar teknar upp úr nestispokanum. Ein með osti og önnur með kæfu. Ef það hefur legið vel á húsfreyjunni fylgir jafnvel epli og kakómjólk með.

Útvarpinu er skellt í botn, það líður senn að fréttum og áður en lagt um líður eru hafnar háværar umræður um kosti og galla hvers og eins stjórnmálaflokks. Vinstri mönnum bölvað, hægri mönnum ekki síður og þessir grænu fá á baukinn. „Þetta er allt sama tóbakið,“ segir gamall smiður, fær sér þurra kexköku og andvarpar. Mundar hamarinn í svuntunni og fær sér sopa af mjólkurvolgu kaffi. „Jæja,“ bætir hann við og gefur til kynna með orðum sínum að kaffitíminn sé hálfnaður.

Ungu strákarnir reyna að halda uppi samræðum um kappleik sem fram fór kvöldið áður. Augun eru rauð af þreytu enda höfðu þeir setið drykklanga stund á barnum og velt fyrir sér tilgangi lífsins yfir nokkrum bjórglösum.„Og svo er bara fyrsti maí á morgun,“ sagði stráklingur sem augljóslega hugsaði sér gott til glóðarinnar, að vera heima hjá sér daginn eftir. „Og heldurðu að þetta byggist bara af sjálfu sér?“ spurði verkstjórinn að bragði. „Ekkert helvítis frí nema fyrir þá sem vilja ekki vinna,“ bætti hann við og rauk út úr kaffiskúrnum. Kveikti á gröfunni og fór að keyra inn hellur. Enda hefð fyrir því að verkalýðurinn vinni fyrsta maí þegar aðrir eru í fríi rétt eins og um verslunarmannahelgina þegar allir aðrir en verslunarmenn fara út á land og drekka sig dauðadrukkna í tjaldi.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




Opið í öllum verslunum BT í dag!
Hún er komin á DVD í BT
Hin frábæra gamanmynd
Night At The Museum með Ben Stiller
og Robin Williams er komin á DVD í BT.
BEN STILLER
NIGHT AT THE MUSEUM
2.299
Skyldueign fyrir fjölskylduna!
Glæsileg þrívíddarkort fylgja
öllum keyptum eintökum af
Night at the Museum*
BT
*ATH: Á meðan birgðir endast.
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
3.maí kl. 20 Uppselt
6.maí kl. 20 Uppselt
10.maí kl. 20 Uppselt
11.maí kl. 20 Uppselt
12.maí kl. 14
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

ABBABABB! eftir Dr. Gunna
6 maí sun kl 14
13 maí sun kl 14

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
5 maí lau 11 sýning kl 20
11 maí fös 12 sýning kl 20

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarf. Pantanasími 555 2222 og á www.midi.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fim 3/5 kl. 20 UPPS.
Síðasta sýning

HIPP HOPP GESTASÝNING
Pokemon Crew: Gestasýning frá Frakklandi.
Þri 8/5 kl. 20 Mið 9/5 kl. 20
Miðaverð 2.000

LADDI 6-TUGUR
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Lau 5/5 kl. 14 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14
Mán 4/6 kl. 20
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Fim 3/5kl.20 UPPS. Sun 6/5 kl. 20 UPPS.
Fim 10/5 kl.20 UPPS. Fös 11/5 kl. 20 UPPS.
Lau 12/5 kl.14 Sun 13/5 kl. 20
Lau 19/5 kl.20 UPPS. Sun 20/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20 Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 2/5 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 5/5 kl. 20 AUKASÝNING

DAGUR VONAR
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20
Sun 13/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20
Lau 26/5 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 6/5 kl. 13 AUKASÝNING
Sun 6/5 kl. 14 AUKASÝNING UPPS.
Sun 6/5 kl. 15 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

EILÍF HAMINGJA
Fim 3/5 kl. 20 AUKASÝNING
Mið 9/5 kl. 20 AUKASÝNING

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






Stóra sviðið kl. 20:00
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Aukasýningar sun. 6/5 kl. 14:00, sun. 13/5 kl. 20:00. Allra síðustu sýningar!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fös. 4/5 nokkur sæti laus, lau. 5/5, fös. 11/5, lau. 19/5, lau. 25/5. Síðustu sýningar í vor! Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!
DANSLEIKHÚS MEÐ EKKA dagskrá í tilefni 10 ára afmælishátíðarinnar Fim. 3/5 milli kl. 17:00 og 01:00. Fjölbreytt dagskrá. Skoðið á heimasíðu www.leikhusid.is
CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 örfá sæti laus, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.
Lau. 5/5 nokkur sæti laus, sun. 13/5, fös. 18/5. Umræður eftir sýningu með Sveini Rúnari Haukssyni 5/5 og Hrafnhildi Gunnarsdóttur 13/5.
Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 uppselt, lau. 5/5 uppselt, sun. 6/5 uppselt. sun. 13/5 uppselt, aukasýningar mið. 16/5, nokkur sæti laus og fim. 17/5 nokkur sæti laus, fös. 18/5 uppselt, lau. 19/5 örfá sæti laus, aukasýning sun. 20/5, fim. 24/5 örfá sæti laus.
Kúlan
SKOPPA OG SKRÝTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur
Sun. 6/5 kl. 11:00 og 12:15, lau. 12/5 kl. 11:00 og 12:15, sun. 13/5 kl. 11:00 og 12:15.
Í SKÓLA TÍMANS - Leikin dagskrá Sigurðar Skúlasonar og Margrétar Helgu Jóhannsdóttur.
Þri. 1/5 kl. 16:00 örfá sæti laus, mið. 2/5 kl. 20:00 nokkur sæti laus. Aðeins þessar sýningar!
Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!




**OPIN HÚS Í ALLAN DAG** Listunnendur og aðrir forvitnir vegfarendur geta kíkt við á Korpúlfsstöðum eða á Seljaveginn og kynnt sér það nýjasta í íslenskri myndlist og hönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Myndlist í mjólkurbúinu

**Sjónlistamiðstöð verður formlega opnuð á Korpúlfsstöðum í dag og þar verða allar dyr upp á gátt fyrir forvitna gesti.**

Samband íslenskra myndlistarmanna efnir í fyrsta sinn til Sjónlistadags en listafólk á Korpúlfsstöðum var með opið hús á sama tíma í fyrra og mæltist það afar vel fyrir.

Áslaug Thorlacius myndlistarmaður segir að þegar sé hafið blómlegt starf undir merkjum Sjónlistamiðstöðvarinnar á Korpúlfsstöðum en þar eru rúmlega þrjátíu myndlistarmenn og átta hönnuðir með vinnustofur. Aukinheldur sé Myndlistaskólinn í Reykjavík með útibú í húsinu og þar er að finna gestaíbúð þar sem þrír einstaklingar geta dvalið um lengri eða skemmri tíma. „Það eru þó tvær meginstoðir starfseminnar sem ekki eru komnar á fullt, annars vegar verkstæði og hins vegar hönnunarsetur, en þar er stefnt að því að fimm til tíu hönnuðir muni vinna saman í teymi um ákveðinn tíma og starfa að verkefnum í tengslum við atvinnulífið eða einstök fyrirtæki.“

Samningur var gerður um rekstur Sjónlistamiðstöðvar næstu fimm árin og er verkefnið samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, SÍM, Form Ísland, samtaka hönnuða, og Iðntæknistofnunar. Þetta víðfræga hús Thors Jensen er um 5.500 fermetrar að stærð og ætti því að fara ágætlega um listafólkið.

Áslaug vonast til þess að Sjónlistamiðstöðin gagnist sem flestum í framtíðinni og tekur undir að starfsemi sem þessi geri sitt í að efla samstöðu meðal myndlistarfólks og hönnuða. Miðstöðin mæti einnig brýnni þörf myndlistarfólks og hönnuða fyrir vinnuaðstöðu en fyrir rekur SÍM vinnustofur á Seljavegi 32 en þær voru opnaðar í fyrrasumar. „Við munum leitast við að afla fjár fyrir miðstöðina svo hægt sé að hafa vinnustofurnar á viðráðanlegu verði,“ segir Áslaug en hún bendir á að þessi misserin sé skortur á „lélegu“ húsnæði á lágu verði. „Yfirleitt er það viðbót við heimilisútgjöldin að leigja vinnustofu en við reynum að koma til móts við þá þörf,“ segir hún.

Áslaug segir að Korpúlfsstaðir séu fyrir löngu orðið „myndlistarhús“ og nú orðið sé meiri hefð þar fyrir list heldur en búskap. „Ég tel að húsinu hafi verið fundið varanlegt hlutverk. Myndlistarfólk hefur verið viðloðandi húsið alveg frá 1972 og bæði SÍM og Myndhöggvarafélagið hafa verið með stafsemi í húsinu árum saman.“ Hún segir afar góðan anda í húsinu og að svæðið sé sannkallaður sælureitur.

Auk þess að heilsa upp á starfandi listamenn í báðum húsunum geta gestir einnig séð þar fróðlegar sýningar í tilefni dagsins. Á gamla hlöðuloftinu á Korpúlfsstöðum munu handhafar Íslensku sjónlistaorðunnar 2006, myndlistarmennirnir Magnús Pálsson og Hildur Bjarnadóttir og hönnuðurinn Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir sýna verk sín. Í húsinu verður einnig sýning á vetrarstarfi nemenda Myndlistaskólans í Reykjavík.

Vinnustofur SÍM í Listamannahúsinu á Seljavegi 32 verða opnar milli kl. 15-18. Í fyrrum höfuðstöðvum Landhelgisgæslunnar eru nú vinnustofur tæplega fimmtíu listamanna. Þar heiðrar SÍM jafnframt ötult kennslustarf fjögurra listamanna og heldur sýningu á verkum Braga Ásgeirssonar, Einars Hákonarsonar, Hafsteins Austmann og Kjartans Guðjónssonar og stendur sýning sú út maímánuð. kristrun@frettabladid.is


BINGÓ
Samstarfsverkefni Hugleiks og Leikfélags Kópavogs
Sýningar eru í Hjáleigunni, Félagsheimili Kópavogs í Fannborg og hefjast kl. 20:30.
Þriðjud. 1. maí 8. sýning
Miðvikud. 2. maí 9. sýning
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR
Miðapantanir á hugleikur.is eða í síma 823 9700

Viðburðir Landnámsseturs í apríl og maí
fö. 4. maí kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar
lau. 5. maí.kl. 20 Svona eru menn - KK og Einar örfá sæti laus
su. 6. maí kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
fö. 11. maí kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
lau. 12. maí kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar
mið. 16. maí kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
fös. 18. maí kl. 20 Mýramaðurinn
lau. 19. maí kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600





„EKKI MISSA AF EDDU BJÖRGVINS EINS OG HÚN GERIST BEST!“
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í LEIKSTJÓRN ÞÓRHILDAR ÞORLEIFSDÓTTUR
AUKASÝNINGAR 2. OG 5. MAÍ
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



**LEIKLIST** Kristján Ingimarsson í hlutverki manns með köllun. MYND/HEIÐA.IS

# Frelsarans slóð

Kristján Ingimarsson, leikari og höfundur, hefur í nógu að snúast þessa dagana. Sýningum á leikverki hans, Frelsarinn, er að ljúka í leikför um Danmörku en Jón Páll Eyjólfsson leikstýrir. Leikhópurinn er ekki stór: þau eru þrjú sem flytja söguna eftir Kristján um mann sem telur sig vera frelsarann og ákveður að skipuleggja endurkomu sína til mannkynsins, æfa sig í kraftaverkum og fleiri störfum sem hinir útkölluðu verða að sinna.

Kristján hefur í tvígang verið tilnefndur til Reumert-verðlauna. Hann stofnaði leikflokkinn Neander 1998 og hefur á þeirra vegum sett upp nokkrar sýningar sem hann hefur samið. Hér á landi sýndi hann einleik sinn með míkrafónastand, Mike Attack, meðal annars. Leiklist Kristjáns rambar á mótum harms og hláturs og einkennist af mikilli hugkvæmni og líkamsbeitingu. Hann var skipaður bæjarlistamaður Akureyrar sumardaginn fyrsta. Þess má geta að að lokinni strangri leikför um Danaveldi með Frelsarann kemur Kristján hingað heim í stutta heimsókn. **- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MAÍ**

28 29 30 **1** 2 3 4

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 **Mánakórinn** syngur undir stjórn **Violetu Smid** á tónleikum í **Seltjarnarneskirkju**. Gestakór á tónleikunum er kór **Kórskóla Langholtskirkju**. Meðleikari er **Pavel Manasek**.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 10.00 Nú eru síðustu forvöð að sjá sýningu **Aðalsteins Þórssonar**, **Mána málverkin**, á **Café Karólínu** á Akureyri en sýningunni lýkur á föstudaginn 4. maí.

☐ 10.00 Bókverkasýningu **Unnar Guðrúnar Óttarsdóttur** í **ReykjavíkurAkademíunni** lýkur á fimmtudaginn. Á sýningunni eru bókverk unnin úr ýmsum efnum svo sem plexigleri, lopa, endurgerðum bókum, pappír, girni og tvinna. Á morgun kl 12.10 mun **Unnur** leiða fólk um sýninguna og segja frá verkunum. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

### OPNUN

☐ 17.00 **Sigrún Árnadóttir** opnar sýningu á Mokka **við Skólavörðustíg.** Sýningin ber heitið **Birkiskuggar** sem er lýsandi fyrir verk hennar. Sýningin er liður í hátíðinni **List án landamæra.**

### SÝNINGAR

☐ 13.00 **María Isabel Vargas Arbeláez** opnar sýningu á óhlutbundnum málverkum í **Gallerý Tukt** í **Pósthússtræti**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.





# Berjumst til sigurs!

## 1. maí hátíðahöld um land allt

**Reykjavík –** Baráttufundur á Hótel Borg, kl. 15:00 - 17:00.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Össur Skarphéðinsson og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Eflingar, flytja ávörp. Tónlist, kaffi og meðlæti.

**Selfoss –** Fjölskylduskemmtun við Inghól, kl. 14:00 - 16:30.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Margrét Frímannsdóttir flytja ávörp.
Jógvan, Birgitta Haukdal, Magni og Á móti Sól og hljómsveitin Undirheimar flytja tónlist.

**Sauðárkrókur –** Ströndin, kl. 11:00 - 13:00, sæluvikudagur barnanna.
**Akranes –** Skólabraut 30, opið hús frá 14:00, grill, söngur, spjall og gleði.
**Ólafsvík –** Ólafsbraut 19, opið hús frá kl. 15:00 - 18:00, kaffi, tónlist og spjall.
**Borgarnes –** Félagsbær, opið hús frá kl. 15:30.
**Ísafjörður –** Aðalstræti 27, opið hús frá kl. 13:00.

**Kópavogur –** Hamraborg 11, kl. 14:00 - 16:00, ávörp og kaffihlaðborð.
**Mosfellsbær –** Þverholt 3, kl. 14:00 - 16:00, ávörp og kaffihlaðborð.
**Garðabær –** Garðatorg 7, kl. 15:00 - 17:00, ávörp og kaffihlaðborð.

**Dalvík –** Klemman, 11:00 - 13:00, frambjóðendur kynna Unga Ísland, morgunkaffi og fleira.
**Siglufjörður –** Opnun kosningaskrifstofu Suðurgötu 10, kl. 11:30, morgunverðarhlaðborð.
**Egilsstaðir –** Miðvangur, kl. 15:00, ávörp, tónlist, upplestur og kaffi.
**Seyðisfjörður –** Hótel Snæfell, kl. 20:30, Leikfélag Seyðisfjarðar og kvikmynd Al Gore, Hinn óþægilegi sannleikur sýnd.
**Akureyri –** Lárusarhús, kl.13:00 - 18:00.

**Allir velkomnir!**

Samfylkingin



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**WILL OG GRACE** Gamanþættirnir vinsælu luku göngu sinni á síðasta ári.

# Sættust við stjóra NBC

Höfundar bandarísku gamanþáttanna Will og Grace hafa komist að samkomulagi við stjórnendur sjónvarpsstöðvarinnar NBC í dómsmáli sem þeir höfðuðu.

Töldu höfundarnir, David Kohan og Jason Mutchnick, að þeir hefðu ekki fengið nægilega háa upphæð fyrir þættina miðað við hversu sterka stöðu þeir höfðu á markaðnum. Fóru þeir fram á um 3,5 milljarða króna í sinn hlut frá NBC. Eric McCormack og Debra Messing fóru með aðalhlutverkin í Will og Grace. Luku þættirnir göngu sinni í maí á síðasta ári eftir átta ár í loftinu.

# Harry prins bæði hræddur og spenntur

**Harry Bretaprins hélt glæsilegt kveðjuhóf fyrir vini og vandamenn á einum flottasta skemmtistað Lundúna, Mahiki Club. Yfir þrjú hundruð manns fylltu staðinn og kvöddu breska prinsinn áður en hann heldur til Íraks.**



**HARRY OG CHELSY** Harry prins kyssir kærustuna sína Chelsy en hann heldur til Íraks á næstunni.

„Ég skal vera fyrstur til að viðurkenna það að ég er ein taugahrúga en ég er líka spenntur og stoltur yfir því að fá að þjóna landinu mínu,“ sagði Harry í kveðjuræðu sinni en kærastan hans, Chelsy, stóð honum við hlið allt kvöldið. „Ég ætla að þjóna Bretlandi eins best og ég get og mér er sama hvort það verði í fremstu víglínu eða fyrir aftan skrifborð í Basra,“ bætti Harry við en frá þessu greinir News of the World.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu eru yfirmenn breska hersins á báðum áttum hvort senda eigi Harry í beinan stríðsrekstur eða nýta hann til pappírsvinnu. Eru þessu vandræði ekki síst komin til vegna þess að hryðjuverkahópar hafa lýst því yfir að Harry verði aðalskotmarkið þegar hann kemur til Íraks. Abu Mujtaba, leiðtogi öflugs hryðjuverkahóps í Írak, hellti olíu á eldinn nýverið þegar hann sagði að eitt af forgangsverkefnum sinna manna væri að hafa hendur í hári prinsins því þá fyrst myndu Bretar hlusta á kröfur þeirra. „Fyrir mér er Harry bara breskur dáti og ætti því að vera réttdræpur. En við skulum líka horfa raunsæjum augum á málið; Harry væri mjög stór fengur fyrir okkur,“ hefur News of the World eftir Mujtaba.

Harry gefur lítið fyrir þessar hótanir og er staðráðinn í að halda í stríðið. „Ég er stoltur af þeim hermönnum sem ég hef þjálfað undanfarna mánuði en mun virða þær ákvarðanir sem herinn tekur. Það er algjört forgangsatriði að félagar mínir verði eins öruggir og kostur er,“ sagði Harry og svaraði þar þeim vangaveltum um hvort hann yrði ósáttur við að geta ekki verið í beinni snertingu við óöldina í Írak. „Ég á eftir að sakna fjölskyldu minnar en er stoltur af því tækifæri sem ég fæ til að gera landinu mínu gagn,“ bætti Harry við.



**Á LEIÐ TIL ÍRAKS** Harry Bretaprins vill berjast á vígvellinum í Írak.

Samkvæmt heimildum News Of the World hefur Harry þegar gert erfðaskrá ef svo kynni að fara að hann myndi falla frá en erfingjar hans skipta þá með sér þrettán milljónum punda sem samsvarar rúmum milljarði íslenskra króna. Vilhjálmur prins var að sjálfsögðu á svæðinu en missti af ræðu bróður síns. Hann var með síðustu mönnum út af staðnum og gerði sér dælt fyrir unga, dökkhærða stúlku allt kvöldið. „Það er augljóst að Vilhjálmur nýtur þess að vera á lausu aftur og hann var ekkert á þeim buxunum að fara. Dyraverðirnir þurftu nánast að henda honum út.“






**HVERSDAGS-JÓGA** Beggi ásamt börnum sínum Vöku og Bjarti. Hann fléttar jógað inn í hversdaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Gettó-jóga fyrir alla á Hlemmi

„Við þurfum jóga í gettóinu líka, ekki bara í fínum líkamsræktarstöðvum,“ segir Bergsteinn Jónsson, eða Beggi, sem býður upp á jógatíma þrisvar í viku í jógasalnum Hlemmi við Hlemmtorg. „Jóga er orðin svo mikil neyslueining. Þú borgar bara einhvern pening, mætir í jógatíma og ferð svo heim. Ég vil leggja áherslu á að fólk flétti jógað inn í hversdagsleikann, að það verði virkur hluti af lífinu.“

Beggi hefur stundað jóga í þrettán ár og hefur kennt síðustu fimm ár. Hann hefur alltaf kennt ókeypis fyrir utan nokkur lengri námskeið sem hann hefur haldið. „Ég ákvað að kalla þetta gettó-jóga og hafa tímana ókeypis til að leggja áherslu á að jóga er fyrir alla. Jóga á alveg jafn mikið erindi í steinsteypt gettóið eins og í fagran aldingarð.“

Margir halda að jóga sé eintóm rólegheit. Fólk geri ekkert nema anda djúpt og teygja svo aðeins úr sér. Beggi segir svo ekki vera: „Jóga er á sama tíma bæði auðvelt og svínslega erfitt. Það er fullkomlega dínamískt fyrirbæri. Vinnan fer mestmegnis fram á innri sviðum á sama tíma og maður reynir sífellt að láta líkamann gera meira. Þetta er hetjuleg barátta.“ Það er því víst alveg jafn auðvelt að svitna í góðum gettó-jógatíma eins og í órólegum eróbiktíma. Munurinn er bara sá að þú kemur rólegur og sáttur út úr jóganu, ekki með höfuðið yfirfullt af hugsunum um allt sem er að þér.

Gettó-jógað er kl. 18 á miðvikudögum, kl. 7.30 á föstudagsmorgnum og kl. 13 á laugardögum að Hverfisgötu 105.

- jar



**ATHAFNAKONA** Leikkonan Liz Hurley setur baðfatalínu sína á markað innan skamms. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Skilningsríkur eiginmaður

Leikkonan Elizabeth Hurley notaði brúðkaupsferð sína fyrr á árinu til að vinna að ferli sínum sem fatahönnuður. Hurley, sem gift-ist Arun Nayar fyrir skemmstu, tók frá tíma á hverjum degi til að vinna að baðfatalínu sinni. „Ég vann nokkra tíma á hverjum degi. Til að mynda gekk ég frá því að vörurnar yrðu seldar þar sem við vorum í fríi. Svo gerði ég mark-aðsáætlun og hannaði heimasíð-una okkar. Arun var alveg sama ef ég tók mér ekki nema nokkra tíma á dag í þetta,“ segir Hurley.



**FÍLAR KANANN** Heather Mills vill flytja til Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Heather vill flytja vestur um haf

Heather Mills er afar spennt fyrir því að flytja til Bandaríkj-anna. Hún veit þó sem er að sá draumur verður að bíða vegna þess að Sir Paul McCartney er bú-settur í Bretlandi og þar verður Beatrice dóttir þeirra. Heather, sem er 39 ára, var nýlega kosin út úr bandarískum dansraunveru-leikaþætti. Hún hreifst af Kanan-um meðan á tökum stóð. „Banda-ríkjamenn eru ekki eins lokaðir og við Bretar.“



**ARCTIC MONKEYS** Rokksveitin breska fór beint á toppinn með sína aðra plötu.

# Apar beint á toppinn

Breska rokksveitin Arctic Monk-eys fór beint á topp breska breið-skífulistans með sína aðra plötu, Favourite Worst Nightmare. Um 85 þúsund eintök seldust af plöt-unni á fyrsta degi og er búist við því að hún verði innan skamms mest selda plata Bretlands það sem af er árinu.

Fyrsta plata Arctic Monkeys, Whatever People Say I Am, That's What I'm Not, seldist engu að síður mun betur sína fyrstu viku á lista, í 360 þúsund eintökum.

# Úthverfalist í miðbænum

Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir opnaði sína fyrstu einkasýningu í 101 gall-ery í síðustu viku. Sýningin, sem ber yfirskriftina „La Grande Coll-ine“ fjallar um úthverfi, nánar til-tekið Breiðholtið, þar sem Lóa ólst upp. Það var ekki annað að sjá á sýningargestunum sem lögðu leið sína í hjarta borgarinnar en að þeir kynnu vel að meta úthverfalistina.



**ÚTHVERFIÐ Í MIÐBÆNUM** Rebekka Silja Ragnarsdóttir og Erling Klingenberg börðu úthverfalistina augum á miðviku-daginn.



**TÓNLIST OG MYNDLIST** Tónlistarmennirnir Árni Rúnar Hlöðversson og Viðar Hákon Gíslason virtust ánægðir með sýninguna í 101 gallery. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Listakonan Lóa Hlín og hin brosmilda Lotta voru glaðlegar að sjá á opnuninni.


MPM
MASTER OF PROJECT MANAGEMENT



KYNNINGARFUNDUR



Þriðjudaginn 3. maí kl. 17:00 í Elju sal Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 3.
Umsóknarfrestur er til 22. maí.

TVEGGJA ÁRA NÁM SAMHLIÐA STARFI

Nýr og spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.

Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).



| MEÐAL NÁMSEFNIS Á 1. ÁRI | MEÐAL NÁMSEFNIS Á 2. ÁRI |
|---|---|
| • Stefnumótun | • Ferli og ferlisvæðing |
| • Áætlanagerð | • Hópurinn og hópdýnamík |
| • Leiðtoginn og sjálfið | • Stjórnandinn og skipulag |
| • Samningar og deilur | • Fjármál verkefna |
| • Upplýsingatækni | |



ÞÁTTTÖKUSKILYRÐI:

- BA/BS/B.ed. eða sambærilegt
- Minnst þriggja ára reynsla úr atvinnulífinu
- Reynsla við verkefnavinnu æskileg



www.mpm.is

VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| NEXT | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| NEXT SÝND Í LÚXUS | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| PATHFINDER | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 8 og 10.10 B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 5.50 B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 |
| TMNT | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| PATHFINDER | kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| INLAND EMPIRE | kl. 6 og 9 B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 8 og 10 B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA |
| THE SCIENCE OF SLEEP | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |
| TMNT | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NEXT | kl. 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| SHOOTER | kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 6 B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |

MIÐASALA Á midi.is

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað











HÁSKÓLABÍÓ

| | |
|---|---|
| NEXT | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |
| MÝRIN 2 FYRIR 1 | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ 2 FYRIR 1 | kl. 5.50, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919


# Bond og Pirates komust á topp tíu



**JAMES BOND** Nýjasta Bond-myndin, með Daniel Craig í aðalhlutverki, er í sjötta sæti yfir aðsóknarmestu myndir allra tíma í Bretlandi.

James Bond-myndin Casino Royale og Pirates of the Caribbean: Dead Man´s Chest eru komnar á topp tíu lista yfir kvikmyndir sem eru með mestu aðsóknartekjur í Bretlandi frá upphafi. Báðar hafa þær náð inn fimmtíu milljónum punda í tekjur; tæpum 6,5 milljörðum króna.

Casino Royale er í sjötta sæti á listanum og er orðin vinsælasta Bond-mynd allra tíma í Bretlandi. Pirates of the Caribbean er aftur á móti í áttunda sæti.

Stórmyndin Titanic er sem fyrr í efsta sæti listans með um 8,9 milljarða í aðsóknartekjur. Síðasta myndin til að komast yfir fimmtíu milljóna punda markið á undan Casino Royale og Pirates var The Lord of the Rings: Return of the King árið 2003.

The Full Monty og Titanic eru elstu myndirnar á listanum en þær komu út árið 1997.

**VINSÆLUSTU MYNDIRNAR**

1. Titanic
2. Harry Potter and the Philosopher's Stone
3. The Lord of the Rings: The Fellowship of the Ring
4. The Lord of the Rings: The Return of the King
5. The Lord of the Rings: The Two Towers
6. Casino Royale
7. Harry Potter and the Chamber of Secrets
8. Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest
9. The Full Monty
10. Star Wars Episode 1: The Phantom Menace





600 kall
27. apríl - 3. maí!

MasterCard

MasterCard korthafar fá miðann á 600 kr. dagana 27. apríl - 3. maí, í Smárabíói, Háskólabíói, Sambíóunum Kringlunni og Borgarbíói Akureyri greiði þeir með kortinu.

SMÁRABÍÓ KRINGLUNNI SAMBÍÓIN Borgarbíó

Meira á www.kreditkort.is/klubbar




**NATALIE PORTMAN** Portman hvetur fólk til að lána fátækum konum í þróunarlöndunum.

# Portman vill lána peninga

Leikkonan Natalie Portman hefur hvatt fólk til þess að lána fátækum konum í þróunarlöndunum lága upphæð til að þær geti komið undir sig fótunum. Portman, sem lék í þremur síðustu Star Wars-myndunum, hefur starfað fyrir FINCA International-samtökin sem hafa lánað konunum.

Hún segist hafa heimsótt ungar mæður sem hafa þurft að vinna við slæmar aðstæður fyrir lítið kaup því ekkert annað var í boði. „Þegar þær fá lán geta þær hafið sinn eigin rekstur frá heimilum sínum og verið með börnunum sínum í leiðinni,“ sagði Portman. „Það breytir öllu fyrir þær.“




**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | THE MESSENGERS | kl.10:10 | B.i.16 |
| BLADES... VIP | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | Leyfð |
| SHOOTER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | ROBINSON ... M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 2 - 3:30 - 4 | Leyfð |
| BREACH | kl.3:40-5:50-8:10-10:30 | B.i.12 | WILD HOGS | kl. 8 | b.i 7 |
| GOOD SHEPERD | kl.10:10 | B.i.12 | BECAUSE I SAID SO | kl. 6 | Leyfð |
| | | | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 1:30 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| NEXT | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | B.i.12 | |
| BLADES OF GLORY | kl. 4 - 6 - 8:10 - 10:20 | B.i.12 | |
| BREACH | kl. 8 | B.i.12 | |
| ROBINSON FJ... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET TH... M/- ENSKU Tali | kl. 6:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 10:20 | B.i.16 | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| SHOOTER | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | B.i.12 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 6 | Leyfð |
| BECAUSE I SAID SO | kl. 8 | Leyfð |
| THE MESSENGERS | kl. 10 | B.i.16 |
| ROBINSON FJÖLSK. | kl. 4 | Leyfð |

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Britney Spears** ætlar að láta allt flakka um fyrrverandi eiginmann sinn **Kevin Federline** í ævisögu sinni. Þar mun koma fram að hún var næstum því búin að fremja sjálfsvíg vegna hans. Þá mun Britney fara ítarlega yfir tímann sem hún var í meðferð og þegar hún rakaði af sér hárið. Útgefendur slást um bókina, sem talið er að geti gefið söngkonunni um 650 milljónir króna.



Leikkonan **Lindsay Lohan** er ánægð með að paparazzi-ljósmyndarar skuli elta hana hvert sem hún fer. Hún segist kvíða þeim degi sem þeir hætti að elta hana, því þá hafi fólk misst áhugann á henni. „Stundum finnst mér þeir að vísu pirrandi. Það er til dæmis óþolandi þegar þeir elta mig á veitingastaði og á AA-fundi. Oftast nær er ég þó ánægð því þá veit ég að fólk hefur enn áhuga á mér. Ég yrði að minnsta kosti áhyggjufull ef þeir hættu að elta mig,“ segir Lindsay.



**Courtney Love,** ekkja Kurts Cobain, ætlar að selja flestar af eigum rokkarans. „Við græðum fullt af peningi og gefum helling til góðgerðarmála,“ sagði Love, sem gefur út plötuna Nobody´s Daughter á næstunni. Hún segist enn klæðast náttbuxum Cobains þegar hún fer að sofa og segir uppboðið því afar jákvætt.



Rokksveitin Green Day ætlar að gefa út eigin útgáfu af lagi **John Lennon,** Working Class Hero, á netinu. Allur ágóðinn mun renna til þeirra sem eiga um sárt að binda í Darfur-héraði. Í laginu er röddum Lennon og Billie Joe blandað saman. Lagið verður einnig að finna á plötu Amnesty International, Instant Karma: The Campaign To Save Darfur, sem kemur út 25. maí.











FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR HK 10. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2007

> LYKILMAÐURINN

**Gunnleifur Gunnleifsson** hefur verið hjartað og sálin í HK-liðinu undanfarin ár og sýnt félaginu mikinn trúnað þrátt fyrir augljósan áhuga annarra Landsbankadeildarliða á honum. Gunnleifur hefur verið maðurinn á bak við það að liðið hefur aðeins fengið á sig 39 mörk í 36 leikjum undanfarin tvö tímabil og það verður örugglega nóg að gera hjá honum í sumar.



# Nýliðarnir númeri of litlir

Fréttablaðið byrjar í dag að telja niður að Íslandsmótinu í knattspyrnu því næstu ellefu daga munum við birta spá íþróttamanna Fréttablaðsins um lokastöðu liðanna í Landsbankadeild karla 2007. Við spáum nýliðum HK 10. sætinu og að Kópavogsliðið falli því úr deildinni í haust.

HK er komið upp í efstu deild í fyrsta sinn í sögu félagsins og þangað eru HK-ingar komnir eftir að hafa verið í 3. deild fyrir aðeins sex árum. HK-liðið er þekkt fyrir leikgleði, sterka liðsheild og mikla baráttu og fór félagið upp í Landsbankadeildina án þess að vera borið uppi af einhverjum stjörnuleikmönnum.

Gunnar Guðmundsson kom HK upp á sínu þriðja ári og á það sameiginlegt með nánast öllum leikmönnum liðsins að búa yfir lítilli reynslu úr efstu deild.

HK-ingar eru hugrakkir því þeir hafa ekki styrkt liðið mikið fyrir þetta tímabil. Þeir hafa aukið breiddina en ekki fengið til sín leikmenn sem hafa sannað sig á stóra sviðinu. HK-menn ætla áfram að treysta á liðheildina og byggja á sínum strákum líkt og áður.

Það er mikill efniviður í Fagralundi og þetta sumar verður ómetanlegt fyrir reynslubankann en það er fátt sem bendir til þess að jafn reynslulítið lið eigi möguleika á að stíga skrefið upp í hóp bestu liða landsins.

HK-liðið verður örugglega sýnd veiði en ekki gefin líkt og hefur sést í bikarkeppninni síðustu sumur en það er erfitt að sjá hvernig liðið ætli að halda sér í deildinni á ekki sterkari og reyndari mannskap. Það er samt öruggt að Gunnleifur Gunnleifsson og félagar eiga eftir að setja sinn svip á deildina.



> X-FAKTORINN

**Kolbeinn Sigþórsson** er framtíðarstjarna íslenska fótboltans og frammistaða hans með 17 ára landsliðinu hefur vakið mikla athygli á þessum efnilega framherja. Kolbeinn hefur lýst yfir áhuga á að spila með HK en það er líklegt að hann semji við erlent lið og verði ekkert með HK í sumar.

HK OKKAR EINKUNN

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞJÁLFARI | 5 | VÖRN | 4 | SÓKN | 5 | LIÐSSTYRKUR | 2 | ÁHORFENDUR | 7 |
| MARKVARSLA | 8 | MIÐJA | 4 | BREIDD | 1 | HEIMAVÖLLUR | 6 | HEFÐ/REYNSLA | 1 |

Gengi í vormótum 2007




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2006 2. sæti (B) | 2005 7. sæti (B) | 2004 3. sæti (B) | 2003 8. sæti (B) | 2002 1. sæti (C) | 2001 1. sæti (D) |



**GÓÐUR SAMNINGUR** Hermann Hreiðarsson getur spilað áfram í ensku úrvalsdeildinni þótt Charlton falli úr deildinni í vor. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hermann Hreiðarsson gæti flutt sig um set:

# Má fara frítt ef Charlton fellur

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson getur yfirgefið herbúðir Charlton án þess að félagið fái krónu fyrir hann ef liðið fellur úr ensku úrvalsdeildinni.

Áreiðanlegar heimildir Fréttablaðsins herma að Hermann hafi komið slíku ákvæði inn í þriggja ára samning þann sem hann skrifaði undir í fyrra. Sá samningur færði honum um 330 milljónir í árslaun og gerði hann að einum launahæsta varnarmanni ensku úrvalsdeildarinnar. Ekki má búast við öðru en að Hermanni reynist létt verk að finna sér lið í úrvalsdeildinni þar sem fjögur til fimm lið hafa falast eftir honum í hvert sinn sem leikmannamarkaðurinn hefur verið opinn.

Charlton er í næstneðsta sæti, tveimur stigum á eftir Wigan sem situr í síðasta örugga sætinu. - óhþ

Ívar og félagar komnir upp í sjöunda sæti í ensku deildinni:

## Owen með á ný en Reading vann

**FÓTBOLTI** Reading bar sigurorð af Newcastle, 1-0, á heimavelli í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöld. Framherjinn Dave Kitson skoraði sigurmarkið á 51. mínútu og skaut Reading upp í 7. sætið.

Ívar Ingimarsson lék allan leikinn í vörn Reading og Brynjari Birni Gunnarssyni var skipt út af á lokamínútu leiksins. Newcastle er í tólfta sæti en félagið getur þó glaðst yfir því að framherjinn Michael Owen komst áfallalaust í gegnum allan leikinn eftir að hafa verið á hliðarlínunni í tíu mánuði vegna slitins krossbands. - óhþ

Alþingiskosningar 2007
Hverju svara stjórnmálaflokkarnir þegar spurt er um íþróttir ?
Svörin eru á www.isi.is

# Stefnir í enskan úrslitaleik

**Seinni leikir undanúrslita Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu fara fram í dag og á morgun. Ensku liðin Chelsea og Man. United unnu fyrri leikina en Liverpool og AC Milan eru ekki búin að segja sitt síðasta.**



**BLÓÐUG BARÁTTA** Það verður ekkert gefið eftir á Anfield í kvöld frekar en í fyrri leik liðanna. Hér glíma Peter Crouch hjá Liverpool og Claude Makelele hjá Chelsea í þeim leik. NORDIC PHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Það er komið að úrslitastund í Meistaradeild Evrópu í fótbolta því eftir leiki vikunnar kemur í ljós hvaða tvö lið munu mætast í úrslitaleiknum á Ólympíuleikvanginum í Aþenu 23. maí næstkomandi. Fyrri leikirnir enduðu báðir með eins marks sigri heimaliðanna, Manchester United vann AC Milan 3-2 og Chelsea vann Liverpool 1-0. Nú flytjast orrusturnar yfir til Liverpool og Mílanó og heimaliðin eru full sjálfstrausts.

Leikur kvöldsins er viðureign Liverpool og Chelsea á Anfield. Liverpool þarf að minnsta kosti að skora tvö mörk ætli þeir sér í sinn annan úrslitaleik á þremur árum. José Mourinho, stjóri Chelsea, á hins vegar möguleika á að koma sínu öðru liði í úrslitaleikinn, eitthvað sem hann stefndi á frá fyrsta degi að hann steig inn fyrir dyrnar á Stamford Bridge.

„Þeir eru mjög sterkir á heimavelli og hafa söguna með sér en við eigum samt góða möguleika á að komast til Aþenu. Við vitum að ef við fáum ekki á okkur mark þá erum við komnir í úrslitaleikinn en það er ekki hægt að verja fullkomlega í 90 mínútur,“ sagði José Mourinho en Chelsea tapaði 0-2 fyrir Liverpool á Anfield í ensku úrvalsdeildinni í janúar. Hann sér lausnina. „Við náum frumkvæðinu ef við skorum mark og frábær leið til þess að koma í leik sem þennan er að hræða mótherjann. Við ætlum að spila sóknarbolta,“ sagði Mourinho á blaðamannafundi fyrir leikinn en hann verður án miðvarðanna snjalla Ricardo Carvalho, og sóknarmannsins Andriy Shevchenko en þeir eru báðir meiddir.

Benitez, stjóri Liverpool, leyfði sér að hvíla lykilmenn sína um síðustu helgi.

„Þeir eru undir mikilli pressu enda alltaf talandi um að vinna bikara. Þeir hafa örugglega sett allt á fullt til þess að vinna Meistaradeildina fyrst að enski titillinn er að renna þeim úr greipum þannig að þeir verða enn hættulegri í þessum leik. Við verðum að vera skipulagðir því ef við fáum á okkur mark þá verður þetta mjög erfitt,“ segir Benitez og bætir við:

„Við spiluðum ekki vel í fyrri leiknum og fengum á okkur mark. Þá voru bara sex eða sjö leikmenn að spila eins og þeir geta en við eigum góða möguleika ef 10 til 11 leikmenn spila sinn besta bolta. Anfield hjálpar okkur líka því stemningin hér er engu lík og okkar stuðningsmenn ætla örugglega að gera Chelsea erfitt fyrir í þessum leik,“ sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool.

Á morgun spila síðan AC Milan og Manchester United í Mílanó. AC Milan skoraði tvö mörk á Old Trafford og nægir því að vinna 1-0 sem og 2-1. „Úrslit fyrri leiksins gefa United tækifæri á að beita skyndisóknum en þar eru þeir einmitt sterkastir. Við förum inn í þennan leik fullir sjálfstrausts, Manchester er hefur örlítið forskot en það er allt í boði,“ sagði Carlo Ancelotti, þjálfari AC Milan. „Hraðinn sem okkar lið býr yfir mun örugglega skila okkur marki en það er ekkert víst að það dugi samt,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United, en Manchester hefur aðeins einu sinni mistekist að komast áfram eftir að hafa unnið fyrri leikinn og það var fyrir 49 árum síðan.

Chelsea og Manchester United eru í góðri stöðu og því miklar líkur á fyrsta enska úrslitaleiknum í sögu Meistaradeildarinnar.

ooj@frettabladid.is





**BÆTTU SIG MIKIÐ** ÍR-ingar spiluðu miklu betur eftir að Jón Arnar Ingvarsson tók við liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Iceland Express-deild karla:

## Jón Arnar þjálfar ÍR áfram

**KÖRFUBOLTI Jón Arnar Ingvarsson mun þjálfa bikarmeistara ÍR-inga áfram í Iceland Express-deild karla. Jón Arnar tók við Breiðholtsliðinu af Bárði Eyþórssyni í nóvember og gengi ÍR-liðsins gerbreyttist til hins betra með komu hans. Þar munaði einnig um að liðið endurheimti Hreggvið Magnússon úr meiðslum.**

**ÍR-ingar unnu aðeins einn af átta leikjum undir stjórn Bárðar en 14 af 22 leikjum undir stjórn Jóns. Hann gerði liðið að bikarmeisturum og auk þess sem ÍR tapaði naumlega fyrir verðandi Íslandsmeisturum KR-inga í oddaleik í 8 liða úrslitum úrslitakeppninnar. - óój**



**ÞRÍEYKI PHOENIX** Amaré Stoudemire, Shawn Marion og Steve Nash. NORDIC PHOTOS/GETTY

NBA-deildin í körfubolta:

## Met hjá Suns

**KÖRFUBOLTI** Phoenix Suns er í góðum málum í einvígi sínu gegn Los Angeles Lakers í NBA-deildinni í körfubolta eftir 113-100 sigur í fjórða leiknum en Suns-liðið vantar nú aðeins einn sigur til viðbótar til þess að komast í undanúrslit Vesturdeildarinnar.

Steve Nash og félagar skrifuðu nöfn sín í metabækurnar í þessum leik. Með 23 stoðsendingum frá Nash, 22 stigum frá Shawn Marion og 21 frákasti frá Amaré Stoudemire gerðist það í fyrsta sinn að þrír leikmenn úr sama liði fari yfir 20 í þremur mismunandi tölfræðiþáttum. - óój




**BJÓRBANN** Munu stuðningsmenn Man Utd. mæta allsgáðir á Milan-leikinn? NORDIC PHOTOS/GETTY

Meistaradeildin í fótbolta:

## Áfengi bannað

**FÓTBOLTI Forráðamenn AC Milan hafa miklar áhyggjur af seinni leik AC Milan og Manchester Unied í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu sem fer fram í Mílanó á morgun.**

**United vann fyrri leikinn 3-2 en AC Milan nægir að vinna 1-0 til að komast í úrslitaleikinn í Aþenu. Búist er við að um 5.000 harðir stuðningsmenn fylgi Manchester-liðinu til Ítalíu. Til þess að ráða betur við hópinn hafa Mílanóbúar sett bann við sölu áfengis fram að leik. Einu staðirnir sem mega selja áfengi eru veitingastaðir. - óój**

Bæði FH og Valur geta brotið blað í úrslitaleik Lengjubikars karla sem fram fer á Stjörnuvelli klukkan 16.00:

# Eini titillinn sem Valur hefur ekki unnið



**ÞRJÚ ÁR Í RÖÐ** Sigurvin Ólafsson getur unnið deildabikarinn þriðja árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH-inga fá í dag tækifæri til þess að verða fyrsta félagið sem vinnur deildabikar karla, nú Lengjubikarinn, tvö ár í röð.

FH-ingar mæta Valsmönnum í úrslitaleik á Stjörnuvellinum klukkan 16.00 en Íslandsmeistararnir hafa enn ekki tapað leik í keppninni. Þeir slógu Fram út 3-1 í átta liða úrslitunum og unnu síðan 4-1 sigur á HK í undanúrslitaleiknum. Valsmenn slógu Keflavík 3-1 út úr 8 liða úrslitunum og tryggðu sér síðan sætið í úrslitaleiknum með 1-0 sigri á Víkingum í undanúrslitunum.

Liðin mættust í riðlakeppninni og þá unnu FH-ingar 2-1. Tryggvi Guðmundsson skoraði seinna mark FH en fékk að líta tvö gul spjöld í leiknum og þar með rautt.

Það hafa aðeins þrjú félög komist í úrslitaleikinn tvö ár í röð, Valsmenn töpuðu 1997 og 1998, FH-ingar töpuðu 2001 en unnu síðan 2002 og KR-ingar léku það eftir þremur árum síðar, töpuðu í úrslitaleiknum 2004 en unnu síðan árið eftir.

Sigurvin Ólafsson hefur verið á skotskónum í Lengjubikarnum en hann hefur skorað 7 mörk í 9 leikjum og er sem stendur markahæstur í keppninni. Sigurvin getur unnið deildabikarinn þriðja árið í röð því hann var meistari með KR 2005 og svo með FH í fyrra.

Valsmenn hafa þrisvar áður komist í úrslitaleik deildabikars karla í fótbolta en í öll skiptin hafa Hlíðarendapiltar þurft að sætta sig við silfurverðlaun. Þeir töpuðu í framlengdum leik gegn ÍBV árið 1997 og svo í bráðabana í vítakeppni gegn KR árið eftir. Þriðja tap Valsmanna kom síðan gegn Grindavík í úrslitaleiknum 2000 en hann var líkt og sá gegn KR spilaður í ágúst. Grindvíkingar unnu leikinn örugglega 4-0. - óój



Nýr stjóri hjá Bolton:

# Sammy Lee í stað stóra Sam

**FÓTBOLTI** Sammy Lee er tekinn við sem knattspyrnustjóri enska úrvalsdeildarliðsins Bolton en Sam Allardyce hætti skyndilega með liðið eftir sjö og hálfs árs starf hjá Bolton.

Lee hefur verið aðstoðarmaður Allardyce síðan í júní 2005.

„Ég er mjög stoltur að fá þetta starf en ég er einnig þakklátur fyrir allt sem Sam kenndi mér. Bolton er í góðri stöðu og við ætlum að reyna að koma félaginu í Evrópukeppnina,“ sagði Lee.

Sammy Lee gerði garðinn frægan sem leikmaður og þjálfari hjá Liverpool.

- óój

Úrslitaeinvígi deildarbikars kvenna í handbolta hefst í Ásgarði í Garðabæ í kvöld:

# Getur Grótta stoppað Stjörnuhraðlestina?

**HANDBOLTI** Úrslitaeinvígi deildabikars kvenna hefst í Ásgarði í Garðabæ í kvöld þegar Íslandsmeistarar Stjörnunnar taka á móti Gróttu.

Þetta hafa verið tvö heitustu liðin á lokaspretti Íslandsmótsins. Stjarnan hefur nú unnið sjö leiki í röð, vann undanúrslitaeinvígið gegn bikarmeisturum Hauka með samtals 22 mörkum þar sem liðið skoraði 36,5 mörk að meðaltali í leikjunum tveimur.


**Á FLEYGIFERÐ** Rakel Dögg Bragadóttir og félagar hennar í Stjörnunni hafa verið í sérflokki á síðustu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjarnan getur orðið fyrsta og um leið eina Íslandsmeistaraliðið sem fylgir meistaratitlinum eftir með því að vinna deildabikarinn strax á eftir. Þetta er í síðasta skiptið sem keppnin fer fram á þessum tíma og öllum hinum þremur meistaraliðunum hefur mistekist að ná sér niður á jörðina, þar af hafa karlaliðin ekki náð að vinna leik.

Grótta er síðasta liðið sem náði stigi af Stjörnunni í 21-21 jafntefli liðanna 20. mars síðastliðinn. Liðin mættust þrisvar sinnum í vetur, Stjarnan vann tvo fyrstu leikina örugglega með sjö og sex mörkum en var síðan heppið að krækja í stig í síðasta leiknum.

Gróttuliðið fékk aðeins 20 mörk að meðaltali á sig í tveimur sigrum á Val í undanúrslitaeinvíginu og hefur unnið fimm síðustu leiki sína. Gróttustelpurnar eiga aftur á móti ekki góðar minningar úr úrslitaleikjum á síðustu árum.

Þær töpuðu 22-26 fyrir Haukum í bikarúrslitunum í vetur, hafa tapað öllum fjórum bikarúrslitaleikjum sínum með samtals 28 mörkum, og töpuðu öllum þremur leikjum sínum þegar liðið fór í úrslit Íslandsmótsins 2000. - óój




Ofurforritari í súperstarf

*Vilt þú eiga líf utan vinnu?*

Vilt þú vinna við skapandi og skemmtileg verkefni í hugbúnaðarlausnum án þess að gerð sé sú krafa að þú slítir þér út allan sólarhringinn? Jú, það er alveg hægt. Þú getur átt líf eftir vinnu.

Við leitum að forritara í vinnu við nýsköpun og brautryðjandi hugbúnaðarlausnir. Í boði er fyrirmyndar vinnustaður, góður félagsskapur, vel búið starfsumhverfi, spennandi verkefni og tillitssemi gagnvart því að forritarar geti líka átt sér líf utan vinnu.

*Hæfniskröfur*

- Java-kunnátta á heimsmælikvarða
- Brennandi áhugi á hlutbundinni forritun og aðferðafræði
- Góð reynsla og stórkostlegir hæfileikar
- Grunnþekking á SQL, PL/SQL, JavaScript, HTML og CSS kostur
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða kerfisfræði æskileg

***Nánari upplýsingar***

Nánari upplýsingar um ofangreind störf veitir Einar Solheim, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og Hugi Þórðarson, verkefnastjóri hugbúnaðarþróunar í síma 580-2000.

***Umsókn***

*Umsókn skal skila í síðasta lagi 7. maí 2007. Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:*

- *á vefsvæði Umferðarstofu á síðunni http://www.us.is/page/atvinnuumsokn*
- *með því að senda umsókn (CV/ferilskrá) á verkefnastjóra starfsmannamála, olof@us.is*

*Öllum umsóknum verður svarað innan tveggja vikna frá því að umsóknarfrestur rennur út*
***Fullum trúnaði er gætt við meðhöndlun umsókna.*** *Sjá nánar http://www.starfatorg.is*

***SÚPER VINNUSTAÐUR***

Umferðarstofa var árið 2006 útnefnd ríkisstofnun til fyrirmyndar en hjá stofnuninni starfa tæplega 60 manns. Lögð er áhersla á þjónustu, áreiðanleika og árangur. Hlutverk Umferðarstofu er að auka lífsgæði fólks með því að auka öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðað árangursmat og er því mikið lagt upp úr mælanlegum árangri.

UMFERÐARSTOFA




**GLEÐI OG SORG** Baron Davis og félagar í Golden State eru í góðum málum en tímabilið er búið hjá Pat Riley og Dwyane Wade hjá Miami Heat. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Nýir meistarar

**Miami og Dallas mætast ekki aftur í úrslitum NBA-deildarinnar í ár. Miami er komið í sumarfrí.**

**KÖRFUBOLTI** NBA-úrslitakeppnin hefur boðið upp á óvænt úrslit og stærsta fréttin er af hrakförum úrslitaliðanna frá því í fyrra.

NBA-meisturum Miami Heat og liðinu með besta árangurinn í vetur, Dallas Mavericks, var spáð góðu gengi í úrslitakeppninni í ár og margur spekingurinn sá þau fyrir sér í lokaúrslitunum annað árið í röð. Chicago Bulls og Golden State Warriors höfðu ekki unnið úrslitaeinvígi í níu ár en höfðu eitthvað út á þessar spár að setja. Chicago sló Miami út 4-0 og Golden State vantar aðeins einn sigur til þess að senda Dallas sömu leið.

Meistaralið Miami Heat varð fyrstu NBA-meistararnir í 50 ár til þess að tapa öllum leikjum sínum í úrslitakeppninni árið eftir.

„Það er ekki auðvelt þegar þú nærð ekki þínum markmiðum. Þetta er ein versta upplifun í mínu lífi,“ sagði Pat Riley, þjálfari Miami, og þetta var heldur ekki auðvelt fyrir alla „gamlingjana“ í liðinu sem sáu jafnvel síðasta möguleikann á fleiri titlum renna út í sandinn.

Sigurinn var hins vegar stór fyrir hið unga lið Chicago Bulls sem vann þarna sitt fyrsta úrslitaeinvígi síðan Michael Jordan kvaddi með sjötta meistaratitlinum á átta árum árið 1998. Scott Skiles, þjálfari Bulls, er búinn að setja saman athyglisvert lið sem fær næst að reyna sig gegn Detroit Pistons sem vann sitt einvígi 4-0 gegn Orlando Magic.

Dallas Mavericks vann 67 leiki á tímabilinu og var með besta árangur allra liða. En af aðeins 15 töpum komu 3 þeirra á móti Golden State Warriors sem eru að reynast meistaraefnunum lífshættulegir. Golden State vann báða heimaleikina sína um helgina og er komið 3-1 og Dallas verður að vinna þrjá leiki í röð, annars er liðið komið í sumarfrí.

Vinni Golden State fjórða leikinn verður það aðeins þriðja liðið í sögunni sem kemur í 8. sæti inn í úrslitakeppnina og slær út liðið í 1. sæti. Denver Nuggets (1994) og New York Knicks (1999) afrekuðu það bæði en þá þurfti bara að vinna þrjá leiki.

Baron Davis spilar frábærlega fyrir Golden State og fyrrum þjálfari Dallas, Don Nelson, veit greinilega um veikleika sinna fyrrum lærisveina því Warriors hefur nú unnið 8 af síðustu 9 leikjum sínum á móti Dallas.

ooj@frettabladid.is

Franski markvörðurinn Fabien Barthez er hættur:

# Hræddur við bullurnar í Nantes

**FÓTBOLTI** Fabien Barthez hefur ákveðið að hætta að spila með Nantes í frönsku úrvalsdeildinni þar sem hann er hræddur við reiða stuðningsmenn félagsins, sem eru ekki allt of ánægðir með að liðið er í botnsætinu.

Það hefur verið mikið um mistök hjá þessum sköllótta og smávaxna markverði í síðustu leikjum Nantes.


**ERFIÐUR TÍMI** Fabien Barthez. NORDIC PHOTOS/AFP

Eftir leikinn á laugardag sátu fótboltabullur fyrir kappanum, „Ég ætla ekki að spila aftur með Nantes. Fimm eða sex manna gengi sat fyrir mér. Ég þoli alveg að það sé púað og flautað á mig á meðan á leik stendur en þarna eru menn komnir yfir strikið,“ sagði Barthez, sem afþakkaði sérstaka öryggisgæslu svo að hann gæti klárað tímabilið. - óój


GOTT FÓLK McCANN
515 6100 I SYN.IS I VERSLUNUM VODAFONE
PLAYSTATION 3
MasterCard
Í KVÖLD KL. 18:30
LIVERPOOL
CHELSEA
MEISTARADEILDIN
UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE
U ANÚRSLIT
Í KVÖLD KL. 18:30
Liverpool - Chelsea
Á MORGUN KL. 18:30
AC Milan - Man. Utd.
Guðni Bergs og Heimir Karls fjalla
um leiki kvöldsins fyrir og eftir leik.
sýn
besta sætið

## BEN STILLER

Ben kemur úr mikilli leikarafjölskyldu. Faðir hans er grínistinn Jerry Stiller sem leikur pabbann Arthur í The King of Queens og móðir hans er leikkonan Anne Meara sem túlkar Mary Brady í Sex and the City. Enn fremur leikur systir Bens, Amy, með föður sínum í þáttunum The King of Queens. Hægt er að sjá Ben í myndinni Meet the Fockers á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR HEFUR EKKI ÞÖRF TIL AÐ BLOGGA

# Of góð dagskrá í sumar

Fæstar bloggsíður vekja áhuga minn. Það eru þó nokkrar sem ég skoða reglulega og hef gaman af. Bloggið hefur að einhverju leyti tekið við af dagbókarskrifum en er samt svo allt öðruvísi. Dagbókin mín í gamla daga var harðlæst og falin undir koddanum svo enginn gæti lesið um öll leyndarmálin. Blogginu er hins vegar skellt á netið svo allir geti lesið. Ég skil heldur ekkert í MySpace-æðinu. Skil hvorki tilganginn, muninn á því og blogginu né skemmtanagildið. Segir kannski meira um mig en MySpace.

Sjónvarpsstöðvarnar bjóða upp á of góða dagskrá nú þegar sumarið er komið. Það er erfitt að slíta sig frá þáttum eins og Grey's Anatomy og Strictly Confidential sem Stöð 2 hefur hafið sýningar á. Þótt dregið sé fyrir alla glugga í sjónvarpsholinu í von um að gleyma góða veðrinu losna ég ekki við samviskubitið þegar ég kem mér vel fyrir í sófanum og skammast mín að vera ekki úti að njóta sólarinnar loksins þegar hún lætur sjá sig. Þátturinn Most Haunted heldur mér samt ekki inni. Hrikalega leiðinlegt og hallærislegt sjónvarpsefni. Endursýningar Skjás eins af Melrose Place og Beverly Hills 90210 vekja upp skemmtilegar minningar. Ég vona að fleiri þættir verði endurvaktir og mæli með þættinum Who's the Boss sem ég held að margir muni eftir.



**TÍMAÞJÓFUR** Þættir eins og Grey`s Anatomy og Strictly Confidential hafa betur en góða veðrið.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.30** **Njósnadeildin** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30** **Las Vegas** STÖÐ 2



▶ **18.00** **Meet the Fockers** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.50** **Gene Simmons** SIRKUS



▶ **22.00** **Close to Home** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunsjónvarp barnanna 08.01** Gurra grís **08.06** Bú **08.16** Brandur Lögga **08.27** Brummi **08.37** Fæturnir á Fanney **08.50** Elli Eldfluga - Strætisvagnar **08.56** Kanta og hjörturinn **09.22** Franklín fer í skólann

**10.07 Hlé**

**14.20 Kastljós e.**

**15.00 Alþingiskosningar 2007 -** Kjördæmin (4:6) e.

**16.05 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007 (3:4) e.**

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Franklín (72:78)**

**18.25 Ofurþjarkinn og apahersveitin**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós – Borgarafundur** Í þættinum í kvöld verður borgarafundur um heilbrigðis- og skattamál vegna þingkosninganna 12. maí. Þátturinn verður endursýndur í lok dagskrár og kl. 16.00 á miðvikudag.

**20.40 Deildabikar í handbolta** Bein útsending frá síðari hálfleik fyrsta leiks í úrslitum kvenna. Leikurinn verður sýndur í heild kl. 14.00 á miðvikudag.

**21.20 Everwood (11:22)**

**22.05 Talið í Söngvakeppni (2:3)**

▶**22.30 Njósnadeildin (2:10)** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.25 Frances Tuesday (2:2)** Bresk spennumynd í tveimur hlutum frá 2004. e.

**00.35 Kastljós – Borgarafundur**

**01.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Haunted Mansion**

**08.00 Blue Sky** (e)

**10.00 Meet the Fockers**

**12.00 Bewitched**

**14.00 The Haunted Mansion**

**16.00 Blue Sky** (e)

▶**18.00 Meet the Fockers**

**20.00 Bewitched** Rómantísk gamanmynd um nornina Isabel sem er komin með leið á því að fá allt upp í hendurnar. Aðalhlutverk: Shirley Maclaine, Nicole Kidman, Will Ferrell. Leyfð öllum aldurshópum.

**00.00 Blind Horizon**

**02.00 Buffalo Soldiers**

## STÖÐ 2

**07.00 Barney**

**08.10 Grallararnir**

**08.30 Tasmanía**

**08.55 Shin Chan**

**09.20 Horance og Tína**

**09.45 Nornafélagið**

**10.10 Home Alone**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Hættur hafsins** Ný heimildarmynd um íslenska sjómenn og störf þeirra við mjög erfið skilyrði.

**13.40 Oprah** (John Travolta, Tim Allen, Martin Lawrence And William H. Ma)

**14.25 Homefront**

**15.10 Whose Line Is it Anyway? 4**

**15.45 Most Haunted** (12:20)

**16.30 Las Vegas** (14:23)

**17.20 Fresh Prince of Bel Air 4**

**17.45 Veggfóður** (15:20)

**18.30 Fréttir**

**19.10 Simpsons** (1:21)

**19.35 The Simpsons** (11:22)

**20.00 The Apprentice** (11:16) Aðeins 8 keppendur eru eftir og nú þurfa liðin að sjá um opnun tveggja hárgreiðslustofa. Vinningsliðið fær að vinna með stórstjörnunni Burt Bacharach.

**20.45 Shark** (17:22)

▶**21.30 Las Vegas NÝTT** (3:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas. James Caan er hér í hlutverki Big Ed Deline, yfirmanns öryggismála í stóru spilavíti þar sem allt getur gerst. Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Big Ed áfram að sjá til þess að allt fari vel fram í spilavítinu en það er ekki auðvelt í Las Vegas. Það getur verið erfitt að fá viðskiptavini spilavítisins til að borga reikninginn þegar allt er komið í óefni en nú þarf Sam að taka til sinna ráða.

**22.15 The Unit** (4:23)

**23.00 Twenty Four** (15:24)

**23.45 Cold Case** (15:24)

**00.30 Dreamcatcher** Hrollvekjandi spennumynd. Aðalhlutverk. Morgan Freeman, Thomas Jane. Stranglega bönnuð börnum.

**02.40 The Pentagon Papers**

**04.10 Poolhall Junkies**

**05.45 Fréttir**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood.

**18.30 Fréttir**

**19.00 Girls Next Door** (1:15) (e) Í þessari einstöku þáttaröð fá áhorfendur að kíkja inn fyrir hlið hallarinnar og inn í heim Hugh Hefner, sem er engu líkur, og að sjálfsögðu færðu að fara í partí með honum. Bönnuð börnum.

**19.25 Girls Next Door** (3:15) (e)

**19.50 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.

**20.20 Da Ali G Show**

▶**20.50 Gene Simmons. Family Jewels** (Loose Change)

**21.15 The Nine** Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur. Líf þeirra er breytt að eilífu. Á milli þessara níu manna hafa nú myndast sterk bönd sem enginn nema þau sem haldið var í bankanum skilja.

**22.00 American Idol** (32:41) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol en nú eru aðeins þeir bestu eftir. Dómarar eru ekki lengur með völdin og því þurfa keppendur að leggja enn harðar að sér til að vinna hylli almennings. Keppnin harðnar en nú eru aðeins sex keppendur eftir.

**22.45 American Idol** (33:41)

**00.10 Dirty Dancing**

**01.05 Girls Next Door** (1:15) (e)

**01.30 Girls Next Door** (3:15) (e)

**01.55 Entertainment Tonight** (e)

**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla** Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Melrose Place** (e)

**13.45 Vörutorg**

**14.45 Skólahreysti - Úrslit** (e)

**16.45 Beverly Hills 90210**

**17.30 Melrose Place**

**18.15 Rachael Ray**

**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)

**19.30 Snocross**

**20.00 Queer Eye for the Straight Guy** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra. Jeff er nýkominn út úr skápnum og hinir fimm fræknu hjálpa honum að aðlagast nýjum lífsstíl.

**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.

▶**22.00 Close to Home** (19:22) Lögfræðidrama af bestu gerð. Annabeth Chase er ungur saksóknari sem vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi. Maður er sakaður um morð á pabba sínum en málið flækist þegar eina vitnið, mamma hans, dregur framburð sinn til baka.

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 Jay Leno**

**00.05 Heroes** (e)

**01.05 Jericho** (e)

**01.55 Beverly Hills 90210** (e)

**02.40 Melrose Place** (e)

**03.25 Vörutorg**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Að leikslokum** (e)

**08.00 Þrumuskot** (e)

**14.00 Reading - Newcastle** (frá 30.apríl)

**16.00 Inter - Empoli** (frá 29. apríl)

**18.00 Þrumuskot** (e)

**19.00 Chelsea - Bolton** (frá 28. apríl)

**21.00 Arsenal - Fulham** (frá 29. apríl)

**23.00 Að leikslokum** (e)

**00.00 Ítölsku mörkin** (e)

**01.00 Dagskrárlok**




ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.45
### Shark



Í spennuþættinum Shark fer James Woods á kostum sem harðsvíraði stjörnulögfræðingurinn Sebastian Stark. Stark er fyrrum verjandi sem var þekktur fyrir að bjarga fræga fólkinu úr vandræðum en nú hefur hann söðlað um og gerst opinber saksóknari. Í þætti kvöldsins rannsakar Stark mál þar sem tveir svartir unglingspiltar voru skotnir til bana af lögreglu. Annar piltanna var heiðursnemi en hinn eiturlyfjasali. Var þetta réttlætanleg skotárás eða afleiðing kynþáttafordóma lögreglunnar?

### ▶ Við mælum með Bewitched Stöð 2 kl. 20.00

Rómantísk gamanmynd um nornina Isabel sem er komin með leið á því að fá allt upp í hendurnar. Hún vill hefja nýtt líf en það er ekki auðvelt að gefa hæfileikann upp á bátinn, sérstaklega þar sem hún hefur aldrei svo mikið sem vaskað upp sjálf. Líf hennar flækist svo enn meira þegar hún verður ástfangin af hrokafullum leikara sem sér ekkert nema sjálfan sig. Aðalhlutverk leika Nicole Kidman og Will Ferrell.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**08.05** Bæn
**08.10** Tónlist í tilefni dagsins
**09.03** Laufskálinn
**10.13** Heima er best
**11.00** Álfar, tröll og aðrar vættir
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Hermdu mér Þjóðunn Þjóðansdóttir
**14.10** Frá útihátíðarhöldum 1. maí nefndar verkalýðsfélaganna í Reykjavík
**15.00** Orð skulu standa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.07** Þá fannst mér alltaf vera sigur í vændum
**17.05** Tónlist fyrir brúðkaup og jarðarfarir
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.22** Sá stóri
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Tónlist Sólkonungsins
**21.00** Í heyranda hljóði
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Bókmenntir eftirstríðsáranna
**23.10** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**15.40 UEFA Champions League** (Liverpool - Chelsea) Útsending frá síðari leik Liverpool og Chelsea í undanúrslitum Meistaradeildarinnar árið 2005.
**17.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**18.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu** (Liverpool - Chelsea)
**20.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**21.30 PGA Tour 2007 - Highlights** (EDS Byron Nelson Championship) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.
**22.25 World Supercross GP 2006-2007 (Ford Field)**
**23.20 Coca Cola mörkin**
**23.50 Meistaradeild Evrópu** (Liverpool - Chelsea)
**01.30 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**06:00** Postmand Per **06:15** Noddy **06:30** Rabatten **07:00** Grønne haver **07:30** Deadline 2. Sektion **08:00** Jersild & Spin **08:30** Den nordiske mand **09:00** Den 11. time **09:30** Søren Ryge - Mads og Tove i Tim **10:00** TV Avisen **10:10** Horisont **10:35** Ud i naturen **11:00** Ud i det blå **11:25** Aftenshowet **12:20** I lære som stjerne **12:50** Nyheder på tegnsprog **13:00** TV Avisen med vejret **13:10** Dawson´s Creek **14:00** Flemmings **Helte 14:15** SPAM **14:30** Shin Chan **14:35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15:00** 21 dage i Amazon-junglen **15:30** Lille Nørd **16:00** Aftenshowet **16:30** TV Avisen med Sport **16:55** Aftenshowet med Vejret **17:30** Hvad er det værd **18:00** Hokus Krokus **18:30** Dig og mig **19:00** TV Avisen **19:25** Kontant **19:50** SportNyt **20:00** Fantastiske mrs. Pritchard **20:50** Hercule Poirot

### NRK 1

**13:15** Hercule Poirot **14:05** Hercule Poirot **15:00** Deadline 17:00 **15:30** Hun så et mord **16:20** Mission integration **16:50** The Daily Show **17:10** Århundredets krig **18:00** Viden om **18:30** De store taler **18:33** Taler og tårer **18:45** De udødelige taler **19:15** Ghostwriter **19:30** Folkeforførerne **19:50** Den usikre taler **20:10** Nr. 1 **20:30** Deadline **21:00** Den 11. time **21:30** The Daily Show **21:50** Oraklerne **22:20** Deadline 2. Sektion

### SVT 1

**08:00** Den lille isbjörnen **10:15** Planet Earth **11:05** John Howe: Sagans bilder **12:00** Magnetisörens femte vinter **14:00** Valborg 2007 **15:00** Leila, née en France **15:30** Krokomax **16:00** Myror i brallan **16:30** Sagoberättaren **17:00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **17:05** Grand Prix **17:30** Rapport **18:00** Uppdrag Granskning **19:00** Arbetarklassens sista hjältar **20:30** Argument **21:00** Rapport **21:10** Kobra **21:40** Stina! **22:40** Sändningar från SVT24




Debenhams í Smáralind er nýr samstarfsaðili Vildarkorts Icelandair og Visa. Frá og með 1. maí fá handhafar Vildarkorts Icelandair og Visa, Vildarpunkta, í hvert skipti sem kortið er notað, þegar greitt er hjá Debenhams.

TVÖFALDIR PUNKTAR Í MAÍ
Við bjóðum Debenhams velkomið í hóp samstarfsfyrirtækja okkar í verslun og þjónustu og vekjum sérstaka athygli á að í maí fá viðskiptavinir tvöfalda Vildarpunkta hjá Debenhams.

DEBENHAMS VISA Safnaðu Vildarpunktum

WWW.ICELANDAIR.IS

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það eru margir staðir. Til dæmis Kringlukráin, hún er með fínan matseðil.“*

Rúnar Júlíusson tónlistarmaður.

# Íslenskir auðmenn klifra upp listann

Þrír Íslendingar eru á þúsund manna lista yfir ríkasta fólk Bretlands sem breska blaðið Sunday Times birtir. Björgólfur Thor Björgólfsson hækkar um níu sæti á listanum, fer úr því 32. yfir í það 23. Eignir auðkýfingsins eru metnar á yfir tvo milljarða punda, eða 256 milljarða íslenskra króna.



**BJÖRGÓLFUR** Er í 23. sæti listans yfir þúsund ríkustu íbúa Bretlands.

Þeir Ágúst og Lýður Guðmundssynir í Bakkavör taka stórt stökk upp á við, fara úr 102. sæti upp í 53. sæti en bræðurnir eru metnir á rúman milljarð punda, eða 150 milljarða íslenskra króna.

Það gefur kannski ágætis mynd af góðu gengi íslenskra fjárfesta á Bretlandi að knattspyrnukappar á borð við Michael Owen og Wayne Rooney komast ekki með tærnar þar sem Íslendingarnir þrír hafa hælana, Owen er metinn á rúma fjóra milljarða íslenskra króna og Rooney og kona hans, Coleen, eru ekki metin „nema“ á rúma þrjá.

Íslendingarnir skjóta nokkrum þekktum breskum nöfnum úr afþreyingariðnaðinum ref fyrir rass. Skilnaður sir Pauls McCartney virðist fara illa í budduna því hann hrapar niður listann, fer úr 65. sæti í 102. sætið en eignir hans eru metnar á 99 milljarða íslenskra króna og leikarar á borð við Sean Connery og sir Anthony Hopkins rétt skríða inn á þennan þúsund manna lista. Skapari Harrys Potter, rithöfundurinn J.K Rowling, vermir síðan 136. sæti listans.



**SIR PAUL** Skilnaðurinn fer illa í bítilinn fyrrverandi en hann fer úr 65.sæti í það 102.

Það er indverski stálkonungurinn Laksmi Mittal sem heldur efsta sætinu eins og undanfarin ár en fast á hæla hans kemur hinn rússneski eigandi Chelsea, Roman Abramovitsj.



**BAKKAVARAR-BRÆÐUR** Taka stórt stökk upp á við og er nú í 53. sæti listans.



**LÁRÉTT**
2. sæti, 6. klafi, 8. hversu, 9. skordýr, 11. hvort, 12. raki, 14. hanki, 16. tveir eins, 17. niður, 18. tímabils, 20. tveir eins, 21. umrót.

**LÓÐRÉTT**
1. hróss, 3. skammstöfun, 4. beygja, 5. gras, 7. gera óvandlega, 10. hætta, 13. loft, 15. sjá eftir, 16. lítill sopi, 19. vörumerki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. ok, 8. hve, 9. flóð, 11. ef, 12. saggi, 14. snagi, 16. tt, 17. suð, 18. árs, 20. rr, 21. rask.
**LÓÐRÉTT:** 1. lofs, 3. eh, 4. sveigur, 5. sef, 7. klastra, 10. ógn, 13. gas, 15. iðra, 16. tár, 19. ss.

## LEIÐRÉTTING

Í frétt sem birtist á þessum stað í blaðinu í gær var Björn Blöndal sagður eiga í sambandi við Díönu Dúu Árnadóttur og mynd birt af þeim. Hið rétta er að hann er kærasti Díönu Árnadóttur og er það ekki sama stúlkan og Díana Dúa. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Hvað er að frétta?
Fréttastofa beintengd við tölvuna þína_
www.visir.is
vísir

### EINAR ÁGÚSTSSON: VERÐA EKKI BSH VIÐ AÐ SKÍRA SIG AÐALSTÖÐIN BSH

# Aukin harka færist í slag leigubílstjóra í Hafnarfirði

„Þetta er skæruhernaður. Þeir loka okkur úti bara til að pirra okkur,“ segir Ingólfur Möller Jónsson leigubílstjóri.

Mikill leigubílaslagur er nú yfirstandandi í Hafnarfirði. Nýir eigendur hafa komið að rekstri BSH – Bifreiðastöð Hafnarfjarðar en meirihluti þeirra leigubílstjóra sem þar hafa starfað hyggjast ganga til liðs við nýja leigubílastöð sem nú er verið að stofna og á að heita Aðalstöðin BSH. Ingólfur heldur því fram að hinir nýju aðstandendur hafi, til að bregða fyrir þá fæti sem vilja fara, lokað aðstöðu sem leigubílstjórar hjá BSH hafa haft lengi í verslunarmiðstöðinni Firði – salernis- og kaffiaðstöðu.

„Þetta er rakalaust kjaftæði,“ segir Einar Ágústsson, forstjóri BSH. Segir þetta algerlega ótengt því viðskiptastríði sem nú er í uppsiglingu í tengslum við leigubílaakstur í Hafnarfirði og nágrenni.

„Nýverið var alvarleg árás á leigubílstjóra BSH og hér var þjófnaður í vikunni. Við erum að setja upp öryggismyndavélar og fara yfir öll öryggismál. Þess vegna er lokað.“

Forsaga málsins er sú að fyrir um ári sameinuðust leigubílastöðvar í Hafnarfirði og Aðalbílar á Suðurnesjum. Hinn 1. mars komu nýir eigendur að málum með Einar Ágústsson í fararbroddi. Samskiptin hafa verið með þeim hætti að sögn Ingólfs að meirihluti bílstjóra hyggst ganga til liðs við nýja leigubílastöð sem ber heitið Aðalstöðin BSH.



**INGÓLFUR MÖLLER LEIGUBÍLSTJÓRI** Segir lið í komandi viðskiptastríði að meina þeim sem vilja fara aðgengi að kaffiaðstöðu í Firði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**EINAR ÁGÚSTSSON** Stórfurðulegt að nú stefni í viðskiptastríð þar sem tap hefur verið á rekstri BSH lengi vel.

„Leigubílstjórar hafa ekkert haft um þessi eigendaskipti að segja né koma að málum. Þeir vilja ekki starfa fyrir viðkomandi. Þar eru aðrar áherslur. Níutíu prósent ætla að ganga til liðs við Aðalstöðina BSH en þar er símanúmerið 520 1212,“ segir Ingólfur en hann er formaður Fylkis, félags sem bílstjórar hinnar nýju stöðvar hafa stofnað.

Einar segir það allt annað mál en telur skrýtið að menn skuli vilja ganga til liðs við fyrirtæki sem heitir einnig BSH. Hann segir að það mál sé uppi á borðum hjá samkeppnisyfirvöldum og fjölmörgum stofnunum öðrum sem eru að skoða það mál.

„Það er ólíklegt að fyrirtæki geti nefnt sig BSH eins og þeir ætla að gera. Við munum verða með næga bíla til að sinna þessu svæði. Við erum alvöru fyrirtækið,“ segir Einar og telur skrýtið að nú stefni í viðskiptastríð á leigubílamarkaði í ljósi þess að stórfelldur taprekstur hefur verið á BSH að undanförnu.

„Meira en skrýtið, það er stórfurðulegt. Rekstrargrundvöllur er enginn og allir samningar, til dæmis Hafnarfjarðarbæjar og álversins, eru við BSH. Þótt þeir kalli fyrirtækið sitt Aðalstöðin BSH verða þeir ekki BSH við það. Þetta er erfiður og lokaður markaður. Ég vona bara að neytendur njóti góðs af – það skyldi þó aldrei vera.“

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hún er engu síðri baráttan um áhorfendur hjá sjónvarpsstöðvunum tveimur heldur en hjá stjórnmálamönnunum um kjósendur. Þannig skrifar **Steingrímur Sævarr Ólafsson**, ritstjóri Íslands í dag, að RÚV hafi jafnvel í hyggju að láta seinka fyrstu tölum vegna Eurovision-keppninnar sem fer fram fer sama kvöld. **Páll Magnússon** hefur hins vegar staðfastlega neitað þessu og sagði við Fréttablaðið ekki alls fyrir löngu að útsending kosningasjónvarpsins myndi hefjast klukkan tíu þegar fyrstu tölur kæmu. Nema ef **Eiríki Haukssyni** tækist að vinna.



**Garðari Thor Cortes** hefur hins vegar tekist að vinna hug og hjörtu breskra unnenda klassískrar tónlistar því geisladiskur hans trónir enn á toppnum yfir mest seldu plöturnar í sígildri tónlist. Meira að segja nýjum diski Pavarotti tekst ekki að skáka íslenska tenórnum þannig að **Einar Bárðarson** og Garðar geta glaðst yfir þessum mikla sigri sem er vissulega á borði en ekki í orði eins og svo mörg, önnur „meik“ Íslendinga í útlöndum.



Við Garðar birtist síðan stórt viðtal í hinu virta fréttatímariti Newsweek og hefur blaðamaðurinn á orði að Garðar hafi kynþokka sem jafnist fyllilega á við þann sem **Brad Pitt** er sagður bera. Hann líkir rödd íslenska tenórsins við sjálfan **Pavarotti** og þá kemur fram að eftirlætistónlistarmenn Garðars séu **Prince** og eilífðarrokkararnir í Bon Jovi. Jafnframt kemur fram að Garðar hafi sótt um hlutverk hjá pólsku óperunni í síðasta mánuði sem þykir benda til þess að tenórinn hyggist halda mikilli tryggð við óperuna sem tónlistarform.



- fgg

# Númerin klippt af bíl Ágústu Evu

Þeir áhorfendur Skjás eins sem ætluðu að horfa á upptöku af útgáfutónleikum Silvíu Nætur á Nasa síðastliðið föstudagskvöld urðu að bíða fyrir framan sjónvarpið í fimmtán mínútur.

Þessi seinkun átti sér þó eðlilega skýringu því laganna verðir þurftu að hafa afskipti af Ágústu Evu Erlendsdóttur sem alla jafna bregður sér í líki dívunnar frægu. „Ég var á leiðinni upp á Skjá einn með upptökuna fimm mínútum fyrir útsendingu en var þá stöðvuð af lögreglunni,“ segir Ágústa en hún ók á óskoðuðum bíl Silvíu Nætur-hópsins sem leikkonan lýsir sem ryðdalli. „Þrátt fyrir ýmsar málamiðlunartilraunir hjá mér hlustuðu þeir ekkert á það heldur gerðu bara sitt og klipptu númerin af,“ segir Ágústa sem var þó öll hin rólegasta meðan á þessu stóð þrátt fyrir að vera orðin alltof sein í útsendingu. „Þeir keyrðu mig síðan upp á Skjá einn þar sem ég kom spólunni til skila,“ útskýrir Ágústa sem hafði þó bara gott eitt að segja af viðskiptum sínum við lögregluna og fannst henni lögregluþjónarnir vera bæði vinalegir og kurteisir.

Plata Silvíu Nætur, Goldmine, hefur verið að skríða upp vinsældalistann að undanförnu og náði í síðustu viku toppsætinu á íslenska listanum. Ágústa Eva er að vonum ánægð með það. „Já, þetta hækkar og hækkar og fólk virðist alveg vera að kaupa þetta,“ sagði söngkonan. - fgg



**ÁGÚSTA EVA** Var stöðvuð af lögreglunni fyrir að aka á óskoðuðum bíl þegar hún var á leið upp á Skjá einn með upptöku af tónleikum Silvíu Nætur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

## TJALDMARKAÐUR

Opnar í dag, 1. maí!
1 maí

**Rýmum fyrir nýjum vörum**

Aðeins þrjú verð!

99,-

499,-

999,-

Barnafatnaður, dömufatnaður og herrafatnaður í ótrúlegu úrvali.

Buxur í öllum stærðum og gerðum og bolir. Mikið úrval af stígvélum, skóm, nærfatnaði og sokkum!

Kjörís
réttur fyrir þig
öll börnin fá ís!

FAXAFENI 10

S. 534 4450

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




**BAKÞANKAR**

**KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR**

## *Í rjómatertukjól undir pálmatré*

Fáar ef nokkrar afhafnir ástfanginna para eru jafn hallærislegar og giftingar. Það var ekki hægt að sannfærast um annað en sannindi þessarar fullyrðingar hér um árið, þegar brúðkaupstryllingur skók landann og enginn gat gengið í hjónaband með sæmd nema því væri sjónvarpað á frístöð.

**ÞEGAR** góðvinkona mín sendi mér kort sem ein virtasta auglýsingastofa landsins hafði verið fengin til að hanna og bauð mér að koma í brúðkaup sitt setti mig hljóða. Ég hugsaði með mér hvernig gat staðið á því að þessi fallega og greinda stúlka gat látið plata sig út í svona vitleysu. Niðurstaðan sem ég ákvað að reyna komast niður á var að ég væri hégómleg manneskja. Broddborgaraleg hugsun mín bæri vott um sýndarmennsku meðaljónsins og þyrfti að kæfa niður, með hörku.

**Í** brúðkaupið mætti ég því með eins galopnum huga og mér var framast unnt. Ég fékk strax ónotatilfinngu þegar brúðarvalsinn hófst og vinkonan gekk inn í stingandi hvítum kjól úr gerviefnum líkastan rjómatertu. Lögin sem sungin voru á ensku af einum þekktasta söngvara þjóðarinnar smugu í gegnum merg og bein. Kjánahrollurinn gagntók mig þegar æstur lýður henti hrísgrjónum yfir nýgifta parið sem hljóp inn í hvíta limósínu í íslensku slabbi, með pálmatré í huganum.

**ÞESSI** ágæta vinkona mín er nú skilin. Minningin held ég að henni þyki verri en mér. Við höfum samt ekki rætt um þetta upphátt enn. Fyrirlitningin á athöfninni hefur vaxið eins og mygla í huga mér.

**HJÓNABANDIÐ** hefur nú aftur komist í hámæli. Ástæðan er ekki sjónvarpsþáttur heldur að nokkrum prestum þykir rangt að hommar og lesbíur eigist frammi fyrir guði. Í sjálfu sér hef ég ótrúlega takmarkaðan skilning á því hvers vegna einhver vill játa ást sína í kirkju en furða mig nú samt að það sé valið að fara bókstaflega eftir þessu atriði fremur en einhverju öðru sem nefnt er í Biblíunni.

**MÉR** er svo sem alveg sama þótt fólk troði inn upplifunum sínum úr amerískum bíómyndum inn í kirkjuna eða hjónabönd sín. Mér þætti samt betra ef það sleppti því og eðlilegra að kirkjunnarmenn reyni að losa athöfnina við slíka gervimennsku. Fátt er fallegra en tvær manneskjur sem raunverulega vilja eyða ævinni saman og deila þeirri sameiginlegu ábyrgð sem hversdagleikinn býður. Það þyrfti að skerpa á því atriði í tengslum við hjónabandið.

**LIFI** hversdagsleikinn með öllu því yndislega sem rómantískar bíómyndir segja ekki frá.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



www.volkswagen.is




**Nú bjóðum við á frábæru verði takmarkað magn af Golf Trendline með sjálfskiptingu og ríkulegum sportpakka.**

Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa.

**Sportpakki innifalinn í verði:**

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is